

I

A

Nr. III-VI Lagt fram í Sakadómi
Reykjavíkur 21/3 1977

G. Br.

KRISTJÁN VIÐAR VIÐARSSON
SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI
TRYGGVI RÚNAR LEIFSSON
ALBERT KLAHN SKAFTASON

Málsskjöl vegna hvarfs

Guðmundar Einarssonar

I. kafli ákæru

A **Nr. III-VI Lagt fram í Sakadómi**
Reykjavíkur 21/3 1977

G. Br.

KRISTJÁN VIÐAR VIÐARSSON
SÆVAR MARINÓ CIESIELSKI
TRYGGVI RÚNAR LEIFSSON
ALBERT KLAHN SKAFTASON

**Málsskjöl vegna hvarfs
Guðmundar Einarssonar**

I. kafti ákæru

A Nr. 711 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 21/3'77

87Fr.

1

Sl. 17.03 kemur fyrir dómum um viðni frá
baldamítin, bómóðin, fverksmálinu, náþarviki, færð
sl. 17.03 1956 í Reykjavík.

Umstöð er þess órætt um samkvæmt fyrirslu ðó.
Síðlaði fyrirslu tali þess hó skorast undan því að fóru
álli í miðaðessu.

Vitnið kveðst meðanhlíð til þess að bera vitni
í miðum.

Áður gánum vitnið frá dímarinni að órætt vitnið sé
frá óGuð og heitist meðan óanrymisti fríareinsfórum þess.
Fólknum iðslegum undirhöndungi fari vitnið síðan
eis að framleiði sínum.

Vitnið svýr að fyrirslu tók miðstökkum yfirlit
inn og er framþurður E N D U R R I T enni við skýrslu
þess áður, ur.

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Vitnið kveður fyrir erinn að hafi búið sálförslu
Ar 1975, laugardaginn 20. desember var dómping
sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7, af Erni
Höskuldssyni.

Eggars N. Bjarnason,

Fyrir var tekið:

Eggars N. Eggertsson,

Rannsókn vegna hvarfs

Ar 1975, þriðjudaginn

Guðmundar Einarssonar.

Dómarinn leggur fram nr. 1, rannsóknarlöggreglu-
skýrslu sem fylgir.

Kl. 17.03 kemur fyrir dóminn sem vitni Erla Bolladóttir, húsmóðir, Þverbrekku 4, Kópavogi, fædd 19. júlí 1955 í Reykjavík.

Vitninu er bent á rétt sinn samkvæmt 2. tl. 89. gr. 1. 74/1974 til þess að skorast undan því að bera vitni í máli þessu.

Vitnið kveðst reiðubúið til þess að bera vitni í málinu.

Að gefnu tilefni frá dómaranum lýsir vitnið sig trúá á Guð og heitfesting samrýmist trúarskoðunum þess.

Að loknum löglegum undirbúnungi vann vitnið síðan eið að framburði sínum.

Vitnið skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður vitnisins í samræmi við skýrslu þess á dskj. nr. 1.

Vitninu er nú kynntur framburður þess á dskj.

nr. 1.

Vitnið kveður rétt eftir sér haft og staðfestir undirskrift sina.

Upplesið játað rétt bókað.

Vottar: Vitnið vék frá kl. 17.29.

Eggert N. Bjarnason. Dómpingi slitið.

Sigurbj. V. Eggertsson. Örn Höskuldsson.

Ár 1975 þriðjudaginn 23. desember var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:
 Framangreint mál.
 Í dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknar-
 lögregluskyrsla.

Kl. 19.15 kemur fyrir dóminn kærði Kristján Viðar
Viðarsson, refsifangi, til heimilis að Grettisgötu 82
 hér í borg, fæddur 21. apríl 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði kveðst neita að hafa nokkra vitneskju um
hvarf Guðmundar Einarssonar.

Kveðst kærði halda að hann hafi verið í vinnu í
 Vestmannaeyjum er Guðmundur hvarf, annað hvort hjá
 Isféluginu eða Herjólfvi.

Skýrsla kærða hjá rannsóknarlögreglu í dag er lesin
 fyrir hann.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni.

Kærði kveðst hafa neitað að skrifa undir skýrsluna
 nema lögfræðingur hans fengi að vera viðstaddur.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ö u r :

Ar 1975 þriðjudaginn 23. desember var á dómþingi
 sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðu-
 múla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Pann 26. janúar 1974 fór Guðmundur Einarsson, Hraun-
 prýði í Blesugróf að heiman frá sér og ætlaði í Alþýðuhúsið

í Hafnarfirði á ball. Til Guðmundar hefur ekkert spurzt síðan svo vitað sé með vissu. Leitað var þegar veður leyfði, í fjörum kringum Hafnarfjörð og á leiðinni á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar en án árangurs.

Rannsóknarlöggreglunni hafa borist upplýsingar um það að Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson, kynnu að vera valdir að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Hefur rannsóknarlöggreglan haft tal af vitni, sem kveðst hina umræddu nött hafa komið að þeim félögum heima hjá Sævari Ciesielski þar sem þeir voru að pakka mannslikama inn í lak, sem þeir síðan báru út úr húsinu. Þá hefur rannsóknarlöggreglan haft tal af manni sem kvaðst hafa ekið þeim félögum frá heimili Sævars Ciesielski með einhvern farangur sem þeir höfðu sett í farangsgeymslu bifreiðarinnar. Umræddur maður Albert Klahn Skaftason, kvaðst hafa ekið þeim suður fyrir Hafnarfjörð þar sem þeir tóku farangurinn úr farangsgeymslunni og hurfu með út í hraunið. Á heimleidinni kveðst Albert hafa spurt Sævar, hvað þeir hefðu verið með í pokanum eða lakinu og hafi Sævar sagt honum að það væri lík. Albert hefur skyrt svo frá, að með í förinni hafi verið Tryggvi Rúnar Leifsson og Kristján Viðar Viðarsson auk hans sjálfss og Sævars Ciesielski.

Kristján Viðar Viðarsson hefur í dag hjá rannsóknarlöggreglu og fyrir dómi, neitað að vera viðriðinn við hvarf Guðmundar Einarssonar.

Kristján Viðar Viðarsson, er grunaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu.

Skilyrðum 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt. Nauðsyn ber til með vísan til 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að úrskurða kærða Kristján Viðar Viðarsson í gæzluvarðhald á meðan rannsókn máls þessa fer fram. Þar sem hér er um svo alvarlegt sakarefni sem Kristján er grunaður um, þykir rétt að hann gangi undir rannsókn á geðheilbrigði sínu á gæzluvarðhaldstímanum, sbr. d-lið 75.gr. 1. 74/1974.

Gæzluvarðhaldstíminn ákveðst allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Kristján Viðar Viðarsson sæti gæzluvarðaldi í allt að 90 dögum.

Kærði skal ganga undir geðheilbrigðisrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að Páll Arnór Pálsson hdl. verði skipaður réttargæzlumaður sinn.

Kærði kveðst óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 19.29 og
var farið með hann í varðhaldið.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Örn Árm. Sigurðsson.

Kl. 19.35 kemur fyrir dóminn kærði Tryggvi Rúnar

Leifsson, atvinnulaus, Selásbletti 14, fæddur 2. október

1951 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki vera viðriðinn hvarf Guðmundar

Einarssonar.

Skýrsla kærða hjá rannsóknarlöggreglu í dag er
lesin fyrir hann.

Kærði kveður rétt eftir sér haft og staðfestir
undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

Ar 1975 þriðjudaginn 23. desember var á dómþingi
sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla
28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Þann 26. janúar 1974, fór Guðmundur Einarsson,
Hraunprýði í Blesugróf að heiman frá sér og ætlaði í
Alþýðuhúsið í Hafnarfirði á ball. Til Guðmundar hefur
ekkert spurzt síðan svo vitað sé með vissu. Leitað var

þegar veður leyfði í fjörum kringum Hafnarfjörð og á leiðinni á milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, en án árangurs.

Rannsóknarlöggreglunni hafa borist upplýsingar um það að Tryggvi Rúnar Leifsson, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski kynnu að vera valdir að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Hefur rannsóknarlöggreglan haft tal af vitni, sem kveðst hina umræddu nött hafa komið að þeim félögum heima hjá Sævari Ciesielski þar sem þeir voru að pakka mannslíkama inn í lak, sem þeir síðan báru út úr húsinu. Þá hefur rannsóknarlöggreglan haft tal af manni, sem kvaðst hafa ekið þeim félögum frá heimili Sævars Ciesielski með einhvern farangur sem þeir höfðu sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Umræddur maður Albert Klahn Skaftason, kvaðst hafa ekið þeim suður fyrir Hafnarfjörð þar sem þeir tóku farangurinn úr farangursgeymslunni og hurfu með út í hraunið. Á heimleiðinni kveðst Albert hafa spurt Sævar, hvað þeir hefðu verið með í pokanum eða lakinu og hafi Sævar sagt honum að það væri lík. Albert hefur skýrt svo frá, að með í förinni hafi verið Tryggvi Rúnar Leifsson og Kristján Viðar Viðarsson auk hans sjálfss og Sævars Ciesielski.

Tryggvi Rúnar Leifsson hefur í dag hjá rannsóknarlöggreglu og fyrir dómi, neitað að vera viðriðinn við hvarf Guðmundar Einarssonar.

Tryggvi Rúnar Leifsson er grunaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 33. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt. Nauðsyn ber til með vísan til 1. tl.

67. gr. 1. 74/1974 að úrskurða kærða Tryggva Rúnar Leifsson, í gæzluvarðhald á meðan rannsókn máls þessa fer fram. Þar sem hér er um svo alvarlegt sakarefni sem Tryggvi Rúnar er grunaður um, þykir rétt að hann gangi undir rannsókn á geðheilbrigði sínu á gæzluvarðhaldstímanum, sbr. d-lið 75. gr. 1. 74/1974.

Gæzluvarðhaldstíminn ákveðst allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Tryggvi Rúnar Leifsson sæti gæzluvarðhaldi í allt að 90 dögum.

Kærði skal ganga undir geðheilbrigðisrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að Hilmar Ingimundarson hrl. verði skipaður réttargæzlumaður sinn.

Kærði óskar eftir að kæra úrskurð bennan til
Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 19.45 og

var farið með hann í varðhaldið.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Kl. 19.58 kemur fyrir dómminn kærði, Albert Klahn
Skaftason, iönnemi, Laugavegi 46 a, fæddur 16. febrúar
 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst kannast við að hafa ekið þeim
Sævari Ciesielski, Kristjáni Viðari Viðarssyni og
Tryggva Rúnari Leifssyni með eitthvað sem þeir höfðu
sett í farangursgeymslu bifreiðar kærða. Kærði kveðst
 ekki hafa vitað þá hver flutningurinn var en Sævar hafi
 sagt sér á heimleiðinni að í farangursgeymslunni hafi
 verið lik. Kærði kveðst hafa ekið þeim félögum suður
 fyrir Hafnarfjörð umrætt sinn.

Kærða er kynntur framburður hans hjá rannsóknarlöggreglu í dag.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og
 staðfestir undirskrift sína.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dómnum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður :

Ar 1975 þriðjudaginn 23. desember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. eða 27. janúar siðastliðinn, hvarf Guðmundur Einarsson til heimilis að Hraunprýði í

Blesugróf, og hefur ekkert til hans spurzt með vissu síðan.

Rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík hafa borist upplýsingar um að þeir Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson kynnu að vera valdir að hvarfi Guðmundar.

Hefur rannsóknarlöggreglan yfirheyrt vitni sem kveðst hafa komið að þeim félögum heima hjá Sævari Ciesielski þar sem þeir voru að pakka inn mannslikama í lak. Kærði, Albert Klahn Skaftason hefur skýrt rannsóknarlöggreglunni svo frá, að hann hafi eitt sinn, ekið þeim félögum með einhvern farangur sem þeir settu í farangursgeymslu bifreiðarinnar, heiman frá Sævari Ciesielski og suður í Hafnarfjarðarhraun þar sem þeir félagar fóru með farangurinn út í hraunið. Kveðst kærði hafa spurt á heimleiðinni hvað þeir hefðu verið með í farangursgeymslunni og hafi Sævar sagt honum að það hefði verið lik.

Ekki er fullrannsakað, hver hlutdeild Alberts Klahn Skaftasonar kann að vera í broti því sem grunur leikur á að framið hafi verið, en nauðsyn þykir bera til með visan til 1. tl. 67. gr. l. 74/1974 að úrskurða kærða í gæzluvarðhald á meðan rannsókn í máli þessu fer fram. Verið gæti um að ræða hlutdeild í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur slikt brot varðað kærða fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar

nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 45 dögum.

Úrskurðarorð:

Kærði, Albert Klahn Skaftason, sæti gæzluvarðhaldi
í allt að 45 dögum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst óska eftir að sér verði skipaður
réttargæzlumaður.

Dómarinn ákveður að skipa Örn Clausen hrl.
réttargæzlumann kærða.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð
þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 20.16 og

var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Högni Einarsson.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Ár 1976, sunnudaginn 11. janúar, var dómping
sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28
af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

I dómínum liggur frammi ófullgerð rannsóknar-lögregluskyrsla.

Kl. 14.30 kemur fyrir dóminn kærði Albert Klahn Skaftason, iönnemi, Laugavegi 46 a hér í borg, f. 16. febrúar 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður hans í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu þ. 23. desember s.l.

Kærði les nú skýrslu þá er tekin var af honum hjá rannsóknarlöggreglu þ. 23. desember s.l.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 14.45.

Kl. 14.58 kemur fyrir dóminn kærði Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82 hér í borg, f. 21. apríl 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og framburður hans er í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu þ. 3. janúar s.l.

Kærði segir að þeir félagar hafi sennilega hitt Guðmund Einarsson í brekkunni sem liggur upp úr Hafnarfirði. Kærði man ekki hvort þeir voru fótgangandi eða í bifreið. Kærði segist ekki muna hvort Sævar Ciesielski var með þeim Tryggva Rúnari er þeir hittu Guðmund.

Kærði segir að þegar átökin voru um garð gengin og þeir höfðu komist að þeirri niðurstöðu að Guðmundur væri láttinn þá hafi verið farið með hann suður í Hafnarfjarðarhraun og hann láttinn þar í gjótu og stórum steini velt yfir. Kærði man ekki hver tók ákvörðun um hvað gert skyldi við líkið en segist eiginlega vera fullviss um að það hafi verið Sævar.

Kærði telur að hann hafi eitthvað flækst inn í áflogin en líklega fengið högg á höfuðið og misst úr einhverja stund, og næst muna eftir að verið var að athuga manninn og hann úrskurðaður láttinn.

*Jævar
þarf leit.*
Kærði segist muna að hafa séð Sævar sparka í síðu
og höfuð Guðmundar þar sem hann lá á gólfínu inni í stofu.

Kærði les nú skýrslu þá er tekin var af honum hjá rannsóknarlöggreglu þ. 3. janúar s.l.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og staðfestir undirskrift sína,

Upplesið, játað rétt bókað

Kærði vék frá kl. 15.20.

Kl. 15.01 kemur fyrir dóminn kærði Tryggvi Rúnar Leifsson, gæzlufangi, Selásbletti 14, f. 2. október 1951
í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði skýrir sjálfstætt frá málsatvikum greint sinn og er framburður hans í samræmi við skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu þ. 9. janúar s.l.

Kærði man ekki hvernig á því stóð að þeir voru
staddir þarna á Hamarsbraut ll. Kærði kveðst ekki
munu hvað þeir gerðu við líkið af manninum.

Kærði les nú skýrslu þá er tekin var af honum
hjá rannsóknarlöggreglu þ. 9. janúar s.l.

Kærði kveður rétt eftir sér haft í skýrslunni og
staðfestir undirskrift sína.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 16.18.

Kl. 16.35 kemur fyrir dóminn kærði Sævar Marinó Ciesielski gæzlufangi, Þverbrekku 4 Kópavogi, f. 6. júlí 1955 að Stóra-Hofi, Gnúpverjahreppi, Arnessýslu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði segist eitt sinn hafa komið heim til sín að Hamarsbraut ll þegar þeir Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson voru við útidyrnar ásamt einhverjum þriðja manni.

Þeir ruddust inn í íbúðina þrátt fyrir mótmæli kærða og þar hófust deilur sem enduðu með áflogum og var maðurinn rotaður.

Kærði kveðst hafa spaskað í kjálka mannsins þar sem hann lá í gólfínu í svefnherberginu eftir að Kristján Viðar hafði slegið hann niður. Eftir þetta velti maðurinn sér við. Maðurinn stóð ekki upp eftir þetta en reyndi að standa upp.

Farið var með manninn inn í geymslu og var maðurinn

pá meðvitundarlaus. Kærði segir nú að maðurinn hafi verið á hnijánum er hann sparkaði í hann.

Kærði kveðst ekki vita hvort maðurinn var láttinn er farið var með hann fram í geymslu.

Kærði kveðst ekki vita hvað varð af manninum eftir þetta.

Upplesið, játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ár 1976, sunnudaginn 11. janúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson og hefur hann ekki sést síðan. Hann sást síðast í Hafnarfirði. Þeir Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Marinó Ciesielski og Tryggvi Rúnar Leifsson hafa játað hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa orðið Guðmundi að bana í íbúð Sævars að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði aðfaranótt 27. janúar 1974.

Hinn 12. desember 1975 var Sævar Marinó Ciesielski úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar á svikamáli. Gæzluvarðhald Sævars rennur út nú í dag.

Rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar er ekki lokið og þarf m.a. með vísan til d-liðs 75. gr. 1. 74/1974 að fara fram á honum geðrannsókn.

Sævar Marinó Ciesielski er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað

hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Með vísan til framanritaðs svo og 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 þykir nauðsynlegt að framlengja gæzluvarðhald kærða Sævars Marinó Ciesielski.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 60 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Sævars Marinó Ciesielski framlengist um 60 daga frá kl. 17.27 í dag.

Kærði skal gangast undir geðrannsókn á gæzluvarðhaldstímanum.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 17.05.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Guðrún Björnsdóttir.

Ar 1976, föstudaginn 6. febrúar var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldsyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Í dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknarlöggregluskýrsla.

Kl. 17.27 kemur fyrir dóminn kærði Albert Klahn
Skaftason gæzlufangi sem áður hefur mætt í máli þessu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði kveðst nú vera þess fullviss að hann hafi umrætt sinn ekið veginn að Sædýrasafninu.

Upplesið, játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ár 1976, föstudaginn 6. febrúar, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði. Þrír menn, þeir Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson hafa játað að hafa orðið Guðmundi að bana á heimili Sævars að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Hafa þeir borið að þeir hafi fengið kærða Albert Klahn Skaftason til þess að aka þeim með lík Guðmundar í Hafnarfjarðarhraun.

Albert Klahn Skaftason hefur viðurkennt að hafa ekið þeim félögum með einhvern flutning sem hann ekki kveðst vita hvað hafi verið suður fyrir Hafnarfjörð og á veginn að Sædýrasafninu.

Albert Klahn Skaftason er grunaður um þátttöku í broti gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og kann brot hans

að varða hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rannsókn á þátttöku Alberts Klahn Skaftasonar í hvarfi Guðmundar Einarssonar er ekki lokið og ber því með viðan til 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald hans á meðan á rannsókn málssins verður fram haldið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 30 dögum.

Úrskurðarorð

Gæzluvarðhald Alberts Klahn Skaftasonar framlengist um 30 daga frá kl. 20.16 6.febrúar 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki vilja kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 17.35, og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert Bjarnason.

Guðrún Björnsdóttir.

Ár 1976, sunnudaginn 7. mars var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 19.50 kemur fyrir dóminn gæzlufanginn Albert Klahn Skaftason.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði segist nú vera viss um að hann hafi farið tvær ferðir með lík fyrir þá félaga Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson.

Segist kærði ekki hafa vitað í fyrra skiptið hvað hann var að flytja en í síðara skiptið hafi honum verið sagt, að það hafi verið lík. Kærði kveðst ekki muna hvert hann ók en telur að í síðara skiptið hafi hann ekið suður í Kúagerði.

Upplesið, játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r

Ár 1976, sunnudaginn 7. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Albert Klahn Skaftason hefur viðurkennt að hafa ekið þeim Tryggva Rúnari Leifssyni, Kristjáni Viðari Viðarssyni og Sævari Marinó Ciesielski með lík Guðmundar Einarssonar sem hvarf aðfaranótt 27. janúar 1974 suður í Hafnarfjarðarhraun.

Albert hefur nú skýrt svo frá fyrir dómi að hann hafi farið tvisvar sinnum með lík fyrir þá félaga. Hefur hann sagt að hann hafi ekki vitað í fyrra skiptið hvað hann var að flytja, en í síðara skiptið hafi honum verið sagt að það væri lík. Þeir Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar

Leifsson og Sævar Marino Ciesielski hafa allir viðurkennt að hafa orðið Guðmundi Einarssyni að bana aðfaranótt 27. janúar 1974. Rannsókn á þáttöku Alberts Skaftasonar í fyrrgreindu broti er ekki lokið og ber því með vísan til 1. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald hans svo á meðan rannsókn málsins verður fram haldið en brot það sem hann er grunaður um þáttöku í varðar við XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn alít að 30 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Alberts Klahn Skaftasonar, framlengist um 30 daga frá kl. 20.46. 7. mars 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 20.50 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert Bjarnason.

Guðrún Björnsdóttir.

Ar 1976, fimmtudaginn 11. marz, var dömping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið: Skilyrðum þí, grá
verið marskráriþær nr. Framangreint mál. Varðhald ur því

I dominum ligetur frammi ófullgerð rannsóknarlöggreglu-skýrsla.

Kl. 12.15 kemur fyrir dóminn Sævar Maríno Ciesielski,
gæzlufangi, Þverbrekku 4 Kópavogi, f. 6. júlí 1955 að
Stóra-Hofi í Arnessýslu.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974

Kærði kveðst ekki hafa neitt nýtt fram að færa vegna
máls þessa.

Jengist um allt að 90 Upplesið, játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

Írskurðarorðið ú r s k u r ð u r nýjóði.

Ár 1976, fimmtudaginn 11. marz var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Maríno Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson hafa viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá.

Sævar Marinó Ciesielski var hinn 12. desember 1975 úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald sem síðan var framlengt

um 60 daga með úrskurði dómsins frá 11. janúar 1976 og
rennur gæzluvarðhald hans út í dag. Sævar Marinó er sakaður
um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur
brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr.
stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því
fullnægt.

Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974
að úrskurða kærða Sævar í gæzluvarðhald þar sem rannsókn
á máli þessu er ekki lokið og á m.a. eftir að finna lík
Guðmundar heitins.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald kærða Sævars Marinó Ciesielski fram-
lengist um allt að 90 dögum frá kl. 17.27 þ. ll. mars 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann
sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 12.24 og var
farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Sigurbjörn V. Eggertsson.

Guðrún Björnsdóttir.

Ar 1976, mánudaginn 22. marz, var dómþing sakadóms Reykjavíkur hæð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

I dóminum liggur frammi ófullgerð rannsóknarlögreglu-skýrsla.

Dómþingið sækir Páll A. Pálsson, hdl, skipaður réttar-gæzlumaður Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Kl. 16.49 kemur fyrir dóminn kærði Kristján Viðar Viðarsson gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Kærði kveðst hafa eftirfarandi að bæta við fyrri skýrslu sína: "Eg mætti Erlu á ganginum umrætt sinn og varhún alvarleg á svip. Hún gekk inn í íbúðina og ég fór á eftir henni. Eg sagði henni að þarna hefði orðið hræðilegt slys, það hefði dáið þarna maður. Hún kvaðst ekki ætla að skipta sér neitt af þessu.

Eg man eftir að í átökunum var ég tekinn hálstaki og sparkaði ég aftur fyrir mig en síðan hné ég niður.

Daginn eftir vorum við Tryggvi heima hjá mér og vorum undir áhrifum L.S.D. og vorum við að tala um að við hefðum ekki verið í Hafnarfirði og að enginn hefði dáið og ekkert skeð."

Upplesið, játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður

Ár 1976, mánudaginn 22. marz, var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson hafa viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá.

Kristján Viðar Viðarsson var hinn 23. desember 1975 úrskurðaður í 90 daga gæzluvarðhald, og rennur gæzluvarðhald hans út í dag. Kristján Viðar er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974 að úrskurða kærða Kristján í gæzluvarðhald þar sem rannsókn á máli þessu er ekki lokið og á m.a. eftir að finna lík Guðmundar heitins.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð

Gæzluvarðhald Kristjáns Viðars Viðarssonar framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 19.29 22. marz 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 17.07 og var farið með hann í varðhaldið.

Kl. 17.28 kemur fyrir dóminn kærði Tryggvi Rúnar Leifsson gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki muna neitt frekar um mál þetta en
hann hefur þegar frá skyrt.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ö u r

Ar 1976, mánudaginn 22. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson hafa viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá.

Tryggvi Rúnar Leifsson var hinn 23. desember 1975 úrskurðaður í 90 daga gæzluvarðhald og rennur gæzluvarðhald hans út í dag. Tryggvi Rúnar er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að úrskurða kærða Tryggva í gæzluvarðhald þar sem rannsókn á málí þessu er ekki lokið og á m.a. eftir að finna lík Guðmundar heitins.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Tryggva Rúnars Leifssonar framlengist um 90 daga frá kl. 19.45 22. mars 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð pennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði kveðst ekki Kærði vék frá kl. 17.36 og var

farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Eggert N. Bjarnason.

Sigurbjörn V. Eggertsson.

Ár 1976, föstudaginn 30. apríl, er dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni fulltrúa.

Fyrir er tekið:

Framangreint mál.

Þegar Kristján Viðar var skiptur af málum.

Upplesið, játað rétt bókað.

Dómarinn leggur fram:

Nr. 2 Rannsóknarlöggregluskyrslu.

Mættur er á dómþinginu Hallvarður Einvarðsson, vararíkissaksóknari og að hans beiðni Njörður Snæhólm aðalvaröstjóri. Mættur er einnig á dómþinginu Hilmar Ingimundarson, hrl., skipaður réttargæzlumaður Tryggva Rúnars Leifssonar, og Örn Clausen, hrl., skipaður réttargæzlumaður Alberts Klahn Skaftasonar.

Kl. 10.17 kemur fyrir dóminn Tryggvi Rúnar Leifsson, gæzlufangi, Selásbletti 14, fæddur 2. okt. 1951 í Reykjavík.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. nr. 74/1974.

Kærði skýrir frá á sama hátt og í skýrslu hans hjá rannsóknarlöggreglu þ. 9. janúar sl., dskj. nr. 2.

Kærði kveðst ekki muna í hvaða húsi þessi atburður atti sér stað og ekki heldur hvernig stóð á ferðum hans þangað. Kærði kveðst muna að Kristján Viðar var að deila þar við mann og enduðu þær deilur með átökum. Kærði kveðst hafa slegið manninn niður og sá kærði þá að Sævar Marinó sparkaði í höfuð hans. Maðurinn hreyfði sig ekki eftir þetta og fóru þeir félagar með hann fram í geymsluherbergi og fóru síðan að ræða um hvað gera skyldi.

Kærði kveðst ekki muna eftir að hafa flutt mann þennan í bifreið Alberts Skaftasonar.

Kærði tekur fram að hann hafi ætlað að ganga á milli þegar Kristján Viðar var í átökum við manninn. Kærði heldur að Sævar hafi beðið sig að skilja þá Kristján.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kl. 10.49 kemur einnig fyrir dóminn til samþófunar
Albert Klahn Skaftason, Laugavegi 46 a, fæddur 16. febrúar
 1955 í Reykjavík.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Frekara samræmi milli Alberts Klahn og Tryggva Rúnars
náðist ekki.

Upplesið, játað rétt bókað.

Kærði Tryggvi Rúnar vék frá.

Albert Klahn vék frá.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Guðrún Björnsd.

Sigurbj. V. Eggertsson.

Ar 1976 miðvikudaginn 9. júní var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ö u r

Ar 1976, miðvikudaginn 9. júní var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Marinó Ciesielski, og Kristján Viðar Viðarsson hafa viðurkennt að Guðmundur hafi látið lífið í átökum við þá.

Sævar Marinó Ciesielski var hinn 12. desember 1975 úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald sem síðan var framlengt um allt að 60 dögum með úrskurði dómsins frá 11. janúar 1976 og enn framlengt um allt að 90 dögum með úrskurði dómsins frá 11. mars 1976 og rennur gæzluvarðhald hans út í dag. Sævar Marinó er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Rannsókn málss þessa er enn ekki lokið. Að meðal annars eftir að finna lík Guðmundar heitins Einarssonar auk þess sem geðrannsókn er ekki lokið.

Ber því með vísan til 1. ot 4. tl. 67. gr. 1.nr.74, 1974 að úrskurða kærða Sævar Marinó í gæzluvarðhald þar sem rannsókn málss þessa er ekki lokið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð

Gæzluvarðhald Sævars Marinó Ciesielski framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 17.27 9. júní 1976.

Örn Höskuldsson.

Mættir eru á dómþinginu Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Jón Oddsson hdl.

Kl. 17.04 kemur fyrir dóminn kærði Sævar Marinó Ciesielski gæzlufangi.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Uppliesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá í varðhaldið kl. 17.10.

Dómþingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Ár 1976, sunnudaginn 20. júní var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r

Ár 1976, sunnudaginn 20. júní var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi:

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði.

Þeir Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Marinó Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson hafa viðurkennt að Guðmundur

hafi látið lífið í átökum við þá.

Hinn 7. apríl s.l. skýrði Kristján Viðar Viðarsson svo frá, að Guðmundur Einarsson heitinn hafi ekki látist af völdum átaka, heldur hafi hann stungið hann með hníf. Að vísu hafi Guðmundur lent í átökum að Hamarsbraut 11 umrætt sinn en þau hafi ekki beinlinis leitt til dauða hans.

Kristján Viðar var hinn 23. desember úrskurðaður í allt að 90 daga gæzluvarðhald sem framlengt var með úrskurði dómsins frá 22. mars s.l. um allt að 90 daga. Rennur gæzluvarðhald hans út í dag.

Rannsókn málss þessa er ekki lokið. Þarf meðal annars að athuga málssatvik með tilliti til framburðar Kristjáns Viðars um hnífssstunguna auk þess sem lík Guðmundar heitins hefur ekki fundist. Geðrannsókn á þeim Tryggva Rúnari, Sævari Marinó og Kristjáni Viðari er heldur ekki lokið.

Kristján Viðar er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskráinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67, gr. 1. 74/1974 að framlengja með úrskurði gæzluvarðhald kærða Kristjáns Viðars, þar sem rannsókn málss þessa er ekki lokið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Kristjáns Viðar Viðarssonar,
framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 19.29 20. júní
1976.

Örn Höskuldsson.

Kl. 18.35 kemur fyrir dóminn kærði Kristján
Viðar Viðarsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki vilja kæra úrskurð þennan til
Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 18.40 í
varðhaldið.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ar 1976, sunnudaginn 20. júní, var á dómpingi
sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í fangelsinu að
Síðumúla 28, af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp
úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.
Hann sást síðast í Hafnarfirði.

Tryggvi Rúnar Leifsson, Sævar Marinó Ciesielski
og Kristján Viðar Viðarsson hafa viðurkennt að hafa
látið lífið í átökum við þá.

Hinn 7. apríl s.l. skýrði Kristján Viðar svo
frá, að Guðmundur Einarsson hafi ekki láttizt af völdum
átaka. Að vísu hafi Guðmundur lent í átökum umrætt sinn,

en þau hafi ekki beinlínis leitt til dauða hans, heldur hafi hann láttist vegna hnífssstungu sem Kristján Viðar kveðst hafa veitt honum.

Tryggvi Rúnar var hinn 23. desember 1975 úrskurðaður í allt að 90 daga gæzluvarðhald sem framlengt var með úrskurði dómsins um allt að 90 daga hinn 22. mars 1976. Rennur gæzluvarðhaldstími hans út í dag. Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Þarf meðal annars að rannsaka málid með tilliti til framburðar Kristjáns Viðars auk þess sem lík Guðmundar heitins hefur ekki fundist. Geðrannsókn er heldur ekki lokið.

Tryggvi Rúnar er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. l. 74/1974 að framlengja með úrskurði, gæzluvarðhald Tryggva Rúnars þar sem rannsókn máls þessa er ekki lokið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð

Gæzluvarðhald Tryggva Rúnars Leifssonar framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 19.45 20. júni 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki vilja kæra úrskurð þennan til
Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað
 Kærði vék frá í varðhaldið
 kl. 18.47
 Dómpingi slitið.
 Órn Höskuldsson.

Vottar:

Gunnar Marinósson.

Gunnar Guðmundsson.

Ar 1976, þriðjudaginn 7. september var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómarinn leggur fram

nr. 3 rannsóknarlöggregluskyrslu

- 4 rannsóknarlöggregluskyrslu
- 5 niðurstöðu geðrannsóknar á Kristjáni Viðari Viðarssyni
- 6 niðurstöðu geðrannsóknar á Tryggva Rúnari Leifssyni.

Skjölin fylgja.

Mættur er í dómpinginu Jón Oddsson hrl. skipaður réttargæzlumaður Sævars Marinós Ciesielski.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ö u r

Ar 1976, þriðjudaginn 7. september var á dómpingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla

28 af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson.

Hann sást síðast í Hafnarfirði. Þeir Sævar Marinó Ciesielski, Tryggvi Rúnar Leifsson og Kristján Viðar Viðarsson hafa allir viðurkennt að Guðmundur Einarsson hafi látið lífið í átökum við þá.

Rannsókn máls þessa er ekki lokið. Ekki er enn ljóst, hvort Guðmundur hefur látið lífið vegna átaka eða hvort hann var stunginn hnífi, en Kristján Viðar Viðarsson hefur borið að hann hafi stungið Guðmund Einarsson með hníf í umrætt sinn. En síðan hefur Kristján Viðar tekið þann framburð sinn til baka.

Dóminum hafa borist niðurstöður geðrannsóknar á Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, en ólokið er geðrannsókn kærða Sævars Marinó.

Sævar Marinó Ciesielski er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt.

Kærði Sævar Marinó var hinn 12. desember 1975 úrskurðaður í 30 daga gæzluvarðhald vegna fjárvika.

Hinn 11. janúar s.l. var gæzluvarðhald Sævars Marinós framlengt um allt að 60 dögum vegna rannsóknar máls þess er hér um ræðir, og var gæzluvarðhald hans síðan framlengt með úrskurði dómsins um allt að 90 daga frá 11. mars s.l.

og enn á ný, hinn 9. júní s.l. um allt að 90 dögum og rennur gæzluvarðhaldstíminn út í dag. Ber því með viðan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að framlengja með úrskurði gæzluvarðhald kærða Sævars Marinó þar sem rannsókn máls þessa er ekki lokið.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Sævars Marinó Ciesielski framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 17.27 hinn 7. september 1976.

Örn Höskuldsson.

Kl. 13.50 kemur fyrir dóminn kærði Sævar Marinó Ciesielski gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. 1. 74/1974.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst munu hafa samráð við réttargæzlumann sinn um kæru á úrskurði þessum til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 14.00 í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Gunnar Marinósson.

Gunnar Guðmundsson.

Ar 1976, föstudaginn 17. september var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Siðumúla 28 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Dómarinn leggur fram
nr. 7 rannsóknarlöggregluskyrslu
- 8 rannsóknarlöggregluskyrslu.

Skjölin fylgja.

Mættur er á dómþinginu Páll Arnar Pálsson hdl.,
réttargæzlumaður Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Kl. 17.30 kemur fyrir dóminn kærði Kristján
Viðar Viðarsson.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærða er bent á misrämi í skýrslum hans á dskj.

nr. 7 og 8.

Kærði segist ekki vita hvar hnífur hans sé nú
niðurkominn.

Kærði segir að hann hafi sagt að hann hafi notað
hnífinn á Guðmund Einarsson vegna þess að sér hafi þá
fundist það. Kærði segir að sig minni þó að hann hafi
tekið hnífinn af Sævari í Kópavogi umrætt sinn og
verið með hann á Hamarsbraut 11.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ar 1976, föstudaginn 17. september var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28 af Erni Höskuldssyni, kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson. Hann sást síðast í Hafnarfirði. Þeir Sævar Marinó Ciesilski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson hafa viðurkennt að Guðmundur Einarsson hafi látið lífið í átökum við þá. Kristján Viðar, hefur borið að hann hafi stungið Guðmund heitinn Einarsson með hníf, en síðan tekið þann framburð sinn til baka. Geðrannsókn þeirra Tryggva Rúnars og Kristjáns Viðars er lokið, en geðrannsókn á Sævari Marinó Cieselski er enn ólokið.

Kristján Viðar var hinn 23. desember 1975 úrskurðaður í allt að 90 daga gæzluvarðhald vegna rannsóknar máls þessa. Var gæzluvarðhald hans framlengt með úrskurði dómsins um allt að 90 daga hinn 22. mars s.l. og enn á ný framlengt með úrskurði dómsins um allt að 90 daga frá 20. júní s.l. og rennur gæzluvarðhaldið út á morgun.

Kristján Viðar Viðarsson er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinna nr. 33/1944 um gæzluvarðhald er því fullnægt. Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974 að framlengja með úrskurði gæzluvarðhald kærða Kristjáns Viðars, þar sem rannsókn máls þessa er ekki lokið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Kristjáns Viðars Viðarssonar
framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 19.29 hinn
18. september 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki vilja kæra úrskurð þennan til
Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 18.00

og var farið með hann í
varðhaldið.

Kl. 18.07 kemur fyrir dóminn kærði Tryggvi Rúnar
Leifsson gæzlufangi.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. l. 74/1974.

Kærði kveðst ekki muna eftir að Kristján Viðar
hafi verið með hníf á Hamarsbraut til umrætt sinn.

Kærði kveðst ekki muna frekar hvert þeir félagar
fóru með lík Guðmundar Einarssonar.

Kærði segir þó að hann muni eftir að hafa séð
fjárborg og gæti það hafa verið umrætt sinn en gæti
líka verið í annað sinn eða annars staðar.

Upplesið játað rétt bókað.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ár 1976, föstudaginn 17. september var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Síðumúla 28, af Erni Höskuldssyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Hinn 26. janúar 1974 hvarf Guðmundur Einarsson. Hann hefur ekki sést síðan.

Þeir Tryggvi Rúnar Leifsson, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Marinó Ciesielski hafa viðurkennt að Guðmundur Einarsson hafi látið lífið í átökum við þá. Kristján Viðar hefur einnig skýrt frá því að Guðmundur hafi ekki látið lífið beinlinnis af völdum á takanna, heldur hafi hann stungið hann með hníf. Kristján Viðar hefur tekið þennan framburð sinn aftur.

Geðrannsókn á Tryggva Rúnari Leifssyni og Kristjáni Viðari Viðarssyni er lokið, en niðurstöður geðrannsóknar á Sævari Marinó Ciesielski hafa enn ekki borist dóminum.

Tryggvi Rúnar var hinn 23. desember 1975 úrskurðaður í allt að 90 daga gæzluvarðhald, sem síðan var framlengt með úrskurði dómsins frá 22. mars um allt að 90 daga og enn framlengt um allt að 90 daga með úrskurði dómsins frá 20. júní s.l. og rennur gæzluvarðhaldstíminn út á morgun.

Tryggvi Rúnar er sakaður um brot gegn XXIII. kafla almennra hegningarlaga og getur brot hans varðað hann fangelsisrefsingu. Er því fullnægt skilyrðum 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 um gæzluvarðhald.

Ber því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr. 1. 74/1974

að framlengja með úrskurði gæzluvarðhald kærða Tryggva Rúnars, þar sem rannsókn máls þessa er ekki lokið.

Ákveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 90 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Tryggva Rúnars Leifssonar framlengist um allt að 90 dögum frá kl. 18.45 hinn 18. september 1976.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki vilja kæra úrskurð þennan til Hæstaréttar Íslands.

Upplesið játað rétt bókað.

Kærði vék frá kl. 18.21 og var farið með hann í varðhaldið.

Dómpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Gunnar Marinósson.

Gunnar Guðmundsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 18. október 1976.



A Nr. IV. Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 21/3/76
GB CH
42

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---ooo000ooo---

Ár 1976 mánudaginn 25. október var dómþing sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Dómsrannsókn á hvarfi

Guðmundar Einarssonar.

Dómarinn leggur fram

nr. 9 skýrslu Eggerts Bjarnasonar

- 10 rannsóknarlöggregluskyrslu

- 11 "

- 12 "

43

- 2 -

nr. 13 löggregluskyrslu

- 14 "
- 15 "
- 16 "
- 17 "
- 18 "
- 19 "
- 20 "
- 21 "
- 22 "
- 23 skýrslu Bundeskriminalamt í íslenzkri þýðingu
- 24 skýrslu Bundeskriminalamt á þýzku
- 25 niðurstaða blóðflokkunar
- 26 niðurstaða blóðflokkunar
- 27 fylgiskjal vegna flokkunar á blóði
- 28 skýrsla Bundeskriminalamt í íslenzkri þýðingu
- 29 skýrsla Bundeskriminalamt á þýzku
- 30 rannsóknarlöggregluskyrslu
- 31 "Analysa" á framburði Erlu Bolladóttur frá
20. desember 1975
- 32 "Analysa" á framburði Alberts Klahn frá 23.
desember 1975
- 33 "Analysa" á framburði Kristjáns Viðars Viðars-
sonar frá 28. desember 1975
- 34 "Analysa" á framburði Kristjáns Viðars Viðars-
sonar frá 3. janúar 1976
- 35 "Analysa" á framburði Sævars Marinó Ciesielski
frá 4. janúar 1976

nr. 36 "Analysa" á framburði Tryggva Rúnars Leifssonar
frá 9. janúar 1976

- 37 "Analysa" á framburði Alberts Klahn frá 19. mars
1976
 - 38 "Analysa" á framburði Kristjáns Viðars Viðarssonar
frá 7. apríl 1976
 - 39 "Analysa" á framburði Kristjáns Viðars Viðarssonar
frá 22. júní 1976
 - 40 rannsóknarlöggregluskýrslu
 - 41 "
 - 42 "
 - 43 "
 - 44 "
 - 45 "
 - 46 "
 - 47 "
 - 48 "
 - 49 "
 - 50 "
 - 51 "
 - 52 "
 - 53 "
 - 54 "
 - 55 niðurstöðu geðrannsóknar á Sævari Marino Ciesielski
 - 56 rannsóknarlöggregluskýrslu
 - 57 myndamöppu.
- Skjölin fylgja.

A N 45
Postfórum 2742
- 4 -
45 324 45

45

Dömpingi slitið.

Örn Höskuldsson.

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertsson.

Pórunn Sigfúsd.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 26. október 1976.



A Nr. K. Last fram í sakadómi
Reykjavíkur 21/3 '77

Þ/B. 46

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

-----oooo-----

Ar 1976, föstudaginn 17. desember var dómþing
sakadóms Reykjavíkur háð í fangelsinu að Siðumúla 28
af Erni Höskuldssyni.

Fyrir var tekið:

Rannsókn á hvarfi

Guðmundar Einarssonar.

Kl. 11.20 kemur fyrir dóminn kærði Tryggvi
Rúnar Leifsson gæzlufangi.

Var nú í dóminum kveðinn upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Ar 1976 föstudaginn 17. desember var á dómþingi
sakadóms Reykjavíkur sem háð var í fangelsinu að Siðu-

issyni kveðinn upp úrskurður þessi.

Agsettri 8. desember 1976 hefur ríkis-
lög höfðað mál á hendur 7 aðilum fyrir ýmiskonar
lot. Mál þetta er höfðað gegn kærða Tryggva Rúnari
Leifssyni fyrir m.a. manndráp, íkveikju, nauðgun og
þjófnaðarbrot. Ákaran hefur enn ekki verið birt.
Ljóst er að málsmeðferð mun taka langan tíma auk þess
sem augljóst er að fara þarf fram rannsókn á tilteknum
atriðum í málum þessum.

Rétt þykir því með vísan til 1. og 4. tl. 67. gr.
laga 74/1974 að framlengja gæzluvarðhald kærða Tryggva
Rúnars Leifssonar þar til rannsókn mála hans og málsmeðferð
er lokið.

Tryggvi Rúnar hefur setið í gæzluvarðhaldi síðan
23. desember 1975 og var síðast úrskurðaður í varðhald
hinn 18. september s.l. og rennur gæzluvarðaldið út í
dag.

Akveðst gæzluvarðhaldstíminn allt að 150 dögum.

Úrskurðarorð:

Gæzluvarðhald Tryggva Rúnars Leifssonar framlengist
um allt að 150 dögum frá kl. 16.45 hinn 17. desember 1976
að telja.

Örn Höskuldsson.

Úrskurðarorðið er lesið í heyranda hljóði.

Kærði kveðst ekki óska eftir að kæra úrskurð þennan
til Hæstaréttar.

Upplesið, játað rétt bókað.

48

Kærði vék frá kl. 11.22 og
 var farið með hann í varðhaldið.
 Dómpingi slitið.
 Örn Höskuldsson.

Vottar:

Sigurbj. V. Eggertsson.
 Erlingur Guðmundsson.

Rétt endurrit staðfestir:

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur 20. janúar 1977.

02

A Nr. VI Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 21/3 77

JF.

49

E N D U R R I T

úr

S A K A D Ó M S B Ó K R E Y K J A V Í K U R

---oooo000ooo---

Ar 1977, föstudaginn 4. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara.

Fyrir var tekið:

Rannsókn á dauða

Guðmundar Einarssonar.

Kl. 17.50 koma rannsóknarlöggreglumenn með ákærða Albert Klahn Skaftason í dóminn, en hann hefur verið hafður í haldi frá því kl. 18.00 í gær.

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Dómarinn hefur reynt að ná í réttargæslumann ákærða Örn Clausen, hrl., en það hefur ekki tekist.

Akærði lýsir því yfir, að hann sé reiðubúinn að skýra frá málsatvikum, þótt réttargæslumaður hans sé ~~einr~~ viðstaddir.

Akærði skýrir svo frá, að hann hafi verið með meðákærðu Kristjáni Viðari Viðarssyni og Tryggva Rúnari Leifssyni á bifreið föður ákærða að kvöldi laugardagsins 26. janúar 1974. Með þeim í bifreiðinni var Gunnar Jónsson, Lokastíg 18, sem ákærði telur, að nú sé einhvers staðar erlendis. Þeir fóru að ýmsum samkomuhúsum hér í borginni og höfðu meðákærðu í huga að sjá út drukkna menn til að taka af þeim veski þeirra. Þetta bar ekki árangur og var ekið suður að Kópavogshæli. Hittu þeir þar ákærða Sævar Marinó Ciesielski og var ætlun þeirra að fá hjá honum peninga að láni. Sævar Marinó vildi ekki lána þeim peninga og héldu þeir að því búnu á bifreiðinni til Hafnarfjarðar, en ákærði Sævar Marinó var áfram á Kópavogshælinu. Ekið var að einhverju samkomuhúsi í Hafnarfirði og heldur ákærði, að það hafi verið Skipphóll. Akærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar fóru þar úr bifreiðinni og var ætlun þeirra að reyna að finna einhverja drukkna menn til að taka af þeim veski þeirra. Akærði fór á brott á bifreiðinni og snéri við eftir að meðákærðu voru farnir og nam staðar við gangstéttarbrún hinum megin í götunni. Akærðu voru í burtu nokkra stund, 15-20 mínútur að ákærði telur. Þegar þeir komu aftur var með þeim maður, sem ákærði ekki þekkti, en ákærði Kristján Viðar virtist þekkja. Maður þessi var 18-20 ára að aldri, hávaxinn og grannur, dökkhærður með mikið hár. Akærði man ekki hvernig maðurinn var klæddur, en hann var í frekar fínum fótum. Maðurinn var tölувert drukkinn. Akærði heyrði meðákærðu aldrei nefnamanninn með nafni eða man ekki til þess. Maðurinn kom upp í bifreiðina ásamt meðákærðu og settust þeir í aftursæti bifreiðarinnar, en Gunnar

sat í framsæti hjá ákærða. Síðan var ekið að Hamarsbraut
 ll, þar sem ákærði Sævar Marinó bjó, en þangað hafði ákærði
 komið tvisvar áður. Enginn var heima og slökkt í íbúð
 Sævars Marinós, sem var í kjallara. Ákærðu og Gunnar fóru
inn í íbúðina. Ákærði kveður ákærða Kristján Viðar hafa
 farið fyrst inn, en með hverjum hætti man ákærði ekki.
 Hann opnaði síðan fyrir þeim. Stuttu síðar kom ákærði
Sævar Marinó. Virtist hann vera hissa á að sjá þá og spurði
 þá, hvað þeir væru að gera. Skömmu síðar spurðu ákærðu mann-
 inn, hvort hann ætti fyrir flösku. Ákærði man ekki hver
 spurði, en það var annað hvort Kristján Viðar, Sævar Marinó
 eða Tryggvi Rúnar. Maðurinn sagðist ekki eiga fyrir flösku.
 Þeir voru allir staddir í fremri stofu í íbúðinni á þessum
 tíma. Meðákærðu fóru nú að þreifa fyrir sér hjá manninum,
 hvort hann væri með veski. Byrjaði ákærði Kristján Viðar
 á því að hrinda manninum og rétt á eftir hljóp ákærði Tryggvi
 Rúnar að manninum og sló til hans. Maðurinn reyndi að verja
 sig eftir því sem hann gat og sló á móti, en var fljótlega
 yfirbugaður. Hafði viðureignin þá borist inn í hitt herbergið.
Ákærði kveður meðákærðu hafa ráðist á manninn allir þrír sam-
an og barið hann, uns hann féll á gólfíð meðvitundarlaus.
 Var atlagan að manninum hrottafengin, en stóð aðeins skamma
 stund. Ekki varð ákærði var við að maðurinn reyndi að koma
 sér út, enda ekki ráðrúm til þess, og virtist sem maðurinn
 hefði ekki heldur rænu á því. Ákærði sá ekki, hvað gerðist
 eftir að maðurinn var fallinn og ekki sá hann, að meðákærðu
 tækju veski af honum. Ekki sá ákærði að nein vopn né barefli
væru notuð á manninn og ekki sá hann að meðákærðu væru með

hníf. Ekki sá ákærði, að meðákærðu tækjumanninn "haustaki" eða hann einhvern þeirra. Ákærði kveður viðureignina hafa staðið stutt svo sem áður greinir og sá hann ekki nákvæmlega hvað gerðist. Maðurinn lá á gólfuru eftir viðureignina og hélt ákærði, að hann hafði rotaðst. Ákærði sá ekki blóð á honum. Ákærði kveður þá Gunnar hafa setið í fremri stofunni á einhvers konar bekk á meðan á viðureigninni stóð og engan þátt tekið í henni. Ákærði kveður þá Gunnar ekki hafa nefnt við meðákærðu að hætta árásinni á manninn, enda hafi þetta svo sem áður greinir, gerst allt svo fljótt, að ekkert ráðrúm hafi verið til þess. Ákærði man, að Gunnari var ekkert um að vera þarna. Var það annað hvort að meðákærðu báðu ákærða að fara með hann eða þá, að Gunnar bað um það sjálfur. Ákærði ók Gunnari heim til hans að Lokastíg 18 hér í borg og kom þaðan aftur að Hamarsbraut 11. Þegar ákærði fór á brott lá maðurinn á gólfuru, en ekkert var minnst á að hann væri láttinn. Ákærði var á brott rúman hálftíma. Þegar hann kom aftur vildu meðákærðu ekki að hann kæmi inn og beið ákærði fyrir utan. Nokkru síðar komu ákærðu með manninn innvafinn í hvítt lak. Báru þeir hann að bifreiðinni og settu hann síðan inn í hana á gólfíð við aftursætið. Settust ákærðu Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar í aftursæti og þurftu þeir að hafa fæturna ofan á manninum. Virtist ákærði Kristján Viðar taka nærrí sér að þurfa að láta fætur sína hvíla á manninum. Ákærði Sævar Marinó fór aftur inn í húsið, en kom fljótlega út og settist í framsæti. Var síðan ekið á brott. Ákærði sá aldrei Erlu Bolladóttur, er þá bjó með ákærða Sævari Marinó. Ákærði man ekki, hvað rætt var um

í bifreiðinni, en ekið var suður fyrir Straumsvík. Var ekið þar út á afleggjara vinstra megin vegarins 2-3 km leið en þá nam ákærði staðar. Tóku meðákærðu manninn þar úr bifreiðinni og báru hann eitthvað út í hraunið. Ákærði varð ekki var við, að neitt lífsmark væri með manninum. Meðákærðu hurfu ákærða sjónum út í hraunið. Ákærði veit ekki, hve langt þeir fóru, en þeir voru á brott um $\frac{1}{2}$ klst. Þegar þeir komu aftur höfðu þeir losað sig við manninn. Var haldið að Hamarsbraut 11 og fór ákærði Sævar Marinó þar úr bifreiðinni. Ákærði ók ákærðu Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari síðan að Grettisgötu 82 heim til ákærða Kristjáns Viðars. Skildist hann þar við þá og hélt heim til sín. Var klukkan þá um 04.00 um nöttina. Akkærði kveður meðákærðu Kristján Viðar og Tryggva Rúnar hafa bæði verið með áfengisáhrifum og undir áhrifum lyfja. Akkærði varð ekki var við að pannig væri ástatt um ákærða Sævar Marinó. Sjálfur hafði ákærði ekki neytt áfengis né lyfja.

Akkærði kveðst breyta fyrri framburði til samræmis við það, er nú hefur verið rakið.

Akkærði man ekki að maðurinn kallaði meðákærðu dobista.

Upplesið, játað rétt.

Dómarinn ákveður að ákærði skuli hafður í haldi um skeið allt að 24 klst., uns ákvörðun verður tekin um það, hvort hann verður úrskurðaður í gæsluvarðhald.

Vék frá kl. 19.05.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Vottar:

Gísli Guðmundsson.

Kristmundur J. Sigurðsson.

Ar 1977, laugardaginn 5. mars, var dómping sakadóms Reykjavíkur háð í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem, sakadómara.

Fyrir var tekið:

Framangreint mál.

Kl. 13.45 kemur í dóminn ákærði, Albert Klahn Skaftason

Gætt er ákv. 2. mgr. 77. gr. l. nr. 74, 1974.

Akærði kveðst reiðubúinn að skýra frá í máli þessu, þótt réttargæslumaður hans sé ekki viðstaddur.

Akærði skýrir nánar aðspurður frá því, að hann hafi ekki séð að nein verðmæti væru tekin af manni þeim, sem á var ráðist að Hamarsbraut 11, aðfaranótt 27. janúar 1974 hvorki veski, úr né aðrir munir.

Þá skýrir akærði frá því, að er meðákærðu fóru með manninn út í hraunið hafi Kristján Viðar sagt sér að líta ekki í þá átt, er þeir færur og reyna ekki að fylgjast með ferðum þeirra. Einnig var rætt um, hvort akærði skyldi slökkva ljós bílsins á meðan meðákærðu væru burtu, en það hafi orðið að ráði að hafa þau kveikt.

Þegar meðákærðu komu inn í bifreiðina aftur settist akærði Sævar Marinó í framsæti, en hinir meðákærðu í aftursæti.

Tók þá akærði Tryggvi Rúnar ákærða kverkataki, þar sem akærði sat undir stýri bifreiðarinnar. Herti hann þannig að halsi ákærða, að ákærða lá við köfnun. Sagði þá akærði Kristján Viðar við hann að hætta þessu, þetta væri óþarfi og sleppti þá akærði Tryggvi Rúnar takinu. Akærði veit ekki hvað akærði

Tryggvi Rúnar ætlaðist fyrir, en ákærði Kristján Viðar sagði rétt á eftir í tilefni af þessu, að ákærði Tryggvi Rúnar væri brjálaður.

Ákærði skýrir frá því, að um miðjan ágúst 1974,
hvaða dag man ákærði ekki, hafi ákærði Sævar Marinó sagt
við sig, að hann vildi láta flytja lík mannsins úr hrauninu,
en ekki nefndi hann af hvaða tilefni. Þetta var að Grettis-
götu 82, heima hjá Kristjáni Viðari og var Tryggvi Rúnar
viðstaddir. Var ákveðið að hefjast handa samdægurs. Undir
kvöldið var lagt af stað í ferðina á bifreið föður ákærða,
sem er af Toyota gerð, en skrásetningarnúmer man ákærði ekki.
Með í ferðinni voru meðákærðu Kristján Viðar, Sævar Marinó
og Tryggvi Rúnar. Þeir höfðu meðferðis 1 eða 2 skóflur,
er ákærði Kristján Viðar átti. Einnig var haft meðferðis
stór plastpoki úr svörtu plasti eða strangi úr plasti.
Ekið var á stað þann í hrauninu, þar sem maðurinn hafði
verið látinn. Fóru ákærðu Sævar Marinó og Tryggvi Rúnar
að sækja líkið, en Kristján Viðar varð eftir í bifreiðinni
hjá ákærða. Eftir um 1 klst. eða svo komu þeir Sævar Marinó
og Tryggvi Rúnar aftur og höfðu meðferðis plastpoka með
einhverju í eða stranga með plasti utan um, og bundið um
með snæri. Settu þeir þetta í farangursgeymslu bifreiðar
ákærða. Biðu þeir síðan í um 2 tíma uns dimmt var orðið
en þá var ekið til Hafnarfjarðar. Ekki fann ákærði heina
lykt koma upp í bifreiðinni af líkinu. Þegar til Hafnarfjarðar
kom var staðnæmst við kirkjugarðinn. Fóru allir ákærðu
inn í kirkjugarðinn og var tekin gröf á milli leiða einhvers
staðar í norð-austur horni hans. Gröfin var við leiði um

2 metra löng, um 40 cm breið og 50-60 cm á dýpt. Þegar lokið var við gröfinn var líkið sótt í bifreiðina. Var það borið inn í kirkjugarðinn um eystra hlið á norður vegg, síðan meðfram vegnum og loks smáspöl inn í garðinn, þar sem gröfin var. Líkið var að því búnu látið í gröfina og mokað yfir. Minnir ákærða að Kristján Viðar og Sævar Marinó hafi gert það. Ákærði átti að hafa gætur á mannaferðum á meðan á þessu stóð. Ákærði veit ekki hvernig meðákærðu gengu frá gröfinni eftir að þeir voru búnir að grafa líkið.

Akærði ók meðákærðu að því búnu til Reykjavíkur.

Akærði veit ekki til, að neitt hafi verið hreyft við líkinu eftir þetta. Akærði staðhæfir rækilega aðspurður, að líkið hafi verið grafið á framangreindum stað.

Akærði kveðst breyta fyrri framburði sínum til samræmis við það, er að framan greinir. Hann getur ekki gefið skýringu á því nú en meðákærðu voru búnir að gefa honum í skyn að öruggara væri fyrir hann að skýra ekki frá því, er hann vissi um mál þetta.

Upplesið, játað rétt.

Dómarinn ákveður að ákærði skuli hafður í haldi fram að kl. 18.00 í dag, en þá verði hann láttinn laus. Ákærða er bönnuð fór út fyrir lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema leyfi komi til hverju sinni. Þá skal hann mæta hjá Kristmundi Sigurðssyni, rannsóknarlöggreglumanni, einu sinni í viku eftir nánari ákvörðun síðar.

Upplesið.

Akærði vék frá kl. 14.45.

Dómpingi slitið.

Gunnlaugur Briem.

Vottar:

Kristmundur J. Sigurðsson.

Gísli Guðmundsson.

Rétt endurrit staðfestir.

Skrifstofu sakadóms Reykjavíkur, 14. mars 1977.

Gunnlaugur Briem



Nr. 1 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 20/12 1975

58

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Priðjudaginn daginn 29-1- 1974.

Tekin af:

Nirði Snæhólm,
aðalvarðstj.

kom á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar

kl.0900 Einar Baldursson, tilh. Hraunprýði í
Blesugróf, sími 33641.

Hann tilkynnir eftirfarandi:

S.l. laugardagskvöld þann 26.p.m.

um kl.2000 eða nálægt þeim tíma, fór sonur minn
Guðmundur Einarsson, f.6-~~10~~-1955, að heiman og
ætlaði í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði á ball, eftirþví er eg bezt veit, og með honum fóru frá mér,
tveir félagar hans, Gilli í Bakkakoti og Kiddi
í Dalbæ. Eg vissi ekki annað en að Guðmundur
ætlaði að koma heim um nóttina, en það gerði hann
ekki og ekki heldur á sunnudaginn eða í gær, og
hefur enn ekkert látið heyra frá sér. Það er
búið að tala við piltana sem fóru með Guðmundi,en þeir vissu ekki hvort Guðmundur hefði komist
inn á ballið, því þeir höfðu orðið viðskila við
húsið og ekki hittst eftir það.

Við erum búin að hafa samband við
alla sem vitað er um að Guðmundur þekki, en ekkert
er vitað um hann. Þessa nótt var vitlaust og

veður, rok og snjókoma. Það er ekki vitað um neinar stúlkur, sem Guðmundur gæti verið hjá. Auglýst var eftir honum í hádeginu í gær og hann beðinn um að hringja heim, en það bar ekki árangur.

Guðmundur ~~hefur~~ stundum bragðað áfengi, en eg veit ekki til að hann hafi nokkurntíman bragðað það mikið að á honum sæist næsta dag. Hann er full frískur, og ekki vitað til að nokkuð ~~hafi~~ amað að honum, eða að hann ~~hafi~~ gengið með nokkurn sjúkdóm.

Guðmundur vann hjá Pétri Snæland og átti að byrja í vinnu þar í gærmorgun.

Par sem ekkert hefur fréttst af mannum síðan á laugardagskvöld, hlýtur eitthvað að hafa komið fyrir hann og það meira en lítið og því óska eg eftir að auglýst verði eftir honum í útvarpinu eg allt gert sem hægt er til að hafa upp á honum.

Guðmundur er um 180 c.m. á hæð og samsvarar sér vel, svarthærður með hár niður á herðar og frekar grannleitur. Var í doppóttum jakka og grænleitum buxum og brúnum skóm. Hvernig skyrtu hann var í, veit eg ekki.

Það hefur aldrei komið fyrir áður að Guðmundur hafi verið burtu í meira en eina nótt í einu án þess að láta okkur vita af því.

Upplesið, játað rétt. Einar Baldursson.

N.Snæhólm.

Einar Baldursson

Pá sagði Einar mér að Guðmundur hefði bara haft með sér kr.l.000.- í peningum og flösku af víni.

N.Snæhólm.

Eftir að hafa tekið skýrslu af Einari, hringdi eg í Thor B. Eggertsson, sími 34180 og bað hann um að sjá til þess að leit yrði hafin að Guðmundi. Thor hafði samband við skáta í Kópavogi og Hafnarfirði og leitin á að byrja um kl. 1300 í dag. Þá talaði eg einnig við Hannes Hafstein hjá Slysavarnarféluginu og létt hann vita um þetta. Einnig hringdi eg í lögregluna hér, í Kópavogi og Hafnarfirði og létt þá vita um þetta.

Þá talaði eg við Kidda. Kristinn Magnússon, Dalbæ í Blesugrót, sími 33834 og í vinnu 24060.

Hann sagði að þeir félagar hefðu farið s.l. laugardagskvöld heim til Bjössa. P.e. Sigurbjörns í Tjarnarflöt lo Garðahreppi, sími 42943 og þar hefðu þeir verið framundir miðbættið og þá hefði klárast úr flösku þeirri er Guðmundur var með. Síðan hefðu þeir allir farið í Hafnarfjörð og farið í Alþýðuhúsið, en þá hefði Ásgeir Þorsteinsson, sem inni á mótorverkst. hjá Agli Vilhjálmsyni, verið með Guðmundi. Taldi að Guðmundur hefði ekki verið mjög ölvaður, en það hefði hinsvegar Ásgeir verið. Sagði að Ásgeir hefði sagt sér á eftir, að hann hefði orðið viðskila við Guðmund og farið einn heim áður en ballið hætti. Sagðist ekki geta sagt um það hvenær hann sá Guðmund síðast á ballinu, en taldi að það hefði verið stuttu eftir að þeir komu inn.

Þá talaði eg við Gilla. P.e. Ásgeir Þorsteinsson, Bakkakoti í Blesugrót, sími 34364.

Hann sagði að þeir hefðu allir félagarnir farið heim til Bjössa um kvöldið og ferið par eittthvað

frameftir kvöldinu við drykkju. Sagðist hafa verið orðinn einum of ölvaður, en samt muna eftir að þeir fóru til Hafnarfjarðar og þar í Alþýðuhúsið, en sagðist ekki muna eftir að hafa séð Guðmund, eða hina strákana eftir að hann kom þar inn. Sagðist muna eftir að hann hefði farið einn af ballinu einhverntíman áður en það var búið, og þá náð í leigubíl við Skiphól og farið einn í honum heim. Eftir þetta hefði hann ekki frétt neitt af Guðmundi.

N. Snæhólm.

kl. 1800 talaði eg við Bjössa, þ.e.

Sigurbjörn Haraldsson, tilh. Tjarnarflöt lo Garðahreppi, sími 42943. Hann sagði að þeir félagar hefðu verið heima hjá sér til um kl. 2300 og þá hefðu þeir verið búnir úr flösku þeirri er Guðmundur var með, og búnir að kaupa aðra og langt komnir með hana er þeir fóru til Hafnarfjarðar. Taldi að Guðmundur hefði ekki greitt neitt í seinni flöskunni. Sagði að þeir hefðu allir farið á ballið í Alþýðuhúsinu og sagði að sig minnti að hann hefði lánað Gilla kr. loo.- til að hann kæmist inn. Sagðist halda að það hefði verið um miðnættið eða kl. 0030 eða þar á milli, sem hann sá Guðmund síðast á ballinu. Er ballið hefði verið búið kl. 0200 sagðist hann hafa beðið góða stund fyrir utan, ásamt Kristni, en þeir hefðu aldrei orðið varir við Guðmund eða Gilla, og svo heððu þeir farið heim. Sagði að það hefði ekkert verið um það talað að þeir félagar kæmu til sín, eftir ballið og það væri því

hæpið að Guðmundur hefði látið sér detta í hug að fara þangað. Sagði að sér hefði ekki fundist Guðmundur vera mjög ölvaður er þeir komu á ballið. Þá sagði hann að Guðmundur hefði ekkert verið fyrir það gefinn að fara einn í göngutúra. Þeir hefðu vanalega haldið hópinn, er þeir voru saman.

Sagði að þeir félagar Guðmundar hefðu leitað í hrauninu í gær og farið fjörur í Hafnarfirði og svo leitað í kring heima hjá Guðmundi fram á nótt.

Menn frá Slysavarnarfélaginu og skátum, lo ~ 12 sveitir leituðu í dag fram að myrkri, þar sem hægt var með fram vegum og víðar, frá Fossvogu og suður um Hafnarfjörð, en þar var einnig leitað í fjörum. Þar sem um 60 c.m. snjólag er yfir allt, er ekki hægt að leita í hrauninu, eða utan vega á óbyggðum svæðum og verður því að fresta því, þar til er snjó leysir.

N.Snæhólm.

30-1-74. Í gær kl.1930 hringdi heim til míni Elinborg Rafnsdóttir, sími 71478 og sagðist hafa verið á ferð um Strandgötu í Hafnarfirði ásamt annari stúlkum kl.0200 aðfaranótt sunnudagsins og þá séð Guðmund þar á gangi nálægt bíóinu. Sagðist kannast við hann í sjón. Sagði með með honum hefði verið annar piltur eitthvað eldri, með dökkskollitað hár og í gulri skyrtu, jakkalaus, og nokkuð ölvaður. Piltarnir hefðu verið að reyna að stöðva bíla, en þær ekki þorað að stansa sökum sláttar í þeim í guluskyrtunni, en hann þekkti Elinborg ekki.

Eg talaði við Kristinn Magnússon og spurði hann hvort einhver þeirra félaga hefði verið í gúlri skyrtu, en hann sagði að enginn þeirra hefði verið í svoleiðis litri skyrtu.

N. Snæhólm.

31-1-74. Í dag kl. 1140 hringdi til míni Sveinn Björnsson, yfærlögrþj. í rannsóknarlöggreglunni í Hafnarfirði, og sagði að til síni hefði hringt Sveinn Vilhjálmsen, sími 50672 og sagst hafa séð Guðmund aðfaranótt sunnudagsins, neðst á Reykjavíkurvegi um kl. 0215 til 0230. Hann hefði verið einn, fullur og dettandi og verið að reyna að stanza bíla.

Eg hringdi heim til Sveins Vilhjálmsenar og var sagt að hann væri um borð í m/s Straumnesinu, sem væri við bryggju í Hafnarfirði, svo eg fór þangað og talaði við hann. Sveinn sagðist eiga heima í Smyrlahrauni 42. Sagðist umrædda nótta hafa verið í bíl með strák sem hann myndi ekki nafn á, en sá inni við sorphreinsunarbílinn í Hafnarfirði og væri með alskegg. Þeir hefðu verið að aka um Hafnarstrætið um nótina og svo norður Reykjavíkurvegi, en nokkurn spotta uppi á Reykjavíkurveginum, hefði mikið ölvadur strákur, sem hefði verið dettandi, að reyna að stöðva bíla. Sagði að strákurinn hefði verið með mikið hár og í köflóttum jakka. Sagði að þeir hefðu orðið að stanza er strákurinn hefði dottið fyrir framan þá.
(Það er rétt að jakki Guðmundar mun hafa verið köflóttur, en ekki doppóttur).

Sveinn sagðist svo hafa séð mynd af Guðmundi í Morgunblaðinu, og sagðist ekkisjá betur en þó þarna væri um sama strák að ræða, og því hefði hann látið lögregluna vita um þetta. Hefði verið um 0215 - 0230.

Sagði að nokkru norðar á veginum hefði annar fullur maður verið á gengi. Sá hefði verið í jakka og eldri.

Eg leitaði sorphreinsunarbílinn uppi og þar hitti eg Smára Kjartan Kjartansson, Sjónarhóli Hafnarfirði. Hann er alskeggjaður og kannaðist við að hafa verið að aka umrædda nött með Svein. Sagðist hafa verið búinn að vera með hann allt kvöldið í Volgswagen bíl. Taldi að það hefði verið nálægt kl. 0300 sem þeir komu neðan úr bæ og óku norður Reykjavíkurveg og er þeir komu að ljósunum við Frystihuðið, hefði verið þar á gangi nokkuð ölvadur strákur, en samt ekki mikið fullur. Hann hefði baðað út höndum og verið að reyna að stöðva bíla og hefði gengið í veg fyrir bílinn hjá sér og dottið fyrir framan hann. Sagðist hafa stanzað og svo haldið áfram er strákurinn var staðinn upp og búinn að koma sér frá. Sagðist svo hafa haldið áfram að Oliustöðinni nokkru norðar og farið þar að húsinu (en þar er nætursala.) Sagði að þarna fyrir framan hefði verið annar fullur maður um 40. en hann hefði komið inn á stöðina. Sagðist hafa farið til baka niður í bæ, sömu leið og hann kom, 15 til 20 mínútum seinna, en þá ekki séð piltinn neinstaðar. Gat ekki lýst piltinum, nema hvað hann hefði verið með mikið hár.

Sunnudaginn 3-2-74. Í dag eftir hádegið var aftur leitað að Guðmundi. Farið með veginum til Hafnarfjarðar og í gegnum gryfjurnar í Fífuhvammi og þar upp í gegn, en ekkert fannst, enda leitarfæri ekki gott, þó búið væri að rigna nokkuð. Faðir Guðmundar tók þátt í leitinni.

N. Snæhólm.

Själv sigr II bkr 17-
Skyrsta NS 12/1 77

*Var í gózlu, en
slemt hennar sunna dag.* 66

~~H. 2 Leggum fólkakorti~~

20. des. 1975 kl. 09:30 er mætt hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. sem vitni í máli þessu í fangelsinu við Síðumúla, Erla Bolladóttir húsmóðir til heimilis að Þverbrekku 4 í Kópavogi sími 43848, fædd 19. 7. 1955 í Rvk.

Tilefni þess, að Erla er mætt hér sem vitni er það, að rannsóknarlöggreglunni hefur borist til eyma, að sambýlismaður Erlu geti hugsanlega verið viðriðinn hvarf Guðmundar Einarssonar aðfararnótt 27. jan. 1974.

Eftir aðsk Erlu hefur verið gerð ljós vitn skyldan og þá þar með, að æx hún sé ekki skyld að bera vitni, þar sem vitnisburður hennar kynni að verða gegn sambýlismanni hennar Sævari Ciesielski, skýrir hún frá eftirfarandi: Eg man eftir því, að fyrir tæpum tveim árum, þá var lýst eftir í fjölmöglum ungum manni, sem síðast mun hafa sést til í Hafnarfirði. Þegar ég sá mynd af þessum manni í dagblaði, þá taldi ég mig kannast við hann síðan ég og hann hefðum verið ~~xxxxxxxxxxxxxx~~ í sama samkvæmi fyrir nú fyrir ca. 4 árum. Þann 26. janúar fór ég á dansleik í samkomuhúsini Klúbbnum hér í borginni. Mánaðardaginn byggi ég á því, að ég er viss, um, að þetta var á laugardagskvöldi og rétt fyrir mánaðarmót ~~janúar~~ janúar-febrúar. Samkvæmt dagatali frá 1974, þá er næsti laugardagur fyrir þau mánaðarmót, 26. janúar. Eg fór ein míns liðs á ~~xxxxx~~ dansleikinn og ein út úr húsinu aftur að dansleiknum loknum. Fyrir utan húsið hitti ég stúlku, sem ég kannast við og heitir Auður Úlafsdóttir Jakobsen. Hún var þarna í gamalli Mercedes-Benz-bifreið. Með henni í bifreiðinni var unnusti hennar, ökumaðurinn og einhverjir tveir strákar. Ekkert af þessum strákum þekkti ég. Öll voru þau ölvuð, nema ökumaðurinn. Eg hafði aðeins bragðað áfengi á dansleiknum, en svo lítið, að ég tel mig ekki hafa fundið til áfengisáhrifa. A þessum tíma bjó ég að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, ásamt Sævari, en sambúð okkar var fremur stirð og var hann stundum að heiman áðlarhringum saman.

Nú sem ég var stödd þarna við Klúbbinn, þá átti ég enga peninga til, til þess að greiða með leigubifreið til Hafnarfjarðar. Eg gaf mig því á tal við Auði í þeim tilgangi, að hún léti aka mér suðureftir. Mér var boðið upp í bifreiðina og í henni fór ég að tala um að fá akstur til Hafnarfjarðar, og virtist ekkert vera því til fyrirstöðu. Þau krakkarnir vildu samt endilega bjóða mér í "partí" áður en ekið yrði suðureftir og féllst ég á það. Við fórum í eitthvert hús ekki langt frá Klúbbnum og dvöldum þar ~~xxxxxx~~

nokkra stund. Þetta ~~pax~~ "partí" var lftið skemmtilegt og ekki var þar neitt áfengi haft um hönd, því það var ekki til. Mér var svo ekið til Hafnarfjarðar um nóttina og voru þá ekki með í förinn aðrir, en Auður, unnusti hennar og ökumaðurinn. Ekki var farið venjulega leið til Hafnarfjarðar, heldur einhverja leið, þar sem engin eða lítil byggð var og áttaði ég mig ekki í fyrstu hvar við vorum stödd, þegar við komum í bæinn. Ég vísaði svo leiðina heim til míni, þegar ég hafði áttað mig á hvar við vorm stödd, en ~~hækki~~ þangað heim er ekki auðratað fyrir ókunnuga.

Ég bjó í kjallara hássins og höfðum við Sævar þar til umráða tvö herbergi. Auk þess er gangur í kjallaranum, snyrtiherbergi, kyndi- og þvottaherbergi og geymsluherbergi, sem tilheyrði okkur Sævari. Snyrtiherbergið og kyndi- og þvottaherbergið er aftur á móti sameiginlegt með íbúunum á hæðinni fyrir ofan og í risinu.

Ég geri ráð fyrir, að ég hafi komið heim þessa nótt um kl. 03:30 til 04:00, en um það get ég ekki sagt með vissu. Ég reikna út pennan tíma miðað við það, að dansleiknum lauk kl. 02:00 og ég var ekki lengi í "partínu". Þegar ég kom að húsinu heima var hvergi ljós í kjallarnaum það ég man og ekki minnist ég þess, að hafa séð ljós annarsstaðar í húsinu. Svo var, að við Sævar höfðum aðeins einn lykil að kjallaranum, það er útidyrunum, og í þessu tilviki mun Sævar hafa verið með hann, alla vega varð ég að skryða inn um glugga. Sá gluggi er á kyndi- og þvottaherberginu og var ekki óalgengt, að ég eða Sævar notuðum þessa leið inn í húsið, ef við höfðum ekki lykla. Dyrnar úr því herbergi fram í ganginn voru lokaðar, en aftur á móti voru dyrnar úr því inn í geymsluherbergið innar opnar, enda ~~ekki~~ man ég ekki fyrir víst hvort nokkur hurð var í þeim. Ekki kveikt ég ljós, þegar ég kom inn fyrr en ég kom inn í svefnherbergið. Úr kyndi- og þvottaherberginu fór ég inn á ganginn og úr honum í stofuna. Ég held, að dyrnar úr ganginum inn í stofuna, hafi verið lokaðar, í það minnsta hafði ég fyrir sið, að hafa þær þannig. Þetta man ég þó ekki fyrir víst hvað áhrærir þessa sérstöku nótt. Dyrnar úr stofunni inn í svefnherbergið voru einnig lokaðar, en það var aftur á móti óvenjulegt og ég er viss um, að þær voru oþnar, þegar ég fór úr íbúðinni morguninn áður. Það hlýtur því einhver að hafa komið í íbúðina í fjarveru minni. Eins tók ég eftir því í svefnherberginu, ~~en~~ úr sykulpoka, sem var á hillu í borði þar, hafði hellst sykur, en svo var örugglega ekki um morguninn.

Ég var þreytt, þegar ég kom heim, en ekki ölvuð, og fór því beinustu leið í rúmið. Ég slökkti ljósið áður, en háttædi ekki, heldur lagðist fyrir í öllum fötunum. Pegar ég lagðist upp í rúmið, þá tók ég eftir því, að lakið vantaði í það og þótti mér það undarlegt, því ekki hafði ég fjarlægt það úr rúminu. Þetta var stórt, ~~hvit~~^{listas.} lak, svo breitt, að það hefði náð yfir tvíbreytt rúm. Ég hugðsaði ekki meira um þetta, hdlur mun hafa sofnað mjög fljóttlega. Ég vaknaði svo og tel ég, að ég hafi þá aðeins verið búin að sofa mjög stutt. Orsökin til þess, að ég vaknaði, var sú, að ég heyrði eitthvert prusk, að ég held ábyggilega fyrir utan herbergisgluggann. Fyrir utan gluggann er garður og utan við hann bifreiðastæði, sem tilheyrir Suðurgötu. Að það stæði er að öllu jöfnu lagt bifreiðum tilheyrandi íbúum Hamarsbrautar, því Hamarsbraut er varla hægt að kalla götu, enda lokuð í báða enda og aðeins hægt að aka inn á hana um troðning á milli húsa. Mér fannst eins og þruskið hyrfi fyrir húshornið og sofnaði ég þá aftur. Óðru sinni vaknaði ég þessa nótt, og held ég, að það hafa verið mjög stuttu síðar. Þá heyrði ég umgang í ganginum og augljóst var, að einhver eða einhverjir voru komnir inn í kjallarann. Mér heyrðist á umganginum, að þar væru fleiri en einn á ferðinni og viðkomandi væru með eitthvað þungt, sem peir bæru. Ég fór nú fram úr rúminu og fram í hitt herbergið, sem var stofan. Þá sá ég, að dyrnar úr henni fram í ganginn voru í hálfu gátt, en ég hafði örugglega lokað þeim á eftir mér, þegar ég kom heim. Ekki kveiti ég ljós, eða gerði vart við mig á annan hátt, heldur stóð til hliðar við dyrnar milli gangsins og stofunnar þar sem ég sást ekki úr ganginum og ég sá heldur ekki fram á ganginn. Þá sá ég, að birta var í ganginum. Ég heyrði nú, að þeir, sem þarna voru á ferð, fóru úr ganginum í gegnum þvotta- og kyndiherbergið og, að mér virtist inn í geymsluherbergið þar inn af. Ég var nú orðin alveg viss um, að þarna væru fleiri en einn á ferð, því ég heyrði mannamál, þótt svo ég heyrði ekki orðaskil. Ég þekkti raddir tveggja mann, það er Sævars sambýlismanns míns og kunningja hans og vinar, Kristjáns Viðars Viðarssonar Einnig fannst mér ég heyra priðja manninn tala, en ekki þekkti ég rödd hans. Þegjár ég heyrði raddir mannanna, þá var ég komin fram í ganginn, því ég heyrði þá ~~xxxxx~~ vera komna inn í geymsluherbergið. Ég stóð nokkra stund í gangingum rétt við dyrnar inn í þvotta- og kyndiherbergið og heyrði raddir mannanna innan úr geymsluherberginu, þótt ég greindi ekki

orðaskil. Einnig heyrði ég, að eitthvað var um að vera hjá þessum mönnum og á ég þar við, að þeir virtust vera að eiga við eitthvað þungt. Æg sá, að birta var inni í þvotta- og kyndiklefanum og fór ég nú í dyrnar milli hans og gangsins.

Þaðan gat ég ekki komist hjá því að sjá hvað fram færi inni í, geymsluherberginu, því dyrnar þangað inn eru beint á móti. Nogu þjart var þar inni til þess, að ég sá greinilega hvað þar fram fór, en birtan held ég að hafi komið úr þvotta- og kyndiklefanum, en ekki hafi verið kveikt ljós í geymsluherberginu.

Æg sá þá Sævar og Kristján Viðar ~~xix~~ og briðja manninn, sem ég ekki bekkti, inni í geymsluherberginu. Peir voru með á milli sín eitthvað stórt og þungt, ~~sem umlukið var~~ laki. Kristján Viðar hélt í annan enda þess og var sá endi bundinn saman í hnút. Sævar bograði yfir hinum endanum og var að þekkja hann saman í hnút. Priðji maðurinn stóð að nokkru leiti bak við Kristján Viðar og virtist mér hann ekki aðhafast neitt sérstakt. Ekki sá ég hvað í lakinu var, en ég er þess fullviss, að í lakinu var mannslíkami. Fætur og sitjandi mannsins í lakinu stóðu út í það og snoru að mér og sá ég mjög greinilega móta fyrir þessum líkarshlutum. Peir voru þeim megin í lakinu, sem að Kristjáni Viðari sneri. Meðan þessu fór fram, þá sá ég bleytublett myndant á lakinu þar sem sitjandinn stóð út í það. Jafnframt gaus upp vond lykt, einhverskonar saurlykt. Við þessa sjón varð ég svo miður míni, að ég gat mig hvergi hreyft. Mér varð það nú á, að grípa andann á lofti og tók Kristján Viðar þá eftir nærveru minni. Hann sneri sér að mér og þegar hann tók eftir mér, þá bölvæði hann og talaði um hvað ég væri að gera þarna. Þá leit Sævar upp frá verki sínu og sagði Kristjáni Viðari að vera rólegum og sagði Kristján Viðar þá ekki meir. Æg stóð nú þarna sem nelgð niður í dyrunum og gat mig ekki hreyft. Mér fannst mér vera mjög kalt, þótt svo hár mitt væri orðið blautt, ég held af svita. Peir ~~re~~ premenningarnir tóku nú maminn upp í lakinu. Kristján Viðar hélt undir annan endann, Sævar undir hinn, en sá priðji undir miðjuna. Peir komu áleiðis að dyrunum, sem ég stóð í, enda þær eini útgangurinn, og fór Sævar fyrstur. Æg hreyfði mig ekki enn, og hratt Sævar mér frá til þess þeir kæmust framhjá. Við það féll ég á gólfíð í ganginum og lá þar einhverja stund, því ég hreinlega gat mig ekki hreyft. Eftir smástund kom Sævar til baka og fann mig ligggjandi á gólfinu. Hann tók undir hendur mér og dró mig inn í svefnherbergið, þar sem hann lagði mig upp í

rúm. Þá sþurði hann mig hvort ég hefði séð nokkuð og ætlaði ég að neita því af hræðslu við hann, en mér var ómögulegt að koma upp nokkru orði. Þá sagði hann, að ég skyldi aldrei segja neitt þótt ég yrði spurð. Með það fórkum hann svo út úr íbúðinni og húsinu. Ég mun eftir þetta hafa sofnað, í það minnsta man ég ekkert fyrr en daginn eftir og bjart var orðið. Mér leið þá mjög illa og næstu daga. Þegar ég vaknaði, þá fór ég út að sorptunnum við húsið og leit ofan í þær. Ekki get ég gert mér grein fyrir hversvegna ég gerði þetta. Efst í annarri tunnunni fann ég lakið af rúminu okkar og í því var linur og blautur mannssaur. Að sjafilsögðu var blettur í lakinu og var hann par á sama stað og ég hafði séð hann myndast um nóttina. Einnig gaus upp sama lyktin, og ég hafði þá fundið út úr geymsluherberginu. Ég held ég hafi vaknað áður en bjart var orðið, en ég hreinlega þorði ekki út fyrr. Ég hugsa, að ég hafi farið út til þess að reyna að ganga úr skugga um hvort það, sem ég sá um nóttina hefði verið veruleiki. Ég var mjög miður mínn í fleiri daga eftir þetta og einbeitt mér að því að hugsa ekki um það. Sævar sá ég ekki fyrr en nokkrum dögum síðar, eða nánatiltekið 1. febrúar. Þegar lýst var eftir Guðmundi Einarssyni, þá setti ég atburði þessarar nætur ekkert í samband við hvarf hans og hugsaði yfirleitt ekkert um þetta. Aldrei hefur Sævar minnst á þetta við mig síðan og ég ekki við hann.

Það er rangt, að Kristján Viðar hafi haldið í annan enda laksins inn í geymsluherberginu, þegar ég leit þangað inn fyrst. Hann gekk um golf og barði krepptum hnefa í lófa sér. ~~xxxxxx~~
~~xxxxxxxxxxxxxx~~ Mér virtist, xx að maðurinn í lakinu eiginlega lægi á bakinu með hnén kreppt upp að maganum.

Ekki varð ég vör vin neinha bifreiðastæðinu, er ég kom heim, sem ég hafði ástæðu til þess að setja í samband við okkur Sævar. Ég var heldur ekkert að gá að því og man ekki haða bifreiðar voru yfirleitt á stæðinu þessa nótt. Ekki heyrði ég heldur til neinnar bifreiðar um nóttina, hvorki koma eða fara. Hitt er annað, að bifreið hefði bæði getað komið á stæðið og xx farið af því, án þess ég heyrði það inn í húsið.

Yfirheyrslu lauk kl. 16:35.

Vottur:

Sigrún V. Eggerthss.

E. N. Bjarnason
löggreglum.

Upplesið, staðfest:

Erla Bolladóttir

Erla Bolladóttir

22. des. 1975. Kl. 14:00 var Sævar M. Ciesielski gæslufangi í Fangelsinu við Síðumúla tekinn til yfirheyrslu og var tilefnið skýrsla, sem Erla Bolladóttir sambýliskona Sævars hafði áður gefið. Þar taldi hún sig vita um afdrif Guðmundar Einarssonar, sem síðast var vitað um í Hafnarfirði að nóttu til síðast í janúar-mánuði 1974. Í skýrslu sinni skýrði Erla frá því, sem hún kvaðst hafa hafa heyrt og séð í þessu sambandi. Í janúar 1974 bjó Erla að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og dvaldi Sævar þar einnig að mestu.

Gætt er l. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og fljótlega eftir að yfirheyrsla hófst yfir Sævari, þá komu og voru viðstaddir þeir Örn Höskuldsson fulltrúi yfirsakadómara og Jón Oddsson hrl. réttargæslumaður Sævars. Peir voru viðstaddir þar til yfirheyrslu lauk um kl. 19:00.

Sævar var margspurður og vitneskju hans varðandi harf Guðmundar Einarssonar, en í fyrstu neitaði Sævar allri vitneskju þar um. Honum var bent á, að Erla Bolladóttir hefði skýrt frá sinni vitneskju um málið og hún segði Sævar vera við það riðinn. Þar kom, að Sævar viðurkenndi að hafa einhverja vitneskju um afdrif Guðmundar, en vitldi til að byrja með ekki segja nánar frá henni.

I samráði við Jón Oddsson hl. var upphafið að skýrslu Erlu Bolladóttir lesið fyrir Sævar. Sævar bað þó fljótlega um að lestrinum yrði hætt og féllst á að skýra sjálfur frá hlutdeild sinni í hvarfi Guðmundar. Ekki var tekin skrifleg skýrsla af Sævari, en hann skýrði frá atburðum mjög á sömu lund og Erla hafði gert. Sævar rækta í aðalatriðum þann atburð, að Guðmundur Einarsson, Kristján V. Viðarsson og Tryggvi R. Leifsson hafi allir komið í íbúðina við Hamarsbraut að nóttu til seint í janúar 1974. Tíma-setningu miðaði Sævar við það, að hann hefði þá verið ~~kominn~~ nýkominn erlendis frá vegna kaupa á "hassi". Í þá innkaupaferð hefði hann farið með Viggó Guðmundssyni. Átök höfðu svo átt sér stað í íbúðinni við Hamarsbraut, sem lauk með því, að Guðmundur beið bana. Ekki var lögreglu gert vörvert eða læknir tilkvaddur, heldur hringdi Sævar til Alberts K. Skaftasonar kunningja síns og fekk hann á bifreið föður síns á staðinn. Í þeirri bifreið fluttu þeir svo lík Guðmundar og urðu í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar.

Eigi var nú skrifleg skýrsla tekin af Sævari, bæði vegna þess, að mjög var liðið á leyfilegan yfirheyrslutíma og einnig ósk-aði Jón Oddsson hrl. eftir þeirri frestun.

*Vitna
slagsl.*

23. des. 1975 kl. 13:55 er mættur í ~~skrifstofu~~ hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. sem vitni í máli þessu í fangelsinu við Síðumúla, Albert Klahn Skaftason nem til heimilis að Laugavegi 46 A hér í borg sími 24113, fæddur 16. 2. 1955 í Rvk.

Eftir að mætta hefur verið gerð ljós vitnaskyldan skýrir hann frá eftirfarandi: Mér hefur hér verið gert ljóst, að tilefni yfirheyrslu þessarar er hvarf á ungum manni í Hafnarfirði fyrir tæpum tveim árum, nánar tiltekið aðfararnótt 27. jan. 1974. Mér hefur einnig verið tjáð, að Sævar Ciesielski hafi tjáð rannsóknarlöggreglunni, að á þeim tíma muni maður hafa verið barinn í íbúð Sævars, eða geymsluherbergi henni tilheyrandi, en á þeim tíma bjó Sævar að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði.

A þeim tíma, sem hér um ræðir, það er 27. jan. 1974, þá var ég töluvert mikið í félagsskap Sævars, enda höfum við verið félagar frá æsku. Einnig umgekkst ég þá mikið þá Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar Leifsson. Æg hafði oft til umráða bifreið föður ~~með~~ míns, sem er Toyota-fólksbifr. gul að lit. I þeirri bifreið ók ég þeim félögum oft.

Það skeði eitt sinn að nóttu til, gæti vel verið aðfararnótt 27. jan. 1974, að ég kom á bifreið föður míns heim til Sævars í Hafnarfirði. Ekki man ég fyrir víst hvort ég ók einhverjum peirra félaga þangað, eða hvort þeir hringdu heim til míni og báðu mig að koma. Hvað klukkan var, er ég ekki viss um, en hún gæti hafa verið einhversstaðar milli 24:00 og 05:00.

Ekki man ég gjörla hvernig stóð á komu minni að húsinu heima hjá Sævari, en ég man, að ég sat þar í bifreiðinni á bifreiðastæðinu Suðurgötu-megin við hús það, sem Sævar bjó í. Næst man ég fyrir víst, að Sævar kom frá húsinu að bifreiðinni og bað mig að opna farangursgeymsluna hvað ég gerði. Æg settist svo inn í bifreiðina aftur, en Sævar fór aftur inn í húsið. Eftir nokkra bið komu þeir allir þrír, það er Sævar, Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar að bifreiðinni. Bifreiðin sneri þannig, að afturendi hennar vísaði að húsinu, eða öllu heldur að sundi milli hússins og næsta húss. Þarna er, ~~xx~~ eða var, slæm götulýsing og fylgdist ég aðeins með ferðum þeirra í baksýnisspegli bifreiðarinnar, þeim sem staðsettur er á vinstri hlið hennar. Æg sá, að þeir allir þrír voru með, að ég held fleiri en einn poka, eða eitthvað, sem líktist poka. Eins getur vel verið, að þetta hafi aðeins verið einn poki, eða eitthvað pokalaga, sem þeir hafi hver um sig haldið í á mis-

munandi stöðum. Ekki sá ég neitt hvað var í þessum poka eða pokum. Byrði sína settu þeir í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Meðan þeir voru að því, þá ruggaði bifreiðin svolítið til og smá-dynkir heyrðust og virtist mér það benda til þess, að verið væri að setja eitthvað fremur þungt í farangursgeymsluna. Þegar þeir höfðu komið byrgði sinni þar fyrir, þá skelltu þeir aftur farangursgeymslunni. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar settust svo inn í bifreiðina í aftursætið. Sævar kom ekki alveg straks inn í bifreiðina og held ég hann hafi farið aftur heim að húsinu. Þegar hann kom, þá settist hann inn í framsætið við hlið mér. Ekki sá ég neinn þeirra fara að sorptunnunum við húsið.

Nú var ekið sem leið liggur út úr Hafnarfirði að sunnanverðu, nánar tiltekið á sama stað og ekið er að Sædýrasafninu. Síðan ók ég inn á Keflavíkurveginn og hann til suðurs. Sævar sagði til um hvert aka skyldi og ók ég aðeins að hans fyrirsögn. Ekki get ég gert mér nána grein fyrir hversu langt við ókum eftir Keflavíkurveginum, en hann ókum við þar til Sævar sagði mér að beygja út af honum til vinstri. Eg held, að við höfum þá verið komnir eitthvað fram hjá Álverinu í Straumsvík, jafnvel þónokkuð suður fyrir það. Eg ók nú stuttan vegarspotta þvert út af Keflavíkurveginum, beygði svo til hægri nokkurn spöl og síðan aftur til vinstrið eða þannig man ég best eftir því, að þessi afleggjari lagi. Að lokum stöðvaði ég bifreiðina ofan í nokkurskonar dæld, sem mér vitist vera gerð af mannahöndum. Þar var svo slétt, að ég gat snúið bifreiðinni við. Í þessari dæld held ég, að við höfum ekki verið í sjónmáli frá Keflavíkurveginum. Allan tímann hafði ég ekið að fyrirsögn Sævars og hann sagði mér að stöðva þarna. Þegar ég var búinn að snúa bifreiðinni við, þannig, að framendi hennar sneri í átt að Keflavíkurveginum, þá fór þeir premenningarnir út. Sævar bað mig þá um lykilinn að farangursgeymslunni og rétti ég honum lykilinn út um gluggann. Hann opnaði svo geymsluna og létt mig hafa lykilinn aftur. Eg fór ekkert út úr bifreiðinni. Þeir þrír voru svo nokkra stund aftan við bifreiðina og virtust eiga í einhverjum erfiðleikum við að ná einhverju úr farangursgeymslunni, í það minnsta virtist það vera fyrirferðarmikið og ekki mjög þægilegt í meðförum. Hvað þetta var, það sá ég ekki, enda myrkur úti og engin lýsing eða ljós á bifreiðinni. Þeir lokuðu farangursgeymslunni áður en þeir fóru frá bifreiðinni og sá ég því móta fyrir þeim og byrgði þeirra.

74

Þegar þeir gengur frá bifreiðinni, þá virtist mér þeir vera með einn poka meðferðis og bera hann á milli sín á einhvern hátt. Æg held raunar, að ég hafi ekki slökkt ljósin á bifreiðinni og hafi ég séð móta fyrir þessu í skyni frá afturljósnum bifreiðarinnar. Peir hurfu svo út í myrkrið.

Ca. ~~15.30~~ mínútum síðar komu þeir allir aftur og voru þá ekki með neitt meðferðis. Peir settust inn í bifreiðina og ég ók til baka. Ekki er ég alveg viss um hvert ég ók þeim, en ég held, að ég hafi ekið þeim heim til Kristjáns Viðars að Grettis-götu 82, þó vil ég ekki fullyrða það. Að leiðinni til baka, þá barst í tal milli okkar Sævars, en hann sat sem fyrr í framsætinu við hlið mér, hvað í pokanum hefði verið. Sævar sagði þá berum orðum við mig, að lík hefði verið í pokanum. Mér fannst þetta svo fjarstæðukennt, að ég tók ekkert mark á þessu og hugsaði ekki frekar um það.

Síðan þetta gerðist, þá hef ég hitt alla þessa þrijá menn oftar en einu sinni, en aldrei hefur verið minnst á þesaa ferð svo ég heyrði, eða hvað það hefði verið, sem ég flutti í bifreið föður míns þessa nótt.

Það er ekki allkostar rétt, að ég hafi mikið ~~xxxix~~ umgengist Tryggva Rúnar Leifsson. Það kom fyrir öðru hvoru, að ég gerði það, en það var þá ætíð vegna þess, að hann var í félagsskap Kristjáns Viðars eða Sævars.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:10.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

Guðjón Agust Lúther

Guðjón Agust Lúther

Albert Klahn Skaftason

E. N. Bjarnason

E. N. Bjarnason
lögreglum.

75

23. des. 1975 kl. 18:30 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumýla, Kristján Viðar Viðarsson verkam. til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg (núverandi refsifangi) sími 21689, fæddur 21. 4. 1956 í Rvk.

Gætt er l. málsg. 40. gr. laga um meðfkerð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er vitneskja, sem rannsóknarlöggreglunni hefur borist ~~um~~ og mun standa í sambandi við hvarf ungs manns í Hafnarfirði aðfararnótt 27. jan. 1974.

Aðspurður og áminntur um sannsöglsi skýrir mætti frá eftifarandi: Eg man eftir því, er lýst var eftir ungum manni, sem hvarf í Hafnarfirði á þeim tíma, sem getið er um hér að framan. Eg þekkti pennan mann, því hann var fyrrverandi skólabróðir minn og hét Guðmundur Einarsson. Hitt er svo annað, að ég hef enga minnstu hugmynd um á hvern hátt hann hvarf, eða hvað kann að hafa orðið af honum.

Yfirheyrlu lauk kl. 18:45.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

Sigurbj. V. Eggertss.

Kristján Viðar Viðarsson

E. N. Bjarnason
lögreglum.

Er til átti að taka, þá neitaði Kristján Viðar að skrifa undir skýrslu þessa og yfirleitt tjá sig nokkuð um mál þetta.

E. N. Bjarnason
E. N. Bjarnason
lögreglum.

76

23. des. 1975 kl. 18:50 er mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Siðmála, Tryggvi Rúnar Leifsson verkam. til heimilis að Selássbletti 14 hér í borg, fæddur 2. 10. 1951. í Rvk.

Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar, en það er vitneskja sú, sem rannsóknarlöggreglunni hefur borist og bendi til þess, að mætti eigi þar hlut að máli, er ungur maður hvarf í Hafnarfirði aðfararnótt 27. jan. 1974.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg hef enga hugmynd um á hvern hátt maður sá, sem talað er um hér að framan hvarf, eða man yfirleitt eftir því, að nokkur hafi horfið í Hafnarfirði. Eg get því á engan hátt tjáð mig um mál petta.

Yfirheyrslu lauk kl. 19:00þ

Upplesið, staðfest:

Vottur:


Sigurbj. V. Eggertsson


Tryggvi Rúnar Leifsson


E. N. Bjarnason
lögreglum.

28. des. 1975 kl. 19:45 er aftur mættur hjá rannsóknarlöggreglunni í máli þessu í Fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar ~~Xar~~ Viðarsson.

Gætt er 1. málsg. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er hvarf Guðmundar Einarssonar, sem síðast sást í Hafnarfriði aðfararnótt 27. janúar 1974.

Aðspurður og áminntus um sannsögli skýrir mæktti frá eftirfarandi: Eg ~~xan~~ man eftir því, að ég kom að nóttu til heim til Sævar Siegelski seinast í janúar 1974. Eg miða tímann við það, að ör-fáum dögum áður hafði hann komið higgað til lands frá Kaupmanna-höfn og Amsterdam. Eg man ekki vikudaginn, sem ég kom heim til Sævars, en þetta var örugglega um helgi, sennilega aðafararnótt sunnudags. Með mér var Sævar og Tryggvi Rúnar Leifsson, og svo einhver einn til, sem ég get ómögulega komið fyrir mig hver var. Sævar bjó á þessum tíma að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og bjó þar með Erlu Bolladóttur. Pagar við komum heim til Sævars þessa nótt, þá var Erla ekki heima.

Eg ~~xan~~ man ekki greinilega eftir atvikum þessa nótt, enda undir áhrifum áfengis, en það sem ég ætla að skýra frá, tel ég mig muna örugglega. Við fórum allir inn í íbúð þeirra Sævars og Erla, en Erla var ekki heima. Í íbúðinni eru tvö herbergi, gangur, salerni, þvottaherbergi og geymsla inn af því. Gengið er inn í geymsluna úr ganginum í gegnum þvottaherbergið, en salernið er við hliðina á þvottaherberginu og einnig gengið inn í það úr ganginum. Herbergin eru samlyggjandi og gengið í gegnum annað til þess að komast inn í hitt. Eg held innra herbergið hafi verið notað sem svefnherbergi, en það fram ~~ea~~ sem stofa. Átök urðu þarna í íbúðinni og er ég viss um, að ég tók ekki þátt í þeim og þau voru ekki milli þeirra Sævars og Tryggva Rúnars. Þau hljóta því að hafa verið milli þeirra tveggja og fjórða mannsins, sem ég get ekki komið fyrir mig hvar var. Þessi átök byrjuðu inni í innraherberginu (svefnherberginu) og bárust svo fram í það fremra (stofuna) Ekki get ég gert mér grein fyrir hvernig þau byrjuðu eða af hvaða tilefni. Sennilegast fynnst mér, að þeim Tryggvi Rúnar og óþekkti maðurinn hafi áttst við, því ~~sæ~~ Sævar er ekki til stórræðanna í átökum. Í stofunni varð ég ~~ekk~~ eitthvað fyrir átakamönnunum og báust þau út í horn, þar sem símatækið var. Eg man greinilega, að ég bað þá að aðgæta að brjóta ekki tækið. Úr stofunni barst leikurinn svo fram í gang-

inn. Hvernig þeim lyktaði eða hvar, því get ég ekki gert mér grein fyrir. Þessi átök hættu svo og fórum við allir þrír út úr húsinu, það er ég, Sævar og Tryggvi Rúnar. Hvað varð um ókunna manninn, því get ég ekki gert mér grein fyrir. Við þrír vorum svo að aka um Hafnarfjörð nokkra stund og þá var sá ókunni örugglega ekki með okkur. Við ókum meðal annars fram hjá samkomuhúsinu Skiphóli og eitthvað komum við að nætursölunum við Hafnarfjarðarvegin. Síðar fórum við heim til Sævars aftur.

Þar fórum við inn og get ég ekki gert mér ljósa grein fyrir hvað við þar aðhöfðumst. I ljós kom, að þá var Erla var komin heim, því ég sáfx hana. Eg held, að hún hafi komið fram í ganginn og ég hafi verið þar staddur. Peir Sævar og Tryggvi Rúnar voru þá eitthvað að bogra inni í þvottaherberginu eða geymslunni, en ekki gat ég séð hvað þeir aðhöfðust, nema mér fannst þeir vera með einhvern poka, gæti hafa verið sjópoki. Hvort, eða hvað þeir settu í pokann, það skal ég ekki segja um. Eg held, að ég hafi séð til þeirra úr dyrunum úr ganginum inn í þvottaherbergið, en ekki get ég gert mér grein fyrir hvernig birtan var, nema mér fannst dimmt.

Erla kom þarna, en ekki er ég viss um hvert eða hversu langt fram á ganginn, en hún virtist vera mjög ~~kixx~~ hissað og skrítin, þegar hún sá til þeirra Tryggva Rúnars og Sævars. Þegar við urðum hannar varir, þá sagði Sævar mér að ~~hala~~ við hana og fara með hana inn, hvað ég gerði, en ekki man ég hvað ég sagði við hana. Hvað næst gerðist man ég ekki glöggt, en næst man ég, að bifreið Alberts Klahn Skaftasonar var komin að húsinu. Það var gul, lítil fólks-bifreið af japanskri gerð. Bifreiðinni hafði verið ekið afturábak inn í sundið milli húss þess, sem Sævar bjó í og næsta við þannig, að ég sá í afturenda hennar, þegar ég kom út. Eg man ekki hvort ég var samferða þeim hinum tveim út úr húsinu, eða hvort þeir komu aðeins á eftir ~~MEG~~, en allavega settist ég fyrstur okkar inn í bifreiðina. Þá sat Albert undir stýri hennar, eh hvort þá var búið að opna farangursgeymslu hennar eða ekki, því get ég ekki gert mér ljósa grein fyrir. Peir Tryggvi Rúnar og Sævar settu svo eitthvað þungt í ~~fang~~ farangursgeymsluna, því bifreiðin vaggaði til við það. Ekki sá ég hvað það var. Eg settist í aftursæti bifreiðarinnar fyrir aftan ökumanninn, en Tryggvi Rúnar hægra megin við hlið mér. Sævar fór eitthvað aftur inn í húsið, ég held til þess að tala eitthvað við Erlu, en svo kom hann út í bifreiðina aftur. Hann settist í framsætið við hlið Albert og ekið var af stað.


Ekki man ég hvaða leið ekin var um Hafnarfjörð, en ekið var út úr kaupstaðnum til suðurs, það er yfir Hvaleryarholt í átt að Alverinu. Svo var ekið, að ég held, til suðurs um Keflavíkur-veg, því ég sá rauð-og hvítmáluðu turnana við Alverið uppljómaða. Hugsanlegt er einnig, að við höfum ekið eftir veginum áleiðis til Krísuvíkur, en um það vil ég ekki fullyrða. Allavega komum við fjljóttlega á ójafnan veg og ókum eftir honum nokkurn spöl, eða þar til einhver hindrun var á honum og við gátum ekki ekið lengra í þá áttina. Ekki er ég viss um, hvort þar var numið staðar einhverja stund, eða hvort ekinn var einhver spölur til baka og þar stöðvað. Hvar svo sem stöðvað var, þá fóru þeir Tryggvi Rúnar og Sævar út og tóku eitthvað úr farangursgeymslunni, vafalaust það, sem þeir höfðu sett þar heima hjá Sævari. Ekki fór Albert þá út úr bifreiðinni og hefur hann því annaðhvort látið Sævar eða Tryggva Rúnar hafa lyklana að farangursgeymslunni til þess að opna hana. Ekki man ég hvernig þeim Sævari og Tryggva Rúnar gekk að afferma farangursgeymsluna, en þeir voru svo burtu frá bifreiðinni svotlitja stund, ég gæti trúð ca. 15 mínútur, annars vil ég ekki um það fullyrða.


Þegar þeir Sævar og Tryggvi Rúnar voru aftur kommir í bifreiðina, var ekið af stað, en ekki get ég gert mér grein fyrir hvert haldið var. Ég tel sennilegast, að mér hafi verið ekið heim, því þar vaknaði ég daginn eftir. Einhverjum dögum síðar sá ég lýst eftir Guðmundi Einarssyni í fjölmíðum, en ég setti það ekki í neitt samband við atburði þá, sem ég hef hér lýst. Aldrei síðan hefur Tryggvi eða Sævar minnst á þetta atvik mið mig, og ekki heldur Erla eða Albert.

Yfirheyrslu lauk kl. 01:42.


Upplesið, staðfest:

Vottar:


Sigurður V. Eggertsson.


Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson


Jonas Bjarnason

Högni Einarsson


E. N. Bjarnason
lögreglum.

3. jan. 1976 kl. 13:45 er mættur til yfirheyrsu í máli þessu í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Gætt er 1. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er það sama og tvívegis áður hafa hér verið teknar skriflegar skýrslur út af, af mætta.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg hef mikið íhugað mál þesta síðan hér var ~~sáx~~ síðast tekin af mér skrifleg skýrsla. Nú tel ég mig muna nánar ýmis atriði málsins.

Eg man ekki enn hvernig stóð á komu minni heim til Sævars Siesielski þetta kvöld, eða hvernig ég kom þangað. Eg er aftur á móti þess algjörlega fullviss, að ég kom heim til hans að nótta til síðast í janúar um helgi á árinu 1974. Atökin byrjuðu, eins og ég hef áður sagt í svefnherberginu og bárust fram í stofuna. I stofunni voru átökin komin að borði, sem stóð þar undir glugga og var Sævar þá í átökum viðmanninn. Sævar mun hafa verið orðinn undir í átökunum og kallaði á hjálp. Eg brá við og fór honum til hjálpars og það gerði Tryggvi Rúnar einnig. Ekki aðhafðist ég mikið, ég togaði aðeins í einhvern útlím á manninum, mig minnir annan fótinn. Frekari afskitpi hafði ég ekki af átökunum, sem báust út í það horn stofunnar, þar sem símatækið var. Þá voru átökin á milli mannsins annarsvegar og Sævars og Tryggva Rúnars hinsvegar. Eg man greinilega, að maðurinn lá á gólfina og Sævar sparkaði með fæti margsinnis í hann og komu flest spörkur, að ég held, í höfuð manninum. Ekki missti maðurinn meðvitund við þetta, því hann komst fram í ganginn. Peir Tryggvi Rúnar og Sævar fóru þangað á eftir honum og heyrði ég þaðan læti, eins og frekari átök ættu sér þar stað, en ekki sá ég hvað gerðist, því ég var áfram inni í stofunni.

Eg hef hér fram að þessu talað um óþekktan mann, sem parna hafi verið í átökum við þá Tryggva Rúnar og Sævar. Eins og ég hef áður sagt, þá hef ég að undanförnu mikið hugsað um þetta og fullyrði nú, að þessi óþekkti maður var Guðmundur Einarsson, sem einu sinni var skólabróðir minn, nánar tiltekið í Austurbæjarbarnaskólanum hér í borginni. Hann var þessa nótt klæddur í jakka og ~~luxx~~ buxur, og minnir mig, að jakkinn hafi verið einhvern veginn köfléttur og fremur dökkur, en buxurnar ljósari,

ég held brúnleitar. Hvernig stóð á veru hans þarna heima hjá Sævari, það man ég ekki enn sem komið er. Aftur á móti man ég óljóst eftir því, að þessa nött var ég í bifreið með þeim Sævari og Tryggva Rúnari ~~um~~ um Hafnarfjörð og tókum við þá upp í bifreiðina mann í brekkunni á götu þeirri, sem liggur úr Hafnarfirði hingað til borgarinnar. Ekki veit ég heiti á þessari götu, en hún liggur fram hjá samkomuhúsinu Skiphól. Mér finnst sennilegt, að þar hafi verið um Guðmund að ræða. Ekki get ég fullyrt í hvaða bifreið við vorum, en ~~en~~ vel getur það hafa verið í bifreið Alberts Klahn Skaftasonar, eða þá í leigubifreið.

Eg held, að tilefnið til átakanna heima hjá Sævari hafi verið það, að Guðmundur hafi kallað okkur hina "dóbista" og átti þar við, að við værum eiturlyfjaneytendur. Við vorum þarna með eitt-hvað af töflum, en ekki man ég hvaða lyf það voru, en mig minnir, að Guðmundi hafi verið boðin lyf. ~~Ekkí~~ Reyndar var ég ekki með nein lyf þarna, ~~en~~ annaðhvort Sævar eða Tryggvi Rúnar, eða þeir báðir voru með lyfin.

Ekki man ég nánar, en áður er fram komið hvað gerðist næst, það er eftir að átökin bárust fram í ganginn. Eg held við þrír, það er ég, Sævar og Tryggvi Rúnar, höfum yfirgefið húsið um tíma, eins og áður er fram komið.

Næst ~~en~~ man ég það með vissu, að við vorum þrír komnir aftur í íbúð Sævars. Peir Sævar og Tryggvi Rúnar voru að bjástra við ~~en~~ eitthvað á gólfina, eiginlega í dyrunum á milli geymslu-herbergisins og þvotta- og kyndiherbergisins. Peir voru að vefja einhverju ljósu utan um eitthvað, sem var það fyrirferðarmikið, að það hefði getað verið mannslíkami. Ekki sá ég þarna mann eða móta fyrir honum, en ég sá í fatnað í umbúðunum. Hverjar þessar umbúðir voru, skal ég ekki segja um, en ég get látið mér detta í hug einhverskonar rúmfatnaður, t. d. sengurver. Eitthvað voru þeir að binda utan um þetta. Meðan á þessu gekk, kom Erla samþylistkona Sævars, eins og ég hef áður greint frá, og eins hef greint frá viðbrögðum hennar.

Pegar þeir Tryggvi Rúnar og Sævar höfðu ~~gengið~~ lokið verki sínu, þá minnir mig, að þeir hafi beðið mig að hjálpa sér við að bera það, sem í umbúðunum var, út úr húsinu, en ég neitað. Eg tel mig hafa farið út úr húsinu á undan þeim hinum og hafa sest inn í bifreiðina hjá Albert. Peir Tryggvi Rúnar og Sævar komu svo með byrði sína og settu í farangursgeymslu bifreiðarinnar, eins og ég hef áður skýrt frá. Þó er sá munur þar á, að við nán-

ani umhugsun er ég viss um, að bifreið Alberts var ekki gul af japanskri gerð, heldur VW-fólksbifreið svört að lit. Frá því, sem eftir petta gerðist þessa nótt, skýrði ég frá í skýrslu minni frá 28. des. s. l. og get engu það við bætt, í það minnsta ekki að sinni.

Pá vil ég geta þess, að þegar Sævar sparkaði í Guðmund ligggjandi á stofugóflinu, þá lá Tryggvi Rúnar ofan á Guðmundi og hélt honum niðri.

Yfirheyrslu lauk kl. 17:25.

Upplesið, staðfest:

Kristján Viðar Viðarsson

Vottar:

Sigurður V. Eggerthsson
Sigurður V. Eggerthsson.

Gunnar Marinósson.
Gunnar Marinósson.

Erlingur Guðmundsson.
Erlingur Guðmundsson.
Guðmundss.

Kristján Viðar Viðarsson

E. N. Bjarnason

E. N. Bjarnason
lögreglum.

4. jan. 1976 kl. 16:50 er mættur til yfirheyrslu ~~þegar~~ hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla, Sævar Ciesielski kvíkmyndagerðarm. til heimilis að Þverbrekku 4 í Kópavogi sími 43848, fæddur 6. 7. 1955 að Stóra Hofi í Gnúpverjahrepp í Arnessýslu.

Cætt er l. málsgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mala og mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er vitneskja sú, sem rannsóknarlöggreglunni hefur borist varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar, sem síðast er vitað um í Hafnarfirði að-fararnótt 27. jan. 1974. Samkvæmt heimilidum rannsóknarlöggreglunnar er mætti ~~ax~~ sagður viðriðin hvarf Guðmundar.

Aðspurður og áminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftir-farandi: Skömmu eftir áramót 1973-1974 kom ég um helgi að nóttu til heim til míni, en þá bjó ég, ásamt Erlu Bolladóttur að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Þá voru þar við húsið tveir kunningjar míni, þeir Kristján Viðar Viðarsson og ~~a~~ Tryggvi Rúnar Leifsson. Peir fóru með mér inn í íbúðina, en Erla var þá ekki heima. Rétt á eftir heyrði ég einhvern dynk úr ~~gxx~~ geymsluherbergi tilheyrandi íbúðinni og fór þangað fram. Þá voru þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar þar inni og á gólfuru lá maður, sem búið var að breiða ~~kak~~ rúmlak yfir. Ekki sá ég manninn öðru vísni, en ég sá móta fyrir honum undir lakinu. Ég fór fram á gagninn og kallaði á Kristján Viðar að koma með mér, en hann kom ekki. Ég fór þar þá inn á salerni og dvaldist þar nokkra stund. Þegar ég kom fram aftur, voru þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar að enda við að ~~ganga~~ vefja lakinu utan um manninn og binda utanum. I því kom Erla að okkur og varð henni bersýnilega mikið um. Maðurinn var nú borinn í lakinu út í bifreið, sem enn einn kunningi minn Albert Klahn Skaftason hafði til umráða. Hann sat í bifreiðinni við húsið. Maðurinn var láttinn í lakinu í aftursæti bifreiðarinnar, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar settust sitthvoru megin við hann. Ég aftur á móti settist í framsætið við hlið Alberts.

Nú var ekið til suðurs út úr Hafnarfirði og áleiðis suður veginn til Keflavíkur. Nálægt Álverinu við Straumsvík var ekið til vinstri út af aðalveginum, ekki þá ~~xx~~ langt. Ég fór nú úr bifreiðinni og þeir Tryggvi Rúnar einnig. Þeir tóku með sér manninn í lakinu og hurfu með hann á milli sín út í náttmyrkrið. Ekki sá ég hvert þeir fóru, en þeir voru nokkra stund í burtu.

Síðanxx komu þeir aftur í bifreiðina og ekið var til baka. Ekki man ég í augnablikinu hvert ekið var með mig, en annaðhvort var það á Hamarsbrautina, eða til vinstúlkuminnar í starfsmanna-húsi Kópavogshælisins.

Yfirheyrslu lauk kl. 22:40.

Hlé var gert á yfirheyrlunni milli kl. 19:00 og 20:00.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

~~Sigurður V. Eggertsson~~
Sigurðr. V. Eggertss.
~~Órn Ármann Höskuldsson~~
Órn Ármann
~~Högní Ólafur Einarsson~~

~~Sævar M. Ciesielski~~
Sævar Ciesielski

Viðstaddir skýrslugerðina var Jón Oddsson hrl. réttar-gæslumaður Sævars og Örn Höskuldsson fltr. yfirsakadómara.

E.N. Bjarnason
E. N. Bjarnason
lögreglum.

6. jan. 1976 kl. 14:10 er aftur mættur hjá ranns. óknarlögr.
í Rvk. í máli þessu í fangeslinu við Síðumúla, Sævar Ciesielski.

Hann kveðst ~~an~~ vilja bæta nokkru við fyrri skriflega skýrslu sína í máli þessu og greina nánar frá ýmsum atvikum, og skýrir frá eftirfarandi: Um áramótin 1973-1974 og í janúar 1974 þá bjó ég, ásamt sambýliskonu minni Erlu Bolladóttur, í íbúð, sem faðir hennar átti að Hamarsbraut ll í Hafnarfirði. Íbúðin er í kjallara hússin og samanstendur af tveim íveruherbergjum, snyrtiherbergi, gangi, kyndi- og þvottaherbergi og geymsluherbergi. ~~Snyrtiherbergi~~ Húsið er, auk kjallarans, ein hæð og ris. Snyrtiherbergið og kyndi- og þvottaherbergið var sameiginlegt með öðrum íbúum hússins. Inn-gangur í kjallarann er frá Hamarsbraut og gengið niður nokkrar tröppur að dyrunum. Hamarsbrautin er nokkuð sérkennileg gata, því hún er lokað í báða enda, en ekið inn á hana um húsasund frá bifreiðastæði, sem tilheyrir Suðurgötu. Húsasundið er milli húsanna nr. ll við Hamarsbraut og þess næsta við. Íveruherbergin í íbúð okkar voru svefnherbergi og stofa. Þegar komið var inn um útidyrnar, þá kom maður inn í ganginn. Úr honum voru fyrst dyr til hægri inn í þvotta- og kyndiherbergið, síðan aðrar dyr til hægri inn í snyrtiherbergið. Á enda gangsins gengt útidyrnum voru dyr inn í stofuna og svo úr henni inn í svefnherbergið. Inn í svefnherbergið var því ekki hægt að komast nema í gegnum stofuna. Í geymsluherbergið var gengið í gegnum kyndi- og þvottaherbergið af ganginum.

Um nótt eitt sinn síðast í janúar 1974 þá kom ég einn heim. Ekki er ég viss um hvað klukkan var, en þetta var eftir miðnætti. Þetta var um helgi, sennilega aðfararnótt sunnudags, þó er ég ekki alveg viss um það. Að þetta var síðast í janúar miða ég við það, að örfáum dögum áður kom ég hingað til landsins úr ferð til Kaupmannahafnar og Amsterdam. Nú þegar ég kom þarna heim að húsinu, varð ég þess var, að tveir kunningjar mírir, þeir Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson, voru í tröppunum við útidyrnar. Með þeim var einhver þriðji maðurinn, sem ég ekki man til, að ég bæri kennsl á. Eg opnaði og fór inn og ruddust þeir hinir óboðnir með mér, en mér var eins ekki um það gefið, að þessir gestir kæmu inn í íbúðina. Eg var ekki viss um hvort Erla væri heima, en hún reyndist ekki vera heima. Hvort ég opnaði útidyrnar með lykli, eða þær voru ólæstar, það man ég ekki fyrir víst. Við Erla höfðum aðeins einn lykil að dyrunum og var annað okkar þá oft lykillauðt

og dyrnar þá stundum skildar eftir ólæstar.

Ég fór rakleitt inn í svefnherbergið, ég geri ráð fyrir í þeim tilgangi að athuga hvort Erla væri heima, og eldu peir hinir mig þangað. Ég reyndi að mótmæla veru þeirra þarna í íbúðinni, en þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar bentu mér þá vinsamlegast að þegja, því það væri best fyrir mig. Peir gáfu fyllilega í skyn, að ég yrði tekinn og farið illa með mig, ef ég væri eitthvað að "rífa kjaft". Einhver orðaskrápti urðu þarna og gerði ókunni maðurinn sig líklegan til þess að fara út úr herberginu og hafði við hrð að yfirgefa staðinn. Pá réðist Kristján Viðar áttmanninn og sá ég hann slá manninn með kreftum hnefa í andlitið. Peir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar höfðu setið á rúminu í svefnherberginu og nú stóð Tryggvi Rúnar á fætur og virtist mér hann ætla að gera sig líklegan til þess að ráðast á mig. Ekki hafði ég hug á að verða fyrir árás af hans hendi og forðaði mér fram í stofuna. Þegar ég var þangað kominn, pá heyrði ég dynk inn í svefnherberginu og smell, eins og eitthvað slægist utan í vegginn, eða á þróskuldinn milli svefnherbergisins og stofunnar. Jafnframt sá ég, að maðurinn féll á gólfíð alveg við dyrnar milli svefnherbergisins og stofunnar, svefnherbergismegin. ~~Kví~~ Kristján Viðar kom nú inn í stofuna og hafði í frammi ýmsa tilburði, sem ég tók sem svo, að hann hefði í hyggju að ráðast á mig, en það gerði hann þó ekki. Ekki sagði hann neitt á meðan. Á meðan var Tryggvi Rúnar inni í svefnherberginu og sá ég ekki hvað hann aðhafðist. Nú ~~kví~~ fóru þeir báðir eitthvað að stumra yfir manninum og hrísta hann til, en maðurinn sýndi engin merki þess, að hann væri með meðvitund og heyrði ég Kristján Viðar þá segja, að maðurinn væri dáinn. Þetta fékk mjög á mig og tel ég, að það áfall, sem ég varð þarna fyrir sé orsökin til þess, hversu mér hefur gengið erfiðlega að muna atvakin náið og í réttri röð. Peir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar gengu nú um stund um gólf í herbergjnum og voru eitthvað að ræða saman, sem ég ekki heyrði hvað var. Á meðan hélt ég mig í stofunni og var mjög miður mínn. Peir fóru svo fram í ganginn og þaðan í gegnum kyndi- og þvottaherbergið, inn í geymsluherbergið. Ég sá þá hverfa inn í kyndi- og þvottaherbergið, en heyrði til þeirra inni í geymslunni og ég sá, að þeir kveiktu ljós þar inni. Ég var nú orðinn verulega hræddur og fór inn í snyrtiherbergið til þess að hugsa ráð mitt og hvað ég skyldi til brags taka. Ég heyrði til þeirra Kristján Viðars og Tryggva Rúnars, bæði það, að þeir voru eitthvað að ræða saman og svo heyrði ég hljóð, eins og eitt-

hvað væri dregið eftir gólfuru úr svefnherberginu og um ganginn og inn í geymsluherbergið. Rétt á eftir kom ég út úr snyrtiherberginu fram á ganginn og rétt í því kom Kristján Viðar út úr kyndi- og þvottaherberginu fram á ganginn. Hann skipaði mér að hringja til Alberts Klahn Skaftasonar og segja honum að koma strax undir því yfirskyni, að ég ætlaði að gefa honum "hass", því pá myndi hann koma undir eins. Ég hringdi svo eins og Kristján Viðar lagði fyrir mig, enda þorði ég ekki öðru, og féllest Albert á að koma. Þegar ég var búinn að hringja, þá fór ég inn í svefnherbergið og sá þá, að maðurinn var þaðan horfinn og jafnframt var lakið úr rúmi okkar Erlu horfið. Lakið var einhvern veginn gulleitt með röndum. Þá heyrði ég til þeirra Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars inni í geymsluherbergisins, enda ekki nema þunnur veggur milli þess og svefnherbergisins. Ekki man ég nákvæmlega eftir ferðum mínum um íbúðina næstu mínúturnar, en svo var ég kominn fram á ganginn. I því komu þeir Tryggvi Rúnar og Kristján út úr kyndi- og þvottaherberginu, einnig fram á ganginn og slöktu ljósin á eftir sér. Tryggvi Rúnar gekk til míni og tók um ~~xxx~~ axlir mér og hafði ég einhvern veginn á tilfinningunni, að þeir myndu einnig ráðast á mig. Ekki gerðu þeir það, en Tryggvi Rúnar talaði um, að ég skyldi ekki ver með neina "stæla" og einnig um að fara út.

Við fórum nú út úr húsinu, en ekki get ég gert mér grein fyrir hvert ferðinni yrði heytið, enda ekki ég sem réði henni. Rétt á eftir kom Albert í VW-bifreið föðru síns og settumst við allir upp í hana. Ég hafði tekið með mér "hass" eins og ég hafði lofað Alberti og sagði ég, að nú skyldum við aka suður fyrir Hafnarfjörð að Álverinu. Aður var eitthvað ekið um bæinn. Við ókum svo suður veginn til Keflavíkur og beygðum til hægri inn á afleggjarann að ~~x~~ Álverinu og var hugmyndin af minni hálfu að gefa Albert þar í bípu. Parna var allt upplýst og fólk á ferli og sagði ég því Albert að snúa við, hvað hann gerði rétt við vegamótin. Við ókum svo í átt ~~xxxx~~ til ~~xxxxxx~~ Hafnarfjarðar smá~~xx~~ spotta, en~~xx~~ svo út af veginum til hægri og stöðvuðum þar rétt utan við veginn. Par fekk Albert sér í bípu, en síðan var ekið til baka til Hafnarfjarðar og heim til míni. Albert ók bifreiðinni inn í húasundið að Hamarsbrautinni og stöðvaði við húshornið heima, en ekki man ég hvort hann þá strax sneri bifreiðinni við. Við fórum nú allir úr bifreiðinni, nema Albert og inn í húsið. Ekki man ég heldur hvort þá voru læstar dyrnar, eða ekki.

Á meðan á ökuferðinni stóð og eins nú, eftir að við komum til baka í húsið, þá voru þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar eitt-hvað að pískra sín á milli, sem ég ekki heyrði. Æg held þeir hafi báðir verið undir áhrifum áfengis og einhverja lyfja, sennilega ör-fandi. Þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar fóru báðir rakleið-is inn í geymsluherbergið í gegnum kyndi-og þvottaherbergið og kveiktu ljós, ~~en~~ ég fór inn í snyrtiherbergið. Þaðan fór ég svo út aftur og á eftir hinum tveim inn í geymsluherbergið. Þegar ég var að fara þangað inn, þá varð ég þess var, að Erla myndi ~~xxxx~~ hafa komið heim í millitíðinni og vera heima, því ég heyrði til hennar í stofunni. Þegar ég kom í dyr geymsluherbergisins, þá voru þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar að vefja lakinu úr rúmi okkar Erlu utan um eitthvað, sem var svo fyrirferðarmikið, að það hefði vel getað verið mannslíkami, enda þóttist ég þess fullviss, að hér væri um að ræða manninn, sem kom með þeim Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari fyrr um nóttina og þeir höfðu ráðist á. Mér virtist maðurinn vera einhvern veginn samanhnipraður og rétti Tryggvi Rúnar með annan enda laksins og sagði mér að binda hnút á. Kristján Viðar var þá við hinn endann. Æg held, að ég hafi hnýtt hnútinn á þann enda laksins, sem sneri að dyrum geymslunnar. Er hér var komið, þá varð ég þess var, að Erla stóð í gangdyrunum og var augljóslega ~~æ~~ mjög miður sín eftir svipnum að dæma, en ekki sagði hún neitt. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar tóku undir sitthvorn enda ~~xxxxx~~ laksins og báru það áleiðis fram í gegnum þvotta- og kyndiherbergið fram í ganginn, en ég gekk við hlið byrðarinnar, en minnist þess ekki, að hafa haldið nokkursstaðar í. Kristján Viðar fór fyrir og þar sem Erla stóð í dyrunum milli gangsins og ~~xxxxx~~ kyndi- og þvottaherbergisins, þá var hún fyrir þeim. Kristján hrinti henni til hliðar, svo hún hrökklaðist aftur á bak, en ekki held ég hún hafi dottið. Þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar fóru nú með manninn í lakinu út úr húsinu, en ég fór að stumra yfir Erlu og kom henni inn í rúm. Ekki man ég grein-lega hvað ég sagði við hana, en ég sagði henni að segja ekki nokkrum frá því hvað hún kyhni að hafa heyrt eða séð. Síðan fór ég út, en þá voru þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar horfnir, svo og bifreið Alberts. Eg fór þá inn aftur og lá Erla þá uppi í rúmi, en ekki get ég gert mér nánari grein fyrir ástandi hennar, nema hún var ~~um~~ mög miður sín á svipinn. Nokkru síðar kom Albert aftur, en

pá voru þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar ekki með honum. Albert aftur á móti ók mér nú í Kópavog, því þangað var ég að fara í starfsmannahús Kópavogshælið. Ekki gat Alberts þess neitt við mig hvert hann hefði ekið þeim Tryggva Rúnari og Kristjáni Viðari og ekki minnist ég þess, að við höfum neitt rætt um hvað Albert hefði verið að flytja, en vel getur verið, að ég hafi sagt honum, að það hafi verið lík af manni.

2-3 dögum síðar heyrði ég auglýst eftir manni, sem átti að hafa horfið í Hafnarfirði nótt þá, sem ég hef hér lýst og neita ég því ekki, að ég setti það mannshvarf í samband við atburði næturinnar. Hitt er svo annað, að ég þorði ekki að segja neinum frá vitneskju minni af hræðslu við hefndaraðgerðirkxa af hálfu þeirra félaga Kristjáns Viðars og Tryggva Rúnars, enda höfðu þeir fullkomlega gert mér skiljanlegt, að til þeirra yrði græpið, ef ég segði frá.


Þegar ég sagði Erlu, að hún mætti ekki segja neinum frá því, sem hún kynni að hafa heyrt eða séð, þá gerði ég það að fyrirmælum Kristjáns Viðars.


Yfirheyrslu lauk kl. 16:00

Upplesið, staðfest:

Vottar:


Sigurbj. V. Egertsson.


Sævar Ciesielski


Gunnar Guðmundsson

Skúli Steinsson


E. N. Bjarnason
lögreglum.

Viðstaddir upplestur skýrslunnar voru þeir Jón Oddsson
hrl. réttargæslumaður Sævars og Örn Höskuldsson fulltrúi
yfirsakadómara.

NZ.

9. jan. 1976 kl. 08:50 er mættur aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í málí þessu í fangelsinu við Síðumúla, Tryggvi Rúnar Leifsson.

Hann segist hafa mikið hugsað um mál þetta síðan síðast var hér tekin af honum skrifleg skýrsla í málí þessu þann 23. des. s. l. og ~~xxxxxx~~ vilji hann nú skýra frá ýmsum atriðum varðandi málíð. Hann skýrir frá eftirfarandi: Eg man eftir því tilviki, að ég var á þeim tíma, sem atburður sá, sem hér um ræðir, á að hafa átt sér stað, staddur einhversstaðar í húsi með þeim Sævari Ciesielski, Kristjáni Viðari Viðarssyni og einhverjum þeim enn, sem ég ekki bar kennsl á. Eg get ekki munað hver húsráðandi var á þessum stað, eða hvar þetta húsnaði var. ~~æ~~ ~~Nékkixkírum~~ Herbergjaskipan í íbúð þeirri, sem við vorum í, var í aðalatriðum á þann veg, að gengið var inn í tvö íveruherbergi ~~xxxx~~ innst af gangi og þá fyrst gengið í gegnum annað, en svo var framar ~~xxx~~ af gagnum gengið inn í geymsluherbergi, að ég held fyrst í gegnum þvottaherbergi. Nánar man ég ekki eftir herbergjaskipan enn sem komið er.

Eins og fram er komið, pá veit ég ekki deili á manni þeim, sem þarna var með okkur og ég hef ekki getið um nafn á. Aftur á móti held ég, að Kristján Viðar hafi eitthvað þekkt pennan mann, eða það virtist mér á öllu tali þeirra.

Eitthvert ~~xxx~~ ósamkomulag kom upp og var það ábyggilega milli þeirra Kristjáns og þess nafnlausa. Þetta byrjaði með einhverjum fúkyrðum þeirr á milli, en endaði með átökum. Eg held ég megi fullyrða, að ~~xxxxxx~~ pettan hafi byrjað inni í innra íveruherberginu. Lekurinn barst svo fram í fremra íveruherbergið og held ég, að þá hafi Sævar verið kominn í átök við nafnlausa manninn og Sævar hafi ~~xxxx~~ beðið um hjálp. Hver þáttur Kristjáns í átökunum á því stigi var, er mér óljóst. Eg kom Sævari til hjálpar og reyndi að ganga á milli hans og þess nafnlausa. Þá fekk ég högg frá þeim síðarnefnda og held ég, að ég hafi þá slegið hann aftur. Við högg- ið frá mér, féll maðurinn á gólf, en ekki missti hann meðvitund við það, heldur dasaðist eitthvað. Hann hálfpartinn lá svo á gólf- inu úti í horni fremra íveruherbergisins og virtist mér hann fera að reyna að standa á fætur. Ekki virtist hann eiga mjög gott með þeð. Þá sá ég Sævar ráðast á manninn með því að sparka með fæti í höfuð honum og kom höggið, að ég held ofan við annað eyra honum.

Við það féll maðurinn fram yfir sig á gólfíð og hreyfði sig ekki eftir það. Æg ər viss um, að Sævar var í skóm, er hann sparkaði í manninn, við vorum allir í skónum parna inni. Æg man svo, að Sævar fór eitthvað að stumra yfir manninum og hafði á orði, að hann væri dáinn. Æg fór þá einnig að athuga þetta með því að leita eftir hjartslætti eða æðaslætti, eða öðru lífsmarki, en fann ekkert. Okkur brá nú nokkuð í brún, því við vorum þess allir fullvissir, að maðurinn væri láttinn. Við ræddum eitthvað okkar á milli hvað gera skyldi við hann og á endanum var ákveðið að láta hann til að byrja með fram í geymsluherbergið. Pangar fórum við svo með manninn og lögðum hann þar á gólfíð. Ekki man ég eftir neinum verulegum áverkum á manninum, en ég held það hafi blætt úr munni hans eitthvað.

Hvað skeði eða við að höfðumst eftir að hafa komið manninum fyrir í geymsluherberginu, því get alls ekki komið fyrir mig, í það minnsta ekki að svo komnu máli. Eitthvað hljótum við þó að hafa gert við láttinn manninn, ~~en~~ en ég man ekki hvernig við bárum okkur að.

Ekki man ég heldur aðdragandann að því, að við yfirleitt vorum staddir í þessari íbúð eða húsi, en bæði það og hvað gert var við manninn, kann að rifjast upp fyrir mér síðar.

Yfirheyrslu lauk kl. 10:05.

Upplesið, staðfest:

Vottar:

Sigurbj. V. Eggerthss.
Sigurbj. V. Eggertsson

Eggvi Leifsson
Tryggi Rúnar Leifsson

Gunnar Marínósson.
Gunnar Marínósson
Högni Einarsson

E. N. Bjarnason
lögreglum.

19. mars 1976 kl. 15:30 er aftur mættur sem vitni í málí
 þessu hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Síðumúla Albert Klahn Skaftason ^{nemi} ~~konkan~~. (núverandi gæslufangi) til heimilis að ~~Njófugðinum~~ Langavegi 46 A hér í borg sími 24113, fæddur 16. 2. 1955 í Rvk.

Albert er hér mættur að eigin ósk og honum er kunnugt um vitnaskylduna.

Hann skýrir frá eftirfarandi: Þann 23. des. s. l. gaf ég skýrslu þar sem sem ég skýrði frá því, að ég hefði flutt lík heiman frá Sævari Ciesielski og eitthvað suður fyrir Hafnarfjörð. Ég taldi, að þetta gæti hafa verið aðfararnótt 27. jan. 1974 og ég hefði verið á Toyota-bifreið föður míns. Eg hef mikið hugsað um þetta mál og oft hefur verið við mig rætt um það. Það, sem ég skýrði frá í fyrra skriflegri skýrslu minni, er rétt að öðru leiti en því, að sá atburður, sem ég greini þar frá, átti sér ekki stað í janúar, heldur þann 14. sept. 1974.

Hitt er annað, að í janúar ~~1974~~ 1974, nánar tiltekið að fararnótt þess 27., þá flutti ég einnig eitthvað heiman frá Sævari í Hafnarfirði. Með honum voru þá peir Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvi Rúnar Leifsson. Þetta kom þannig til, að Sævar hringdi heim til mína um nóttina, ég held um kl. 01:00 og bað mig að koma heim til sín suður í Hafnarfjörð. Hann talaði um að gefa mér hassmola og féllst ég á að ~~gæk~~ koma. Ég hafði á þessum tíma til umráða bifreið föður míns, en faðir minn átti þá VW-fólksbifreið árgerð 1957. Ég stöðvaði bifreiðina við húsið heima hjá Sævari og kom hann þá út að bifreiðinni til mína og bað mig bíða aðeins, hvað ég gerði. Hann hvarf svo aftur inn í húsið, en kom aftur eftir skamma stund og rétt á eftir honum peir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar. Peir síðar nefndu báru á milli sín nokkuð langan poka, eða eitthvað pokalaga úr ljósu efni, að ég held lérefti, eða einhverju slíku. Þetta hefur ~~hann~~ verið vafið innan í eitthvað og það var bundið fyrir báða enda, það man ég greinilega. Sævar kom að bifreiðinni til mína og bað mig að opna farangursgeymsluna og gerði ég það. Peir reyndu að koma þessari birði sinni fyrir í farangursgeymslunni, en hún reyndist ekki nágó stórr. Þessi birði peirra virtist vera nokkuð þung eftir því hvernig peir meðhöndluðu hana. Nú settu peir birgðina inn í bifreiðina og lögðu hana á gólfíð milli fram- og aftursætis. Hún var svo löng, að sitthvor endi boganaði upp

á við. Nú settust þeir Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar inn í aftursæti bifreiðarinnar og urðu þeir hafa fæturnar á því, sem á gáfinu lá. Í því sambandi man ég það, að Kristján Viðar virt-ist eitthvað feiminn við að hafa fæturnar ofan á þessu og var í einhverjum vandræðum. Sævar hafði farið aftur inn í húsið, en kom nú út aftur og settist í framsætið við hlið mér. Eg ók
nú sem leið lá til suðurs út úr Hafnarfirði og beygði síðan
til ~~xix~~ hægri veginn, sem liggur að Sædýrasafninu, og hann á
enda og stöðvaði bifreiðina við hliðið inn á safnsvæðið, en
það var lokað. Þeir Sævar og Tyggvi Rúnar fóru nú út úr bifreiðinni og reyndu að opna hliðið, en tókst ekki. Ég hafði eitthvað á orði við þá, að hætta þessari vitleysu því mér fannst ekkert vit í því að vera að reyna að fara inn í Sædýrasafnið. Ég sneri nú bifreiðinni við á planinu við hliðið og ók til baka áleiðis á veginn, sem liggur til suðurs úr Hafnarfirði á Reykjavnessbrautina. Á leiðinni þarna til baka voru þeir félagnir að reyna að sjá út stað til þess að losa sig við pokann á. Nú var snúið við aftur og ekið
áleiðis að safninu til baka. Á þeirri leið stöðvaði ég bifreiðinum og sneri henni við þar á veginum. Þarna fóru þeir Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar út úr bifreiðinni og tóku birgði sína með sér. Hjá þeir gengu nú vestur yfir veginn og út í hraunið í átt að Álverinu. Dimmt var af nöttu svo ég gat ekki fylgdst gjörla með ferðum þeirra. Þó sá ég, að þeir höfðu numið staðar og ég held lagt frá sér birgðina í hraunbolla nokkuð vestan vegarins. Ég leit nú af þeim um stund, en þegar ég leit aftur í þá átt, sem ég sá þá, þá voru þeir horfnir og gerði ég ráð fyrir, að þeir hefðu farið lengra út í hraunið. Ég beið nú þó nokkra stund í bifreiðinni og af og til að vita hvort ég sæi ekki eitthvað til þeirra. Allt í einu tók ég eftir þeim, þar sem þeir voru á leið aftur að bifreiðinni og komu úr þeirri átt, sem ég hafði séð þá hverja í. Þeir settust nú allir inn í bifreiðina aftur og ég ók sem leið lá heim til Sævars aftur, þar sem þeir allir fóru úr bifreiðinni, en ég fór heim til mínn. Það var, þegar við komum þarna aftur heim til Sævars, sem hann lét mig hafa hassmolann, sem hann hafði boðið mér í símanum. Það reykti ég svo daginn eftir.

Þegar ég kom heim til Sævars um nöttina, eftir að hann hringdi í mig, þá talaði hann um, að hann eða þeir félagnar

94


þyrftu að losa sig við eitthvað, en aldrei nefndu þeir hvað það væri, hvorki áður en þeir settu birgði sína í bifreiðina, á leiðinni í bifreiðinni, eða eftir það. Þeir hafa ekki einu sinni minnst á það nokkru sinni við mig síðan hvað ég hafði verið að flytja og raunar veit ég það ekki enn pann dag í dag fyrir víst. Lögun þess, sem ég flutti þessa nótta fr heiman frá Sævari, gæti vel bent til þess, að þar hefði verið um mann að ræða. Ekki datt mér slíkt í hug á þeim tíma og ég var ekkert að veita þessu neina sérstaka athygli.

Pá vil ég geta þess, að það var Sævar sem sagði algjörlega til um hvert ekið var og hvar stöðvað var.

Yfirheyrlu lauk kl. 17:03.

Upplesið, staðfest:

Vottur:


Sigurður V. Eggertsson.


Albert Klahn Skaftason

Albert Klahn Skaftason


E. N. Bjarnason
lögreglum.

Viðstaddir yfirheyrluna var réttargæslumaður Alberts,
Örn Clausen hrl.


E. N. Bjarnason
lögreglum.

Lund

95

Föstudainn 30. apríl 1976 kl. 14:14 eru mættir til samprófunar í málipessu, í famgelsinu við Síðumúla, Sævar Marinó Sieseláki gæslufangi og Albert Klahn Skaftason til heimilis að Laugavegi 46 a, Rvík., fæddur 16/2 1955 í Reykjavík.

Mættur Albert heldur fast við sinn fyrri framburð og ræðir við Sævar og rekur fyrir hann ferðina frá því að Sævar hafði hringt til hann, þann 27/1 1976.

Mættur Sævar segir að þetta séð ósatt, sem Albert segi og spyr hann ~~þa~~ að því hvenær hann hafi fyrst komið heim til hans að Hamarsbraut ll. Albert segir það hafa verið á aðfangadag jóla 1973 og hafi hann þá ekið Sævari frá Grýtu-bakka, þar sem móðir hans býr, að Hamarsbraut. Sævar segir að þetta sé rétt.

Albert rekur svo ferð sem hann kveðst hafa farið ásamt Sævari, Tryggva Leifssyni og Kristjáni Viðar Viðarssyni um haustið 1974. Segir hann að Sævar hafi komið til hans og beðið hann að aka sér, sem hann gerði.

Sævar segir þetta allt ósannindi og tóman uppspuna í Albert og neitar því harðmlega að þetta hafi átt sér stað.

Yfirheyrslu lauk. kl. 15:34.

Upplesið, staðfest,
Albert Klahn Skaftason
Albert Klahn Skaftason.

Sævar M. Cieselski
Sævar M. Cieselski.

Sigurbj. V. Egertsson,
Sigurbjörn V. Egertsson,
lögreglum.

Viðstaddir samprófunina var Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari og Örn Clausen hrl. réttargæslumaður Alberts K. Skaftasonar.

96

11. 4. 1976
Leit í Guðmundar Einarssonar. M.M.

Sunnudaginn 2-5-1976. Í gær kl.0900 fór undirritaður ásamt 18 nemendum úr lögregluskólanum suður í hraun við Sædýrasafnið, í þeim tilgangi að leita að líkamsleyfum Guðmundar Einarssonar, og öðru því er kynni að finnast í sambandi við hann.

Við leituðum svæðið frá Sædýrasafninu að Reykjanessbraut og girðingu, sem leggur yfir gamla veginn að gömlu ruslahaugum Hafnarfjarðar, sunnan Sædýrasafnsvegar.

Leitað var í einni röð þrisvarsinnum svæðið endilangt og þrisvar þversum, og alltaf skippt um fólk, bannig að sama fólk færi ekki í sína eigin slóð aftur. Farið var í allar holur og gjótur. Fært til laust grjót og færður til dauður mosi. Ekkert fannst nema kindabein og rusl. Leitinni hætt kl.1500, en þá var farið suður að Ottastaðagryfjum og leitað þar N.W. vegar, ein umferð, án árangurs, en þar var einnig að leita hinumegin vegar, Gísli Guðmundsson og Borgþór Þórhallsson, með 30 manna skáta hóp.

EKKI fannst í þessarri leit nema rusl.

Smað rigning var við leitina, en samt gott leitar veður.

Við hættum leitinni kl.1700.

N.Sneholm.



Kristján hafði lítið sín um ekker af fóðum sínum að seðja þau sem hafi verið aðeins þjo óta er farið nánar ísl. Áhrif hafa síðan ekki gengið í þis hlutför. Kristján telur, að móbúar með hafi ófálfilt sín miður, en að höðir hana hafi bílt hji þeim alli langa stund. Ásundu var ófálg eftirlárt fyrir ófálfum.

97

7/5
3/9/1976
[Signature]

Reykjavík, 30. júlí 1976

Kristján Viðar Axelsson, að sinni longi og hann sunni oftir hafi
nikt aðrætt og grunna millt móður og fóður, pröfingar.

Skv. beiðni Sakadóms Reykjavíkur hefi ég undirritaður
framkvæmt geðrannsókn á Kristjáni Viðari Viðarssyni,
5890-2217, f. 21.4. '55, til heimilis að Grettisgötu 82,
Reykjavík, vegna áætlaðs hegningarálagabrots, mál
Guðmundar Einarssonar og hið svokallaða Geirfinnsmál.
Geðathugunin fór fram á tímabilinu 6. apríl til 24. júlí
1976.

Kristján er fæddur í Reykjavík og alinn þar upp hjá móður-
ömmu sinni. Faðir hans hét Viðar Axelsson, sjómaður,
f. 17.8. '36. Hann fórst með togaranum Júlí 8.2. '59. Móðir
hans heitir Elsa Kristjánsdóttir, f. 17.4. '35. Fljótlega
eftir að hún giftist föður hans fór að bera á viðkvæmni á
tilfinningasviði og var hún meðhöndluð af ýmsum geðlæknum
auk þess sem hún lá á Borgarspítalanum og Kleppsspítalanum.
Hún mun vera 75% öryrki. Sambúð foreldra hans var erfið
og var m.a. drykkjuskap föður hans um kennt. Þau voru oft
aðskilin, en munu þó hafa búið saman þegar faðir hans lést.
Faðirinn átti stúlkubarn fyrir hjúskap, en ekkert veit Kristján
frekar um þá hálfstystur sína. Móðir Kristjáns giftist síðar
egypta, og skildu þau fljótlega. Með honum átti hún 1 barn.
Kristján var þá 7 ára og stóð til, að hann flyttist til móður
sinnar og maka hennar, en að sögn Kristján vildi egyptinn
ekkert hafa með hann að gera. Móðuramman heitir Anna Ingiriður
Finnsdóttir, fráskilin kona, en hún hafði skilið við maka sinn
áður en Kristján kom til hennar. Afi og amma hans í föðurætt
voru einnig skilin. Kristján getur þess, að mikið hafi verið
um vínhneigð í föðurætt hans.

Kristján hafði lítið sem ekkert af föður sínum að segja þar sem
hann var aðeins 3ja ára er faðir hans lést. Aðrir hafa síðan
ekki gengið í það hlutverk. Kristján telur, að móðuramma hans
hafi komið í stað móður, þó að móðir hans hafi búið hjá þeim
all langa stund. Amman var honum eftirlát, leyndi erfiðoleikum

hans og gerði lítið úr þeim almennt í viðræðum við aðra (upplýsingar um samskipti Ingiriðar og Kristjáns eru m.a. fengnar hjá heimilislækni hans, Guðsteini Þengilssyni). Kristján getur þess, að eins lengi og hann muni eftir hafi ríkt all mikil spenna milli móður- og föðurfólks hans. Vildi hann stundum leita til föðurfólks síns, en var meinað, að sögn. Ekki hefur verið um neina föðurmynd eða karlmann að ræða á heimili hans og því hefur uppeldi hans ekki boðið upp á skilyrði til viðmiðunar gagnvart hlutverki karlmanns á heimili. Hann varð fljótt þrjóskur og erfiður, sérstaklega móður sinni og ömmu, og náði snemma undirtökum í uppeldinu. Hann fór meir eftir eigin geðþóttta heldur en eftir leiðbeiningum annarra. Hann þroskaðist því seint og takmarkað og hóf fljótlega lífsferil þar sem óhófsneysla á víni og vímuvaldandi eftum ríkti og andfélagsleg hegðun varð æ meir ráðandi. Eftir að amma hans fluttist frá honum úr íbúðinni á Grettisgötu, 1972-73, söfnuðust í íbúð þeirra ýmsir einstaklingar, sem leituðu þar húsaskjóls, en veittu í staðinn vin og örвandi efni. Nú undanfarið hefur staðið þannig á hjá honum, að hann hefur búið með einum félaga sínum á gistiheimili hér í borg og hafa þeir stutt hvorn annan í fjárföflun, oft af því er virðist, með ólögglegum hætti.

Kristján gekk í Austurbæjarbarnaskólann, en um miðjan veturnar var hann var í 12 ára bekk, fór hann að Jaðri skv. eigin ósk, því flestir félagar hans voru þar. Lauk hann þar 12 ára bekknum, fór svo í Gagnfræðaskóla Austurbæjar og lauk þar prófi í 1. bekk, en var rekinn um miðjan veturnar, er hann var í 2. bekk. Ástæðan var, að hans sögn, óstundvísí og rifrildi við einn kennaranna. Kristján telur, að honum hafi samið vel við flesta kennara og skólaufélaga. Hins vegar segir Hulda Margrét Waddell í skjali nr. 16, sem lagt var fram í Sakadómi Reykjavíkur þ. 28.4. '76 (sjá fylgiskjöl):

"Kristján Viðar þekki ég síðan ég var í barnaskóla, en þá vorum við saman í bekk. Að þeim tíma var ég hrædd við hann, því að hann var kallaður "hrekkjusvín"". Hann hefur síðan ekki verið við nám.

99

Hann var 11 ára gamall er hann fór að anda að sér eimi af þynni og bensíni í því skyni að upplifa ofskynjanir. Nokkru síðar fór hann að misnota áfengi og frá september 1972 (þá 17 ára gamall) hefur sjúklingur, auk áfengis, neytt all mikils af ávana- og fíkniefnum. 12 ára gamall fór hann fyrst til geðlæknis (Þórður Möller), en nokkru síðar gekk hann til sálfræðings (Sigurjón Björnsson). Meðhöndlunin varð þó fremur skammvinn. Eftir nær hálfars árs drykkju og ofneyslu fíkniefna var hann lagður inn á Kleppsspítalann fyrir tilstuðlan Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Lögð var þá fram beiðni um svíptingu sjálfræðis, en því var ekki fylgt eftir. Á Kleppsspítalanum dvaldi hann frá 30.3. '73 til 16.4. s.á. Hann átti þá þegar að baki all langa afbrotasögu og voru félagsaðstæður hans afar bágbornar. Tengsl hans við móður voru slæm og við móðurömmu þannig, að hún hafði gefist upp á sambúðinni og flutt að heiman. Sama dag og hann fór af spítalanum neytti hann víns og fíkniefna og hefur haldið sig mikið við það síðan.

Eftir að Kristján lauk námi, eða frá 15 ára aldri, má segja, að hann hafi engan veginn unnið þannig, að hann hafi getað séð fyrir sér sjálfur. Hann starfaði eitthvað á ýmsum stöðum, en fremur stutt á hverjum stað og oft með löngum millibilum. Segja má, að hann hafi síðari árin ekki stundað neina reglubundna vinnu. Þess í stað hefur hann hneigst til að afla sér tekna með afbrotum og leitað eftir félagsskap þeirra, sem hafa getað stutt hann með því að veita honum vin, fíkniefni, mat og eyðslueyri. Aðvaranir, dómar og fangelsisvistir hafa ekki megnað að stöðva afbrottaferil hans.

Kristján á erfitt með að lýsa sjálfum sér. Hann er nokkuð uppstökkur, en segir, að reiðin renni fljótt af sér. Hann reitir fólk til reiði og lendir í áflogum, án þess að geta gert sér grein fyrir hvers vegna. Hann veit um styrkleika sinn í áflogum og hefur fengið visst orð á sig fyrir að vera harður í horn að taka. Ekki viðurkennir hann að hann finni til kviða eða öryggisleysiskenndar heldur gerir hann

100

sér far um að sýnast kaldur og kærulaus. Í viðtölum koma þó fram atvik sem sýna, að andstæðar tilfinningar eru fremur algengar. Kristján Viðar segist vera glettinn og kíminn, reyndar hafi hann oft fengið hrós fyrir þá eiginleika. Hann er minnugur og man oft eftir númerum á löggreglumönnum, sem hann hefur átt samskipti við, jafnvel fyrir mörgum árum. Engin áhugamál koma fram og ekki heldur nein sérstök markmið.

Frásagnir Kristjáns Viðars á verknuðum þeim, sem hann er kærður fyrir, eru nokkuð óljósar. Fyrst í viðtolunum ber hann við minnisleysi og virðist reyna að leggja sig fram um að muna betur. Lýsingar hans á atburðum í máli Guðmundar Einarssonar eru þó mun greinilegri en í Geirfinnsmálinu. Nokkrir atburðir í Geirfinnsmálinu eru þó einnig furðu skýrir. Í báðum ákæruatriðunum koma einnig fram lýsingar þar sem svo virðist sem raunveruleiki og óraunveruleiki blandist saman, þ.e.a.s. að svo virðist sem hugmyndir eða kenndir séu færðar fram sem raunveruleiki. Ég held ekki að petta sé honum alltaf meðvitað. Ég er þó hér ekki að leggja mat á sannleiksgildi þeirra. Hugsanlegt er, að hann hafi bælt svo mikið það sem raunverulega hefur gerst, að það verði óljóst í endursögn. Hafa ber líka í huga, að hér er um að ræða óreglusaman atvinnuleysingja, sem lifir mjög sérstæðu lífi í þjóðfélagi okkar þar sem svo virðist sem hver dagur gangi út á það að afla sér vínss eða fíkniefna. Í sliku ástandi er líklegt, að renni saman raunveruleiki og óraunveruleiki. Sjálfur segir hann í löggregluskyrslum frá 7. apríl sl. er hann var að lýsa viðbrögðum sínum og Tryggva Rúnars eftir látt Guðmundar Einarssonar: "Ekki fórum við Tryggvi Rúnar strax að sofa, heldur tókum inn LSD-töflur. Við sofnuðum þó og vöknudum ekki fyrr en seint daginn eftir og þá vorum við einmitt að tala um hvort þessi atburður hefði virkilega átt sér stað, en við vorum undir áhrifum LSD og töldum okkur trú um, að þessi atburður hefði aldrei skeð". Kristján hefur oft sagt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis og lyfja þegar bæði ákæruatriðin áttu sér stað, reyndar segir Sævar Ciesielski í löggregluskyrslum frá 6. janúar 1976: "Ég held, að þeir (Tryggvi Rúnar, Kristján Viðar Viðarsson) hafi báðir verið undir áhrifum áfengis og einhverra lyfja, sennilega örвandi".

101

E.t.v. er þetta líka það sem Guðmundur sálugi Einarsson
mun hafa verið að meina er hann kallaði þá "dópista".

Kristján Viðar Viðarsson var með Valium í vasanum er
hann var staddur í Keflavík í sambandi við Geirfinnsmálið
og tók þær að sögn í bílnum á leiðinni til baka.

Kristján Viðar iðrast þess, sem hefur gerst í sambandi
við Guðmund Einarsson. Í hvert skipti, sem rætt var um
Guðmund varð hann viðkvæmur, reyndar segir Kristján, að
Guðmundur hafi verið skólabróðir hans og kunningi áður
fyrr, þó að þeir hafi ekki verið í neinum tengslum um
lengri tíma. Hann getur þess, að það hafi hvorki verið
ætlun sín, eða nokkur tilgangur fólginn í því að standa að
því, sem gerðist í því máli. Tilfinningaviðbrögð hans verða
nokkuð óljósari þegar Geirfinnsmálið ber á góma. Þar virðist
hann undrandi yfir því á hvern hátt hann hefur tengst því
máli eða komist í þá aðstöðu, sem hann er í, er geðrannsóknin
fór fram. Þó virðist svo sem einhver breyting hafi gerst
með honum um líkt leyti og Geirfinnsmálið átti að hafa átt
sér stað. Páll Konráð Konráðsson Þormar segir m.a. í
lögregluskyrslu frá 7. maí 1976 um ástand Kristjáns eftir
þann dag: "...þá fannst mér Kristján Viðar verða á
einhvern hátt hlédrægari en hann átti vanda til". Þess
skal getið, að um líkt leyti minnka samskipti Kristjáns
Viðars við Sævar og reyndar var Kristján búinn að fá sér
annan vin. Það er hugsanlegt, að slik breyting kunni að
hafa haft áhrif á framkomu Kristjáns.

Almennt heilsufar Kristjáns hefur verið gott. Einu sinni
var gert að ígerð í hálsi. Ekki er vitað til þess að hann
hafi legið á sjúkrahúsum vegna líkamlegra kvilla.

Sálfræðileg athugun var gerð af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi
dagana 26. og 27. apríl 1976. Tekin voru tvö próf. MMPI-próf:
Niðurstöður þess voru: "Kristján lætur ekki í ljós nein
taugaveiklunareinkenni eða geðræna vanlíðan". Ennfremur
segir: "...sjálfstraust og starfhæfni virðist óskert".

ENN SEGIR: "Sú mynd, sem fram kemur af persónuleika hans er dæmigerð fyrir andfélagslega persónuleika (sociopathic personality) sem lýsir sér í impulsivri hegðun, grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og afbrotahneigð". Niðurstöður þessa MMPI-prófs eru því: "Hann er tilfinningalega vanþroska, bráðlyndur og aggressivur, hefur mjög óljósa siðgæðisvitund, er eirðarlaus og örlyndur". Hitt prófið er Bender-Gestalt. Niðurstöður þess prófs benda ekki til truflana á heilastarfsemi af líkamlegum orsökum. Greindarpróf voru tekin 2.4. '73, er hann lá á Kleppsspítalanum. Niðurstöður þeirra voru, að starfhæf greind hans væri talin í löku meðallagi. Almennar blóðrannsóknir ásamt sérprófum á starfsemi lifrar og nýrna voru innan eðlilegra marka, Lues-próf negativt.


Kristján Viðar er myndarlegur maður á vöxt, en nokkuð fólur, lófar ætið kaldsveittir. Hann var spenntur, einkum framan af hverju viðtali, slakaði stöku sinnum á spennunni, en var oftast á varðbergi. Hann var opinskár um fyrri atburðarás og heimilishagi, myndaði stundum góð tengsl og sýndi viðkvæmni einkum er talið barst að ákæruatriðunum. Hann virðist rétt meðalgreindur, en þekking fremur takmörkuð og orðaforði einnig, en þó sennilega í samræmi við hugsanagang manns, sem hefur lifað sliku lífernii. Erlendis hafði ég rekist á áberandi bil milli tjáningaforms og hugsanagangs fólks úr ýmsum stigum þjóðfélags. Þetta er í fyrsta skipti sem ég rek mig á slikt bil hérlendis. Svo fjarri hefur lífernii og hugsanasvið hans verið. Fangaverðir og rannsóknarlögreglumenn er ég ræddi við höfðu fundið til svipaðs mismunar. Tiltölulega fljótt dró þó úr sérkennum þessum. Nærminni hans virðist gott og fjærminni á köflum sérstaklega gott, þó eins og áður hefur verið lýst, hafi borið á minnis-truflunum. Einbeitingarörðugleikar koma nokkuð sterkt fram og eirðarleysi, en stemning hans var allan tímann nokkuð ör. Hann er áberandi tortrygginn, tilfinningaríkur og æsist tiltölulega auðveldlega upp, en jafnar sig fljótt og virðist ekki langrækinn.

Hér er um að ræða 21 árs gamlan atvinnulausan óreglumann, sem er ákærður fyrir þátttöku í hugsanlegu morði Guðmundar Einarssonar og í hinu svokallaða Geirfinnsmáli. Kristján er einkabarn foreldra, sem áttu við mikil vandamál að striða í sambúð. Hann ólst upp hjá ömmu, sem réði ekki við skapgerð hans, og gerðist hann snemma ódæll og sjálfráða, án þess að bera skilning á, eða hafa dómgreind, til þess að stjórna sér og tilfinningum sínum, svo að vel færi. Líf hans beindist fljótlega inn á afbrot og ofneyslu áfengis og fíkniefna. Hann lauk ekki unglíngaprófi og lítið sem ekkert hefur verið um reglubundna vinnu að ræða. Lífsviðurværis aflar hann sér ýmist með afbrotum eða með þjónkukenndri vináttu við kunningja. Hann er ósjálfstæður og tilfinningaríkur og þarf því einnig að leita öryggis til annarra, en tortryggnin hindrar hann í að treysta öðrum fyrir tilfinningum sinum. Þarfir hans eru frumstæðar og því hætt við að honum hyggari einstaklingar geti gert hann háðan sér og stjórnað athöfnum hans. Svo langt virðist hann hafa komist frá almennu lífnerni, að það verður nær óskiljanlegt, m.a. gætir vissra erfiðleika í samskiptum hans við annað fólk. Hér er því um að ræða þjóðfélagslega frumstæðan mann með sérkennilegt gildismat og sterka andfélagslega hegðun.

Niðurstaða minn af rannsókninni er, að Kristján Viðar Viðarsson er haldinn drykkjusýki og ofneyslu ávana- og fíkniefna (alcohol addiction, drug dependence). Skapgerð er afbrigðileg þannig, að hann er tilfinningalega vanþroska með sterka andfélagslega hegðun (personality disorders, antisocial personality). Ekki er líklegt, að hin afbrigðilega skapgerð með takmarkaðri stjórn á útrás hvata og tilfinninga sé af vefrænum orsökum (sbr. heilalinurit og niðurstöðu af Bender - Gestalt prófi) eða af geðrænum toga spunnið (sbr. MMPI-próf og niðurstöðu geðrannsóknar). Óvist er hvort geðlækningar muni bera nokkurn árangur og ekki er mælt með meðhöndlun á sjúkrahúsi vegna ástand þessa. Telja má víst, að hann hafi verið undir áhrifum bæði vínss og lyfja í báðum ákærutilvikum (í máli Guðmundar Einarssonar og Geirfinnsmáli) og hefur það

ástand að sjálfsögðu dregið úr stjórnun hans á gjörðum sínum og haft áhrif á það sem kann að hafa gerst. Erfitt er að segja til um horfur á ástandi Kristjáns Viðars í framtíðinni, en almenn reynsla hefur sýnt, að slikt andfélagslegt atferli sem hér er um að ræða, dvíni, eða hverfi alveg með aldrinum, einkum upp úr þritugsaldri.

Hann er hvorki fáviti né geðveikur (psykotiskur) í skilningi hegningarlaga og er þar af leiðandi sakhæfur, í almennum skilningi. Hins vegar eru málsatvik í báðum ákæruatriðum óljós og því ekki unnt á þessu stigi málsins að dæma um sakhæfni hans í hvoru þessarra atvika fyrir sig.


Thorvaldur Helgason

6
7/9/1976
M. S.

Sakadómur Reykjavíkur fór þess á leit með bréfi dags.

28. maí 1976, að geðrannsókn yrði gerð á Tryggva Rúnari Leifssyni gæsluvarðhaldsfanga. Hann er ákærður um aðild að hvarfi Guðmundar Einarssonar.

Tryggvi Rúnar Leifsson er fæddur í Reykjavík, 2.10. '51, sonur Leifs Guðmundssonar, f. 1.4. 1913, verkstjóri hjá Reykjavíkurborg og konu hans Stellu Tryggvadóttur, f. 12.7. '1919. Foreldrar Tryggva voru ekki gift þegar hann fæddist heldur var Leifur kvæntur annarri konu. Nokkuð eftir fæðingu Tryggva skildi hann og kvæntist Stellu, barnsmóður sinni. Tryggvi hefur síðan eignast 2 bræður, Ómar Leifsson, f. 20.7. '54, bifvélavirkni, einhleypur, býr hjá foreldrum og Hilmar Þór Leifsson, f. í apríl 1956. Tryggvi Rúnar á 4 hálfssystkini, sem eru samfeðra, eru þau öll eldri en hann og hefur hann ekki haft neitt samneyti við þessi hálfssystkini. Tryggva er ekki kunnugt um neina ættgenga sjúkdóma í ætt, sérstaklega ekki geðveiki, en báðir foreldrar hafa ætið verið mjög drykkfelld.

Stella, móðir Tryggva, var einhleyp þegar hann fæddist og hefur það vafalaust haft þau áhrif, að hann er að mestu leyti alinn upp hjá móðurömmu sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttur, Lokastíg 6. Guðrún er gift Tryggva Gunnarssyni. Hann var því alinn upp á stóru heimili ásamt móðursystkinum, en var lang yngsta barnið á heimilinu. Tryggvi Rúnar segir, að heimili ömmu sinnar hafi verið rekið í all ströngum kristilegum anda og amma sín hafi að mestu verið ráðandi á heimilinu og þar af leiðandi haft mestu ábyrgðina á uppeldi hans. Hann segist þó mikið hafa leitað til Svövu Tryggvadóttur, einnar móðursystur sinnar. Tryggvi segir, að foreldrar sínir hafi búið skammt frá Lokastíg og því hafði hann ætið talsvert mikið samneyti við þau. Jafnframt dvaldi hann á heimili þeirra smátíma öðru hvoru, en heimili foreldra hans virðist ekki hafa verið ákjósanlegur uppeldisstaður þar eð þau voru bæði mjög drykkfelld og samkomulag milli þeirra svo slæmt, að til

líkamsmeiðinga kom þannig að eitt sinn kjálkabraud Leifur konu sína. Snemma þurfti Tryggvi að standa á milli foreldra sinna og reyna að sætta þau. Tryggvi segir, að sér hafi alltaf lynt illa við föður sinn, en hann segir hann vera mjög hægan og barnalegan í sér án áfengis, en umhverfist við áfengisneyslu og verði þá uppstökkur og rífst út af engu. Hefur hann lengi fundið til mikillar reiði út í föður sinn vegna þess hversu oft hann barði móður hans, segist hann muna eftir því, að snemma hefði hann heitið því að hefna sín á föður sínum fyrir þetta. Tryggvi segir móður sína vera trygglýnda, en segir hana vera skapharða og bráða og eigi til að reiðast illa, einkum við áfengi.

Tryggvi veit ekki annað en fæðing hans hafi gengi vel, hann hafi tekið út venjulegan þroska á fyrstu árum ævi sinnar. Tryggvi segist hafa fallið á fullnaðarprófi í Laugalækjarskóla, en lauk skyldunámi við Miðbæjarskólann með lélegum árangri. Hann settist síðan í Lindargötuskólann, í þriðja bekk, en hann hætti námi fljótlega.

Tryggvi telur sig hafa verið eðlilega félagslyndan er hann var í barnaskóla, átti marga leikfélaga, hafði áhuga á íþróttum og var mikið í fótbolta. Missti áhugann á íþróttum eftir að hann tók upp óreglusamt lífern. Hann segist aldrei hafa stundað hnupl eða brotið neitt af sér fram að fermingaráldri. Tryggvi var 7 sumur í sveit í Borgarfirði og kunni vel við sveitadvölina. Að skólagöngu lokinni hóf Tryggvi Rúnar vinnu hjá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, 16 ára gamall, og var þar í 1 ár. Hætti þar vegna handleggsbrots. Vann síðan hjá Gróðrastöðinni Alaska um tíma, en komst þá í slæman félagsskap og upp frá því hófst afbrotasaga Tryggva. Fór fyrst í varðhaldsgæslu vegna veskisþjófnaðar, sat síðan inni í 30 daga vegna ávísanafalss. Fluttist eftir þetta frá ömmu sinni Guðrúnu, til foreldra. Síðan hefur tæpast verið um að ræða fasta vinnu hjá Tryggva, nema þann tíma sem hann vann í Glit. Hefur lengst af setið inni í fangelsum vegna

margs konar afbrota, bílpjófnaða, ávísanafalss og líkamsárása. Segist hann hafa setið inni nær bæði árin 1969 og 1970. Ennfremur um tíma árið 1971, losnaði úr fangelsinu 16. júní 1972. Síðan tóku við tvær stuttar gæslur í 20 daga og 7 daga. Tryggvi kynntist fyrrverandi sambýliskonu sinni, Huldu Kristínu Gissurardóttur, f. 6.2. '58, vann þá í Áburðarverksmiðjunni, drakk talsvert mikið um helgar. Hringtrúlofaðist Huldu fyrripart árs 1973 og byrjuðu þau búskap heima hjá foreldrum hans. Fór að vinna á keramikverkstæðinu Glit um líkt leyti og gekk vel í vinnunni að sögn, og hætti nær allri óreglu um tíma. Eignuðust Hulda og hann barn þ. 10.12. '73, dreng, sem var skírður Arni Þór. Þau urðu sér síðan úti um litla íbúð í Breiðholti og fluttu þangað í febrúar mánuði 1974. Fór síðan að lenda í óreglu aftur, hætti í Glit í júlí mánuði 1974. Sambúð hans og Huldu flosnaði upp í ágúst mánuði s.á. Síðan fór Tryggvi að stunda sjóinn, réði sig á bát frá Þorlákshöfn, Kofra að nafni, var á honum í 1 1/2 mánuð. Fór síðan nokkra túra á togara, síðan aftur á bát frá Ólafsvík og var á honum þar til í apríl 1975, en var þá aftur stungið í fangelsi og sat í fangelsi þar til 18.12. '75 og síðan aftur inn vegna núverandi gæslu 23.12. '75.

Tryggvi Rúnar segist fyrst hafa bragðað vín þegar hann var 14 ára gamall, var það í útilegu í Þórsmörk. Segist hann hafa drukkið sig þá ofurölvi. Þegar hann byrjaði að vinna í Mjólkurstöðinni var drykkja hans aðeins um helgar, en eftir að hann fór að vinna hjá Alaska keyrði um þverbak og hann komst í slæman félagsskap, þar sem drykkja og lyfjaneysla voru höfð í hávegum og einskis svifist til að útvega peninga fyrir vini og öðru. Innbrot og ofbeldi þóttu sjálfsagðir hlutir. Hann segist í mörg ár hafa haft í huga að rífa sig upp úr þessu slæma lífsmunstri, en hefur alltaf skort framtak og staðfestu þegar á hólminn var komið. Tryggvi heldur því fram, að hann hafi hugsanlega leiðst út í ofneytslu áfengis og lyfja sem einhvers konar uppreisn gegn frekar ströngu aðhaldi Guðrúnar ömmu sinnar.

Tryggvi byrjaði að neyta lyfja nær því samfara því sem hann fór að neyta áfengis í óhófi, einkum var um að ræða örvandi og róandi lyf, Amphetamine, Valium og Mebumal.

Svo sem fyrr segir, virðist Tryggvi hafa dregið nokkuð úr notkun vímugjafa síðustu mánuðina á árinu 1973, en byrjaði að nota vín aftur, a.m.k. var hann fullur um áramótin '73 - '74 og sló þá Huldu sambýliskonu sína. Hann komst síðan yfir 1000 stk. af töflum, Tabl. Mebumal natrii, sem voru stolnar og geymdi hann þær fyrir mann að nafni Óskar Guðmundsson. Byrjaði hann að nota þær í smáum mæli fyrst, en daglega samfara mikilli kaffidrykkju mest allt árið 1974 og var því stöðugt undir lyfjaáhrifum, en þó ekki í það miklum mæli, að áberandi væri, að eigin sögn. Lengsti drykkjutúr Tryggva segir hann vera 4 vikur, en oftsinnis hefur hann verið stöðugt undir áhrifum áfengis og þá jafnframt lyfja, í 2-3 vikur í senn.

Tryggvi Rúnar hefur þrisvar sinnum verið lagður inn á sjúkrahús. Orsakir hafa í öll skiptin verið bein afleiðing af áfengis- og lyfjaneyslu. Hann lá á Kleppsspítalanum frá 7.6. '71 - 21.7. '71 og var þá búinn að drekka nær stöðugt í hálfan mánuð, var ekki undir áhrifum við komu þangað. Aðal tilgangur með innlögn hans þar er, að hann segist vilja hætta allri neyslu á vímugjöfum. Árið 1974 var hann lagður tvívar sinnum inn á Landspítalann.

Fyrri koman var h. 26.6. '73 og lá hann þar inni í 4 daga. Orsök innlagningar var lyfjadá (coma), hafði hann tekið 15 stk. af Tabl. Mebumal natrii eftir að hafa verið undir áhrifum áfengis í 4-5 daga. Tryggvi var síðan lagður aftur inn á taugadeild Landspítalans h. 22.8. - 30.8. '74.

Var það 6 dögum eftir að hann hafði fengið höfuðhögg þegar hann datt í stigagangi og var hann þá undir áhrifum áfengis. Við þessa seinni komu var Tryggvi Rúnar einnig í dásvefni, en honum heilsaðist vel. Í þessari seinni innlögn á spítálann var hann athugaður gaumgæfilega með tilliti til hugsanlegra skaða í miðtaugakerfi, en þeir fundust engir.

109

Tryggvi Rúnar telur sig hafa búið við góða líkamlega heilsu, hann segist hafa fengið flesta algenga barnasjúkdóma án nokkurra eftirkasta, hefur ekki gengið undir neinar stærri aðgerðir og engar aðrar sjúkrahúslegur utan þær, sem hér að ofan greinir. Er ekki kvillagjarn, fær einstöku sinnum höfuðverki. Hefur aldrei fengið krampa, hefur einu sinni handleggsbrotnað, aldrei fengið stærri áverka þótt hann hafi lent í slagsmálum. Líkamleg skoðun var gerð á Tryggva Rúnari h.

8.7. '76. Hann er tæplega meðalmaður á hæð, en þreklega og kraftalega vaxinn, ekkert sjúklegt kom fram við kerfisbundna skoðun líffærakerfa, svo og ekki við neurologiska skoðun. Blóðþrýstingur reyndist vera 120/80, púls 64/mín. Blóðprufur voru teknar h. 8.7. og reyndust þær innan eðlilegra marka og höfðu eðlilegan blóðhroða, eða 16.4g%, sökk mældist 1 mm, fjöldi hvítra blóðkorna var 4.400, eða innan eðlilegra marka. Blóðurea mældist 31. Próf fyrir syfilis reyndist neikvætt.

Heilalinurit var enn fremur tekið h. 8.7. og reyndist það einnig vera innan eðlilegra marka.

Gylfi Ásmundsson sálfraðingur lagði sálfraðipróf fyrir Tryggva Rúnar. Þau voru:

Wechsler, greindarpróf fyrir fullorðna.

Bender-Gestalt, skynhreyfipróf.

MMPI, persónuleikapróf.

Rorschach, persónuleikapróf.

A Wechsler greindarprófi reyndist greindarvístala Tryggva Rúnars vera 83, sem er talsvert undir meðallagi, en hann er talinn vera fjarri því að vera vangefinn. Mismunur einstakra þátta á prófinu var lítill og benti það til, að eðlisgreind Tryggva sé ekki miklu hærri en niðurstöður prófsins segja til um. Þekkingaforði Tryggva reyndist vera mjög lítill og var talinn bera vott um litla greindarfarslega ræktun og lélega skólaundirstöðu.

Rorschach prófin bentu til þess, að Tryggvi væri ekki næmur á mannlegar tilfinningar og jafnframt, að dómgreind væri léleg, tilfinningalíf grunnt og líkur á hvatvislegu atferli.

Niðurstöður prófsins í heild voru þær, að Tryggvi væri fremur laklega gefinn með talsverða persónuleikagalla. Dómgreind er léleg og hæfileikinn til geðtengsla lítill og tilfinningar grunnar, jafnframt því að vera haldinn nokkrum kviða og vanmetakennd.

Geðskoðun:

Tryggvi er dálitið kvíkur í hreyfingum og órólegur, er greinilega haldinn talsvert mikilli spennu, sem reyndar er ekki óeðlilegt miðað við núverandi aðstæður. Hann gerir sér mjög mikið far um að vera kurteis og samvinnulípur á meðan á viðtali stendur á allt af því yfirdrifinn hátt. Hann reynir að vanda sig mjög í frásögn og svara sem nákvæmast. Þrátt fyrir það er erfitt að fá hjá honum nákvæmt yfirlit um lífsferil hans sökum þess hversu ó öruggur hann er og minni ónákvæmt, þarf oft að hugsa sig mikið um og leiðréttu svör sín. Framsögn hans er því oft dálitið hikandi og málvillur eru áberandi í tali hans. Geðslag hans einkennist fyrst og fremst af kviða, spennu og óöryggi, sem speglast í andlitssvip hans og hreyfingum. Engir sérstakir kækir eru áberandi. Geðbrigði eru mjög lítil og virðast rista grunnt. Sjaldan er hægt að greina hjá honum nokkur merki iðrunar, samviskubits eða þunglyndis. Engar hugsanatruflanir koma fram, sem má rekja til annars en spennu og óöryggis og lélegs minnis og því engin einkenni um geðveiki (psychosis). Ekki kemur neitt fram, sem bendir til þess að Tryggvi sé haldinn ranghugmyndum eða ofskynjunum. Dómgreind virðist vera talsvert mikið áfátt og skilningur og almennur fróðleikur lítill. Tryggvi verður því að teljast illa upplýstur. Engar truflanir koma fram á meðvitund. Hann er vel áttaður á stað og stund og eigin persónu.

111

Tryggvi telur sig ekki vera taugaveiklaðan og neitar því að hann sé kviðinn og óöruggur. Hins végar telur hann sig oft vera eirðarlausn og viti ekki alveg hvað hann vilji, sé hann leitandi að því hvað hann eigi að gera við líf sitt. Segist vera óánægður með það, eins og það hefur verið, sífelld afbrot og úttekt á dómum.

Tryggvi Rúnar segir, að það hafi komið flatt upp á sig
begar hann var settur í gæsluvarðhald h. 23.12. '75 í
sambandi við hvarf Guðmundar Einarssonar, þar eð hann
taldi sig ekkert vera flæktan í það mál, eða vita nokkuð
um það. Segist hann hafa farið í mikið uppnám, hélt
að það væri verið að beita sig einhverjum bellibrögðum.
Missti svefn, gat ekki sofið í eina 4 sólarhringa, fyrst eftir að hann var settur inn, var spenntur, kviðinn, örvæntingafullur, fékk ofheyrnir, heyrði raddir kunningja, bæði karla og kvenna. Það sem hann heyrði var mest sundurlaust málæði, mest rifrildi eða veisluglaumur, eins og í partyí. Segir, að læknir hafi verið fenginn til sín og gefið sér róandi lyf, telur að ruglið hafi runnið af sér á nokkrum dögum. Hann segist síðan hafa verið í yfirheyrsrum í sambandi við hvarf Guðmundar, en ekkert fór að rifjast upp fyrir honum um eiginn þátt í því máli fyrr en u.p.b. 30 dögum eftir að hann var settur í varðhald. Það sem hann man í því sambandi er fyrir
honum næsta óljóst og sundurlaust, en telur sig þó muna
greinilega eftir því núna, að hann hafi lent í átökum
við Guðmund, ásamt tveimur mönnum, og annar þeirra hafi
sparkað í andlit Guðmundar þar sem hann lá á gólfinu. Jafnframt telur hann sig muna, að þeir hafi farið með lík Guðmundar á einhvern stað í nágrenni Hafnarfjarðar, man óljóst eftir þessum stað, en segir að "Fjárborg" hafi verið þar nálægt.


þr. 12/8 '77.

112

Niðurstaða:

Ég tel, að Tryggvi Rúnar sé hvorki vangefinn né haldinn geðveiki (psychosis) heldur er hann illa greindur og haldinn miklum persónuleikagöllum, sem koma fram sem geðvilla (psychopathia). Jafnframt hefur hann verið haldinn drykkjusýki (alcoholismus) frá 16 ára aldri og háður fíknilyfjum (drug dependence) frá 17 ára aldri.

Hann leitaði sér lækninga við drykkjusýki sinni og lyfjanotkun árið 1971 á Kleppssíptalanum, en meðferðin þar var árangurslaus. Batahorfur mega því teljast lélegar þótt meðferð yrði reynd að nýju. Ekki er til neitt meðferðarform, er læknað getur geðvillu. Geðvilla hans kemur fyrst og fremst fram í grunnu tilfinningalífi, litlum hæfileika til geðtengsla og lélegri dómgreind. Sjálfstjórn er lítil og minnkar að mun við neyslu áfengis, eða fíkniefna, svo hvatir hans brjótast þá mun auðveldar út, svo sem í formi árásargirni eða ofbeldi og annarra andfélagslegra aðgerða. Miðað við þær upplýsingar sem Tryggvi Rúnar gefur um þátt sinn í hvarfi Guðmundar Einarssonar verður hann að teljast sakhæfur.


Asgeir Karlsson
geolæknir

þótti hafa þjá verið með knattskáðum knif, einhver ekonan hennan hefði. Hann var þannig ólækninn, að ðað var hinsað til laups frá Þorlákku en miðið annar 1973. Við varu nuðum þá verið orðen i laugmannshófum líma og var hætt í eg íslenskum svæðum, venum Þólfur heitir. Hann gildi með hals og næf og ófærihluti og ríðast með í hana með knattskáðum, en hætt í knattskáðum. Þóttu knatt hafi verið óvinnandi ósíða í fyrri skiptunum, talið var að knattskáðum óskoðisti þóttum ogir hér við komu mína, en gerði enga ólögum með við hana. Knattur hætt var í alibí, en sváðvalt var að festa við hætt sér. Mynd af henni skaffi var að knattskáðum og rífflað, en hætt var að knattskáðum óskoðið við hætt, var tekið eða rífflaður. Þessi tabakur var ríkraði að þann hætt, að sváður varð að fjað að knatt skái og sváður vök knattskáðum óskoðið. Þíð undar fyrir að hætt hafi verið óvinnandi ósíða í knattskáðum, býr með knattskáðum.

7. apríl 1976 kl. 14:50 er mættur að eigin ósk hjá rannsóknarlöggreglunni í Rvk. í fangelsinu við Skóumúljá, Kristján Viðar Viðarsson núverandi gæslufangi, til heimilis að Grettisgötu 82 hér í borg, fæddur 21. 4. 1955 í Rvk.

Aminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi: Eg hef hér tvívegis gefið skýrslu varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar, sem síðast er vitað um í Hafnarfirði aðfararnótt 27. (sunnudagsins) janúar 1974. Þær skýrslur eru að flestu leiti réttar, en nú vil ég skýra frá öllum sannleikanum í máli þessu, eins og ~~þegar ekki hafi~~ hann er og ég man örugglega.

Guðmundur Einarsson lést ekki af völdum átka í íbúð þeirra Sævars Ciesielski og Erlu ~~Birkir~~ Bolladóttur, heldur stakk ég hann með hnifi. Að vísu lenti Guðmundur þarna í átökum, en bau leiddu ekki beinlínis til dauða hans.

Eg, Sævar og Tryggvi Rúnar Leifsson vorum allir staddir á laugardagskvöldi heima hjá mér. Þá ákváðum við að fara eitthvað út að skemmta okkur og fórum í leigubifreið heima frá mér. Í henni ókum við að starfsmannahúsi Kópavogshælisins, en þar bjó þá stúlka, sem heitir Helga Gísladóttir. Eg og Sævar þekkjum Helgu, en ekki held ég, að Tryggvi Rúnar hafi neitt þekkt hana. Við starfsmannabústaðinn fór Sævar úr bifreiðinni, en við Tryggvi Rúnar héldum áfram í henni suður í Hafnarfjörð. Við vorum þá búinir að ákveða að hittast á eftir við samkomuhúsið Skiphól í Hafnarfirði. Sævar greiddi fyrir aksturinn ~~xx~~ í Kópavoginn og svo fyrirfram fyrir okkur Tryggva Rúnar til Hafnarfjarðar.

Eg átti heima hjá mér nokkuð stóran hníf, einhverskonar hermannahnífi. Hann var þannig tilkominn, að ég kom hingað til lands frá Danmörku um mitt sumar 1973. Við Sævar höfðum þá verið saman í Kaupmannahöfn um tíma og þar hitti ég íslenskan strák, sem Báður heitir. Hann gekk með hníf á sér og átti til að ráðast ~~xx~~ á menn með hniffnum, en ég tók hnífinn af honum. Pennan hníf kom ég svo með hingað heim á fyrrnefndum tíma. Töllvörður á Keflavíkurflugvelli skoðaði pennan hníf k við komu mína, en gerði enga athugasemd við hann. Hnífur þessi var í slíðri, sem auðvelt var að festa við belti sér. Mjög dökkt skaft var á hnifnum og rifflað, svo betri handfestu væri á því. Á efri enda skaftsins var hnúður, en á hinum enda skaftsins við blaðið, var takki eða fjöður. Þessi takki ~~xx~~ virkaði á þann hátt, að maður varð að fýta á hann um leið og maður tók hnífinn úr slíðrinu. Ef maður fýtti ekki á takkann, þá sat hnífurinn fastur. Blað hnífins var ca. 20-22

cm á lengd og skaftið vel þverhandarbreitt. Blaðið mjókkaði jafnt beggja vegna fram í odd og þynntist okkuð í oddinn. Ekki held ég, að hnífurinn hafi bitið neitt, svo heitið gæti, annars notaði ég hann aldrei til þess að skera neitt með. Ég gæti ~~þ~~ fímyndað mér, að þetta hafi verið byssustingur, sem hefði verið styttur. Slíðrið veit ég ekki hvort hefur verið það, sem þessi hnífur hefur átt upphaflega að vera í, en hann passaði í það. Mér virtist hnífurinn og slíðrið hvorugteggja vera nokkuð gamalt. Ég hafði fyrir síð að geyma hnífinn uppi á vegg við hliðina á dyrunum inni í herbergi mínu.

Pegar við héldum af stað heiman frá mér þetta laugardagskvöld, þá var ég að handleika hnífinn og eitthvað að tala um hvort ég ætti að taka hann ~~máxxmá~~ með mér. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að það ætti ég ekki að gera því það gæti verið hættulegt, en þá vildi Sævar fá að hafa hnífinn. Það samþykkti ég og festi Sævar hnífnum við belti sér. Pegar svo Sævar fór úr bifreiðinni við starfsmannabústaðinn, þá afhenti hann mér aftur hnífinn að minni beiðni. Ég festi hnífinn við belti mér innan- undir nokkuð stórum frakka, sem ég á þeim tíma gekk mikið í.

Pegar við Tryggvi Rúnar komum til Hafnarfjarðar, þá fórum við úr leigubifreiðinni, en ekki get ég með vissu komið því fyrir mig hvar við fórum úr. Einhverra hluta fórum við ~~Tryggvi~~ Rúnar á mis við Sævar í við Skiphól, allavega hittum við hann þar ekki. Við Tryggvi Rúnar vorum svo þarna eitthvað að flækjast í nágrenninnu, allavega hittum við Guðmund þar á gangi ekki all-lagt frá, eða á götu þeirri, sem liggur út úr Hafnarfirði áleiðis hingað til borgarinnar. Við höfðum ekki hitt Sævar og ákváðum að fara heim til hans, allavega lögðum við af stað þangað fótgangandi og gengum þangað alla leið. Ég hafði áður komið heim til Sævar og ætti því að vita hvar hann átti heima, en mér gekk hálfilla að finna húsið. Enginn var heima í íbúð Sævars, er við komum þangað, en rétt um þetta leiti, þá kom hann að húsinu, og fórum við allir fjórir inn. ~~Há~~ Herbergjaskipan í því ~~hnífinn~~ húsnæði, sem Sævar hafði til umráða, hef ég áður lýst.

Ekki man ég nákvæmlega hvað gerðist til að byrja með þarna heima hjá Sævar, nema hann og Guðmundur voru komnir í hár saman inni í svefnherberginu. Ég var í stofunni og sá því ekki nákvæmlega hvað fram fór, en Guðmundur virtist mjög æstur í garð Sævars og held ég hann hafi ráðist á Sævar, eða í það

minnsta sá ég ekki betur. Sævar kom svo hlaupandi út úr svefnherberginu fram í stofuna og virtist mjög hræddur við Guðmund og vera að fílk flýja hann. Hann talaði svo um, að Guðmundur ætti að fara út úr húsinu, en forðaði sér svo inn á salerni og læsti að sér. Tryggvi var inni í svefnherberginu, ásamt þeim Guðmundi og Sævari og veit hann því ef til vill betur hvað þar fór fram. Aftur á móti skipti Tryggvi Rúnar sér lítið af Guðmundi, nema ég held hann hafi gengið á milli þeirra Sævars og þess vegna hafi Sævar sloppið frá Guðmundi út úr svefnherberginu. Ekki get ég sagt um hvers vegna Guðmundur reiddist Sævari svona heiftarlega, en eitthvað talaði hann um "dópista" og svoleiðis. Æg benti nú Guðmundi á, að hann ætti að fara út og skipaði honum það reyndar, því húsráðandi vildi það, eins og hann hefði sjálfur heyrt. Guðmundur sagðist ekkert fara og spurði ég hann þá hvort ég ætti að hjálpa honum út. Hann kvað mig enga krafta hafa til slíks og bauð mér að reyna, því hann hefði fullkomlega krafta á við mig. Þetta orðaskak okkar átti sér stað úti í horni stofunnar rétt yxí hjá dyrunum fram í ganginn, þar sem símatækið var staðsett. Æg sneri ~~míninn~~ mér aðeins frá Guðmundi til þess að kalla til Sævars, en þá réðist Guðmundur aftan að mér og tók mig hálstaki aftan frá. Æg reyndi hvað ég gat til þess að losa mig, en tókst ekki. Guðmundur tók svo fast á hálsinum á mér, að mér fannst ég vera að kafna. Nú greyp mig einhver hræðsla og án þess ég gerði mér grein fyrir hvað ég var að gera, þá greyp ég til hnífssins, sem ég hafði fest við beltið á hægri mjööm mér. Æg kippti hnífunum úr slíðrinu og rak hann í blindni aftur fyrir mig, og fann ég, að hann stakkst í Guðmund. Ekki get ég gert mér græn fyrir hvar hnífurinn kom í Guðmund, eða hversu djúpt hann stakkst. Um leið og þetta gerðist, þá linaði Guðmundur takið og frá honum heyrðist stuna. Æg losaði mig þá frá honum og fór yfir í gagnstætt horn stofunnar. Ekki hafði Guðmundur fallið við hnífstunguna, heldur elti mig yfir gólfíð. Hann náði aðeins til mínn, en féll um leið á gólfíð. Æg var enn í frakkanum, en hann var fráhnepptur að framan, og greypt Guðmundur um eina töluna á frakkanum um leið og hann féll. Við það slitnaði talan af, en Guðmundur lá á bakinu á gólfinu. Meðan á þessu gekk, þá var Tryggvi Rúnar staddur einhversstaðar þarna í íbúðinni, en Sævar var enn inni á salerninu.

Æg gerði mér nú fljóttlega ljóst, að í mikið óefni væri komið og Guðmundur myndi illa slasaður, þó man ég ekki til þess,

að úr honum blæddi. Eg fór fram á ganginn og barði á salernisdýrnar og opnaði Sævar ekki fyrr en hann var viss um, að þar væri ég á ferðinni. Við gerðum okkur nú allir þrír ljóst, að Guðmundur myndi vera alvarlega slasaður og stakk ég upp á því, að við kölluðum til lögregluna. Tryggvi Rúnar var ekki frá því að gera það, en samt sem áður varð endirinn sá, að ekki var hringt til lögreglunnar, heldur bárum við Guðmund fram í geymsluherbergið. Þá var komin einhver nokkuð sterk og vond lykt, sem ég get ekki gert mér grein fyrir af hverju var. Þegar við bárum Guðmund fram í geymsluherbergið, þá virtist hann vera meðvitundarlaus, og töldum við, að hann væri láttinn. Ekki get ég gert mér grein fyrir hversu langur tími leið frá því, að ég stakk Guðmund og þar til við bárum hann fram, en það var ekki löng stund, þá í það minnsta 15 mínútur. Eg held ég hafi strax gert mér grein fyrir hvað ég hafði gert og var mjög miður míður yfir því.

Eftir að ævið höfðum lagt Guðmund til í geymslunni, þá fórum við allir út úr húsinu. Við tókum leigubifreið einhversstaðar og ókum í henni um Hafnarfjörð nokkra stund, en héldum þá aftur heim til Sævars og fórum þar inn. Ekki töluðumst við neitt við í leigubifreiðinni, en þegar við vorum komnir til baka, þá fórum við að ráða ráðum okkar. Það varð svo úr, að við ákváðum að losa okkur við lík Guðmundar, þar sem við vorum vissir um, að hann var láttinn. Sævar hringdi nú til Alberts Klahn Skaftasonar og bað hann að koma með bifreið ~~þóður~~ síns þanra til okkar.

Hann kom svo á svartri VW-bifreið, sem faðir hans átti, og lofaði Sævar Alberti því, að Albert skyldi fá "hass" í staðinn. Nokkur tími leið þangað til Albert kom, en á meðan vöfðum við einhverju ljósu klæði utan um lík Guðmundar. Eg held það hafi staðist nokkum veginn á, að við höfum lokið því og Albert kom. Ekki klæddum við Guðmund úr neinu, nema skónum, en þeir voru samt settir með honum. Þegar við settum utan um Guðmund, þá beygðum við líkama hans saman og var þá eins og brakaði í honum. Eg held líkið hafi verið byrjað að styrðna. Við vorum allir þrír við pessa "innpökkun", þegar Erla allt í einu birtist, en við vissum ekki til þess, að hún væri heima. Eg hætti þá við "innpökkunina" og fór að tala við Erlu, en þeir Sævar og Tryggvi Rúnar luku verkinu. Eg man ekki betur, en ég hafi sagt Erlu hvað skeð hefði, í það minnsta reyndi ég að gera henni það skiljanlegt. Eins tel ég mig hafa sagt henni, að Albert væri á leiðinni og ég held, að Erla hafi sagt ekki skipta sér af

pessu. Æg sneri mér svo aftur að félögum mínum og aðstoðaði þá við að ljúka verki sínu, það er að vefja utan um Guðmund. Mig minnir, að Guðmundur hafi verið klæddur úr jakkanum, áður en vafíð var utan um hann, en jakkinn var svo láttinn fylgja honum, eins og skórnir, þegar hann var svo urðaður um nöttina. Þegar búið var að vefja utan um Guðmund, þá bárum við hann allir þrír í sameiningu út úr húsinu, en Erla var eftir inni, ~~en~~ hafði ég ekki frekari afskipti af henni, en ég hef þegar greint frá. Þegar út úr húsinu kom, hætti ég burðinum, en fór á undan þeim hinum að bifreiðinni, sem Albert sat í. Þetta var VW-fólksbifr. svört að lit. Æg spurði hann eitthvað á þá leið, hvort hann vissi hvað til stæði og sagði hann, að Sævar hefði sagt sér það. Ekki mynntist ég neitt á það berum orðum við Albert hvað um væri að vera. Æg settist svo inn í aftursæti bifreiðarinnar og tók þar á móti byrði þeirra Sævars og Tryggva Rúnars. Byrgðin, þ. e. Guðmundur, var svo löggð á gólfíð á milli fram- og aftursætis bifreiðarinnar þvert í hana. Tryggvi Rúnar settist í afturæstið við hlið mér, en Sævar í framsætið við hlið Alberti. Hvort Sævar fór aftur inn í húsið, það man ég ekki fyrir víst, en þó minnir mig, að svo hafi verið.

Nú var ekið af stað og út úr Hafnarfirði til suðurskí átt til Keflavíkur. Ekki hafði neitt verið fyrirfram ákveðið hvert halda skyldi, nema það átti að verða í hraunið sunnan Hafna-fjarðar. Ekki man ég greinilega eftir ferðalaginu eftir þetta í bifreiðinni, nema við ókum veginn að Sædýrasafninu, en svo aftur á Reykjanessbraut. Við ókum á móts við Álverið og svo út af Reykjanessbrautinni í gagnstæða átt. Þar var ekið eftir einhverjum malarvegi, eða þar til Albert taldi sér ekki fært að aka lengra. Þá held ég, að einhver hæð hafi verið fram- undan og Sævar hafi farið út til þess að kanna, hvort bílfært væri upp á hana. Hvernig sem það var, þá var ekki ekið lengra. Nú fór Tryggvi Rúnar einnig út úr bifreiðinni og lögðu þeir Sævar og hann af stað frá bifreiðinni með lík Guðmundar. Æg fór ekki alveg um leið út úr bifreiðinni, en elði svo hina. Peir voru þá komnir spölkorn frá bifreiðinni. Þegar ég náði þeim, þá hjálpaði ég þeim til þess að bera líkið. Ekki veit ég með vissu eða get gert mér ljósa grein fyrir hversu langt við gengum, en í það minnsta 100 m frá bifreiðinni. Við settum svo líkið ofan í djúpa hraunsprungu, sem var svo djúp, að barmar hennar gnæfðu yfir höfuð mér, er ég var komin ofan í hana.

Sprungan kom svolítið inn undir sig niðri við botninn og mynd-aðist þar eins og hellisskúti. Í hann lögðum við lík Guðmundar. Þar með var einnig settur jakki hans og skór. Annað varð ég ekki var við, að tekið væri af Guðmundi. Tryggvi Rúnar velti nú að stórum steinum, sem við lögðum yfir líkið, en ekki náði hann að hylja það alveg. Afganginn huldi ég með því að týna yfir það smásteina.

Við héldum nú aftur að bifreiðinni og í henni var ekið hingað til borgarinnar og heim til míni, að ég best man. Þar fórum við Tryggvi Rúnar úr bifreiðinni og inn til míni, en ég bað hann að dvleja hjá mér um nóttina, því mér satt að segja leið bölvanlega eftir petta allt saman. Ekki Hvað varð um Sævar, það er ég ekki alveg viss um, en ég held hann hafi orðið eftir í bifreiðinni, er við Tryggvi Rúnar fórum úr henni.

Ekki fórum við Tryggvi Rúnar strax að soga, heldur tókum inn LSD-töflur. Við sofnuðum þó og vöknudum ekki fyrr en seint daginn eftir og þá vorum við einmitt að tala um hvort þessi atburður hefði virkilega átt sér stað, en við vorum undir áhrifum LSD og töldum okkur trú um, að þessi atburður hefði aldrei skeð.

Þegar þeir atburðir gerðust, sem ég hef hér skýrt frá, þá var ég og Tryggvi Rúnar báðir undir áhrifum áfengis og lyfja, í það minnsta ég.

Ég vil taka það fram, að ég það er nokkur tími síðan ég rifjaði þessa atburði upp fyrir mér eins og ég hef hér skýrt frá þeim, það var nánar til tekið tveim dögum síður en gæsluvarðhaldsúrskurður var síðast kveðinn upp yfir mér. Aftur á móti hef ég ekki óskað eftir því fyrr en í gær að skýra rannsóknarlögreglunni frá þessu.

Ég held, að við Tryggvi Rúnar höfum ekki sofnað þarna um nóttina heima hjá mér, heldur höfum við verið í móki undir áhrifum LSD. Þá vil ég taka það fram, að sú hin vonda lykt, sem ég fann, var af Guðmundi, og Tryggvi Rúnar var frammi í gangi íbúðarinnar meðan við Guðmundur áttumst við og sá því ábyggilega ekki hvað gerðist.

Yfirheyrslu lauk kl. 19:45.

Upplesið, staðfest:

Vottur:

Kristján Viðar Viðarsson

Órn Ármann

Kristján Viðar Viðarsson

Theo Ólafur Sigurdsson, E.N. Bjarnason

E. N. Bjarnason lögreglum.

J. M. W.

119

Nr. 8 Lagt fram í sakadóml
Reykjavíkur 17/9/1976

22. júní 1976 kl. 13:40 er aftur mættur að eigin ósk til yfirheyrslu hjá ~~mannsóknarlöggreglunni~~ í Revk. í fangelsinu við Síðumúla í máli þessu, Kristján Viðar Viðarsson núverandi gæslufangi, fæddur 21. 4. 1955.

Aminntur um sannsögli skýrir mætti frá eftirfarandi:
Eg vil nú að nokkru leiti breyta framburði mínum í máli þess, þeim er ég gaf hér þann 7. apríl s. l. Í þeirri skýrslu minni segi ég, að ég hafi stungið Guðmund Einarsson með hnifi og það hafi orðið hans bani. Petta er ekki rétt, ég stakk Guðmund al-drei með hnifi eða öðru. Hitt er aftur á móti rétt, að ég, Tryggvi Rúnar Leifsson og Sævar Ciesielski lentum í átökum við Guðmund heima hjá Sævari í Hafnarfirði, og þau átök leiddu til dauða Guðmundar. Hvað hnífinn varðar, þá skýrði ég að öllu leiti rétt frá tilkomu hans, en hvort ég tók hann með í þessa örlagaríku ferð til Hafnarfjarðar, það vil ég ekki fullyrða um. Eg minnist þess ekki, en hnífurinn hvarf heiman frá mér einhvern tímann um þetta leiti.

Förin til Hafnarfjarðar var með þeim hætti, sem ég lýsti hér síðast, nema hvað ég held, að við höfum ekið eitthvað hér í borginni á milli skemmtistaða áður en við ókum suður á leið. Við Tryggvi Rúnar hittum svo Guðmund í Hafnarfirði, ~~x~~ en fórum á mis við Sævar, hann hittum við ekki fyrr en við þrír, það er ég, Tryggvi Rúnar og Guðmundur komum að húsinu heima hjá Sævari. Herbergjaskipan í íbúð Sævars hef ég áður lýst, nema ég ~~xxxekki~~ man ekki eftir nema einu geymsluherbergi, og á þg það við, að ég man ekki eftir þvottaherberginu, en þar getur míni minnisleysi verið um að kenna.

Heima hjá Sævari kom svo til átaka, sem hófust inni í svefnherberginu. Þeir Sævar, Guðmundur og Tryggvi Rúnar voru þar inni og held ég, að fyrst hafi komið upp missætti milli Guðmundar og Sævars. Átökin bárust svo fram í stofuna, þar sem ég tók þátt í þeim. Ó Orsökin til áatakana held ég, að hafi verið sú, að Guðmundur hafi kallað okkur hina "dópista", eða eitthvað í þá áttina. Ekki man ég greinilega eftir því hvernig átökin gengu fyrir sig í smáatriðum. Eg man eftir því, að ég var tekinn hálstaki aftan frá og mun Guðmundur hafa verið ~~þekkja~~ þar að verki. Eg man svo, að Guðmundur lá einhvern veginn á gólfínu, eða sat að einhverju leiti uppi, en Tryggvi Rúnar var yfir honum eins og hann héldi honum niðri. Sævar var þarna einnig og sparkaði hann nú í Guðmund, þar sem

hann lá eða hálf sat. Eftir það hljóp Sævar fram á salernið og læsti sig þar inni, því þegar ég á eftir ætlaði að ná sambandi við hann, fíkkst hann ekki alveg strax til þess að opna. Við Tryggvi Rúnar gerðum okkur nú ljóst, að eitthvað alvarlegt væri orðið að Guðmundi, því hann stóð ekki upp. Þegar Sævar var kominn til okkar aftur, þá ræddum við um hvað gera skyldi. Rætt var um að kalla til lögregluna, en af því varð ekki.

Einnig rámar mig í, að Tryggvi Rúnar hafi stungið upp á því að fara með Guðmund og skilja hann eftir á einhverjum húströppum, en ~~með~~ af því varð heldur ekki. Endirinn varð sá, að við ákváðum að ~~komu~~ vita hvort Guðmundur myndi ekki hressast. I því augnamiði bárum við hann fram í geymsluherbergið og lögðum hann þar. Síðan fórum við allir þrír úr húsinu um stund og hef ég áður lýst athöfnnum okkar þá.

Er við komum til baka, þá gerðum við okkur ljóst, að Guðmundur myndi láttinn og var þá ákveðið að við losuðum okkur við líkið. I því augnamiði hringdi Sævar í símann og vissi ég ekki annað, en hann væri að hringja til Alberts Skaftasonar, enda kom þá í ljós á eftir, því Albert kom eftir nokkra stund. Á ~~meðan~~ meðan beðið var komu Alberts, ~~þá~~ vöfðum við líki Guðmundar inn í eitthvað, sem líktist laki úr rúmi og Sævar lagði til. Þá var það, sem Erla Bolladóttir birtist allt í einu, en frá því hef ég áður skýrt. Einnig hef ég áður skýrt frá atvikum varðandi flutninginn á líkinu í bifreiðina og Albert hafi verið á svartri VW-fólksbifreið, sem faðir hans mun hafa átt.. Eg spurði Albert að því, hvort hann vissi hvað um væri að vera og kinkaði hann kolli, sem ég skildi sem samþykki, en annað ræddum ~~með~~ við ekki um þetta. Sævar stjórnaði því síðan algjörlega hvert ekið var og hef ég lýst þeirri ökuferð hér áður, eða þann 7. apríl s. Á. Við gengum sv o frá líki Guðmundar, eins og ég þá skýrði frá, nema ég er ekki viss um, að við höfum klætt hann úr einu eða öðru, ég man ekki eftir því.

Það hefur nokkrum sinnum verið farið með mig í ökuferðir suður fyrir Hafnarfjörð til þess að kanna hvort ég kannist þar við einhvern stað, þar sem við urðuðum Guðmund. Ég er mikið búinn að hugsa um þetta og finnst mér helst koma tilgreina, að við höfum ekið að rauðamalargryfju, sem mér hefur verið sagt, að nefnd sé ~~Lónakotsgrýfja~~ "Lónakotsgrýfja", en skammt frá henni er gömul fjárborg hlaðin úr grjóti. Það hefur verið farið með mig á þennan stað og finnst mér ég kannast þar við

121


mig eins og ég hafi komið þar áður. Þeg er aftur á móti viss um, að það getur ekki hafa verið nema í þessu tilviki. Það var að vísu myrkur, er við vorum á ferðinni með lík Guðmundar, en mér finnst einhvern veginn við hafa farið með það í grennd við þessa ~~grýttu~~ fiárborg. Ferðin til baka og athafnir okkar eftir það, voru, að ég best man, eins og ég skýrði hér síðast frá.

Astæðan fyrir því, að ég nú breyti skýrslu minni frá 7. apríl er sú, að það, sem ég nú hef sagt, er hið sanna og rétta í máli þessu, eftir því sem ég best man. Ég get ekki gert mér ljóza grein fyrir hvers vegna ég fór að tala um þennan hníf, mér einhvern veginn fannst þá, að ég hefði beitt honum.

Yfirheyrslu lauk kl. 14:50.

Upplesið, staðfest:

Vottur:


Sigurbjörn V. Egertss.

Kristján Viðar Viðarsson




E. N. Bjarnason
lögreglum.

122

Nr. 9 Lagt fram í sakadóml
Reykjavíkur 20/10 1976
[Signature]

10. júlí 1976.

Rannsóknarlöggreglunni í Reykjavík hafa frá embætti Sak-sóknara Ríkisins borist þær upplýsingar, sem ætla mætti, að hugsanlega gætu varðað mál petta, það er hvarf Guðmundar Einarssonar.

Upplýsingar þessar munu til Ríkissaksóknara komnar frá þeim Gísli Pálssyni löggreglumanni í Rvk., og Kristjáni Péturnsyni deildarstjóra í Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Þeir Gísli og Kristján voru fyrir nokkru á Spáni við að rannsaka fíkniefnasmýgl þar, ~~xxxxxx~~ þar sem íslenskir aðilar áttu hlut að máli. Við bá rannsókn munu upplýsingar þessar hafa komið fram.

Nánar tiltekið var aðalheimildarmaðurinn varðandi þessar upplýsingar sagður vera Magnús Árnason,

Í framhaldi af þessu var rætt við Magnús hér, en í þeim viðræðum kom ekkert það fram, sem rökstutt mætti ætla að máli skipti hvað varðar rannsóknina á hvarfi Guðmundar Einarssonar. Einnig hefur í þessu sambandi verið rætt við Hinrik Jón Þórisson varðandi petta mál, en með sömu niðurstöðu.

E. N. Bjarnason
E. N. Bjarnason

Síða XIII 66. 284, 285 og 286

I sambandi við svo kallað "þairflinnorði", þá hef spennið þess frá síðgum síðum, að Sevar hefði verið í síðan valdegin tengslum við mann þá með mikin veitingardósið lífthinn. Það var ekki þó að Þeir var ekki sinn ótakur i klæðnum og var Sevar þá ótakur ótakur þar að var hefði að selja "hross", og vísarit um ótakur að viðskiptið var með hross hefur hægt.

Elli
stakfert fyrir
dómu

123

304

Nr. 10 Lsgt hafi sakadómi
Reykjavík 25/10/1976

Föstudaginn 9. júlí 1976 kl. 18:00 er mættur til yfirheyrslu í fangelsinu við Síðumúla, Guðmundur Edvin Þór Björnsson, til heimilis að Háagerði 43, Rvík., sími: 35172, fæddur 6/5 1957 í Reykjavík.

Mættá er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er kunningsskapur hans við Kristján Viðar Viðarsson og Tryggvar Rúnar Leifsson. Mætti skýrir frá eftirfarandi áminntur um sannsögli: "Eg þekki Kristján Viðar og Tryggva Rúnar all vel og hef talsvert umgengist þá á undanförnum árum. Eg man eftir því, að eitt sinn var ég í samkvæmi heima hjá Kristján Viðar, að Grettisgötu. Petta var að ég best man nokkrum dögum eftir hvarf Guðmundar Einarssonar og var þá einnig þar Sævar Ciesielski, sem ég kannast við, og nokkrar stúlkur, sem ég man nú ekki hverjar voru. Í þessu samkvæmi kom hvarf Guðmundar til umræðu og man ég eftir því að Kristján Viðar sagði þá, að hann vissi um petta mál og að hann hefði látið Guðmund hverfa. Kristján nefndi einnig einhverja ástæðu fyrir því hversvegna hann hefði látið Guðmund hverfa og minnir mig, án þess að þora að fullyrða það, að hann hafi sagt ástæðuna hafa verið eitthvað í sambandi við eiturlyf.


Eg man líka eftir því að í þessu samkvæmi var verið að tala um einhverja utanferð, sem annað hvort Kristján Viðar eða Sævar hefðu ferið í og væru ný komnir til landsins aftur. Eg man eftir því að ég spurði Kristján Viðar að því, hvað hann hefði gert við líkið af Guðmundi og sagði hann þá að þeir hefðu sett það í hraunið við afleggjaran sem liggur til Grindavíkur af Keflavíkurveginum. Mig minnir að Kristján Viðar hafi eitthvað nefnt Sævar í sambandi við petta mál, en ekki man ég til þess að hann hafi nefnt Tryggva. Hinsvegar talaði Kristjan þannig um petta mál, að ég gat ekki betur skilið á honum, að Guðmundur væri ekki sá fyrsti, sem horfið hefði af hans völdum, Ekki talaði hann um neitt sérstakt tilfelli í því sambandi, hefur réð ég það af tali hans og get því ekkert fulllyrt um það. Þegar að Kristján talaði um petta mál í samkvæminu, þá fanst mér það svo fjarstæðukennt að ég tók ekkert mark á því.


I sambandi við svo kallað "geirfinnsmál", þá hef ég heyrt það frá mörgum aðilum, að Sævar hafi verið í fjárhagslegum tengslum við menn þá sem reka veitingahúsið Klubbinn. Eg man eftir því að ég var eitt sinn staddur í Klúbbnum og var Sævar þá einnig staddur þar og var hann að selja "hass", og virtist mér talsverð viðskipti vera við hann þá. Skindilega gengur Sævar út úr húsinu

um dyrnar þar sem símarnir voru á l hæðinni. Æg sá þá að inn í húsið voru þá komnir lögreglumenn frá fíkniefnadómsstólnum og voru þeir að svipast um. Æg hitti svo Sævar nokkru seinna í Tjarnarbúð ásamt einhverjum strákum. Æg spurði hann þá að því hversvegan hann hefði farið út úr Klúbbnum, umrætt kvöld, og svöruðu þá strákarnir sem voru með honum að það væri gott að vera í góðum samböndum, því einn strafsmanna Klúbbsins hefði látið hann vita af komu lögreglunnar í húsið."

Yfirheyslu lauk kl. 19:10.

Upplesið, staðfest,


Sigurður Eggertsson.
lögreglum.


Guðmundur E. P. Björnsson.

Ég, dokklaður, stuttklippur, með frekar þykkt hár og mér fimmst eins og hava efti verið byrjaður að gréna í röngun. Hann var meðalinsur 3 næð, frekar grannverinn og með 15 til 16 hófuð, klæður dökum jakku og döknum boxum, en ekki man óg hvort þetta voru reyndar jakkar. Æg man ekki frekar hvernig kloðnaði mannsins var varíð, nái hvort þann bar hring, eða aðra skurtgrípt; óðar armbandedr. Æg vil ekki átyrgjaðst að þessi lýsirg um 6 mannum sé kyllilisga rött, en þann er eins og mig minnir helst. Við sítum saman við drykkju sittkvæð frá eftir nótta, en þá vildi bað slysa til, að að valdugor fækktu fuðhogg af minnum völum. Æg vil taka það fram, að þarna var um slyn að meða og engin átök urðu. Ólysið vildi þó nái til, að ég geymdi í herbergini hjá mér járnþoga, eða Ú-læna járnþeim, sem ég hafi tekið af landbyggingu sem er í garðum heima hjá mér nái Grettisgötu. Þetta járn hafi verið fast við skarvegginn, frá því óg man fyrst eftir, en einsi síðan tekur ég í jární, sem losnaði og geymdi ég bað síðan í herbergina mínu. Þetta ávöldi var óg að handleika jární og vingar þeir og rakti það þá óvart í hófuð mannsins. Ekkí minnist ég þess, að hann hafi spist meðvisuna, né eða klatt hafi dr honum, en ég held að vagna þessa stívks hafi barn farið út úr feliðinni og að honum Tryggvi Ríðar. Ekkí man óg glöggt, hvað varð um Sævar, en þó held ég heilt að hann hafi farið með þeim, því óg er viss um að hann svara ekki heila hjá mér um nóttnina. Hvað sem því líður, man óg ekki eftir neinu, fyrr en um morgunjan, en þá kom Sævar skyrtum í herbergi mitt. Æg var þá klæður og sittskæð undan ófengis. Sævar þær mis að fylgi með til að koma.

RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

R. 19. sept. 1976.

I dag talaði ég undirritaður við Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufanga í fangelsinu Síðumúla, en viðtal þetta fór fram, að beiðni hans sjálfss, en Kristján skýrir frá eftirfarandi:

Ég minnist þess nú, að kvöld eitt, að ég held í ágúst, 1974, kom Tryggvi Rúnar Leifsson heim til míni að Grettisgötu 82 og með honum einhver maður sem ég tel að ég hafi einhverntíma séð áður en get þó ekki komið því fyrir mig. Ég held að þetta hafi verið á föstudags- eða laugardagskvöldi og ég man að Sævar Ciesielski var þarna einnig, en ekki man ég til þess, að fleiri hafi verið viðstaddir. Ég minnist þess, að þetta var maður á aldrinum 40-50 ára, dökkhærður, stuttklipptur, með frekar þykkt hár og mér finnst eins og hann hafi verið byrjaður að grána í vöngum. Hann var meðalmaður á hæð, frekar grannvaxinn og með lítið höfuð, klæddur dökkum jakka og dökkum buxum, en ekki man ég hvort þetta voru jakkaföt. Ég man ekki frekar hvernig klæðnaði mannsins var varið, né hvort hann bar hring, eða aðra skartgripi, eða armbandsúr. Ég vil ekki ábyrgjast að þessi lýsing míni á manninum sé fyllilega rétt, en hún er eins og mig minnir helzt. Við sátum saman við drykkju eitthvað fram eftir nóttu, en þá vildi það slys til, að að maðurinn fékk höfuðhögg af mínum völdum. Ég vil taka það fram, að þarna var um slys að ræða og engin átök urðu. Slysið vildi þannig til, að ég geymdi í herberginu hjá mér járnþoga, eða U-laga járnstein, sem ég hafði tekið af skúrbyggingu sem er í garðinum heima hjá mér að Grettisgötu. Þetta járn hafði verið fast við skúrvegginn, frá því ég man fyrst eftir, en einu sinni tók ég í járnið, sem losnaði og geymdi ég það síðan í herberginu mínu. Þetta kvöld var ég að handleika járnið og vingsa því og rakst það þá óvart í höfuð mannsins. Ekki minnist ég þess, að hann hafi misst meðvitund, né að blætt hafi úr honum, en ég held að vegna þessa atviks hafi hann farið út úr íbúðinni og með honum Tryggvi Rúnar. Ekki man ég glöggt, hvað varð um Sævar, en þó held ég helzt að hann hafi farið með þeim, því ég er viss um, að hann svaf ekki heima hjá mér um nóttina. Hvað sem því líður, man ég ekki eftir neinu, fyrr en um morguninn, en þá kom Sævar skyndilega inn í herbergi mitt. Ég var þá klæddur og eitthvað undir áhrifum áfengis. Sævar bað mig að fylgja sér niður í kjallara, sem ég

gerði, en hann sagðist ætla að sýna mér eitthvað. Þegar við komum niður í kjallarann, sá ég two poka standa við dyrnar á burrkherbergi sem þar er, en þetta voru pokar úr svipuðu efni og notað er í sjóklæðnað, orange-gulir að lit og hnýtt fyrir þá með hvítum reymum. Pokarnir voru úttröðnir og voru c.a 30 sm. að þvermáli og 50-60 sm. á hæð. Eg spurði Sævar hvað þetta væri, en hann sagði þá: "Það er maður í þessum pokum og þeir eru splunkunýir, keyptir í Ellingsen". Eg hélt í fyrstu, að Sævar væri að gera að gamni sínu og sagði honum, að ef hann meinti það sem hann væri að segja, þá skyldi hann koma þessu út úr húsinu, með hraði.. Þá reiddist Sævar og sagði að Tryggvi Rúnar Hafi sagt, að maðurinn, sem ég sló óviljandi kvöldið áður hafi dáið af völdum höggsins. Maðurinn hafi skyndilega dottið niður, eftir að hann og Tryggvi Rúnar voru kommir út úr íbúðinni og væri nú búið að koma honum fyrir í pokunum. Sagðist Sævar ekki skipta þer af þessu frekar, ef ég væri með eitthvað þras og gerði hann sig líklegan til að yfirgefa kjallarann. Stoppaði ég þá Sævar, þar sem ég vissi ekki nema þetta gæti verið rétt hjá honum, þótt ég myndi ekki greinilega atburðina kvöldið áður. Fór Sævar þá að tala um "Guðmundarmálið" og að ég hafi stungið Guðmund Einarsson til bana á heimili Sævars, að Hamarsbraut 11, í janúar 1974 og nú væri bezt að losa sig við hnífinn. Sagði hann mér að sækja hann, sem ég gerði og rétti ég Sævari hnífinn, en hann opnaði annann pokann og setti hnífinn ofan á það sem fyrir var í pokanum. Hnífi þessum hef ég lýst áður og ég man, að hann var í slíðrunum þegar Sævar setti hann ofan í pokann og einnig voru reimar festar við slíðrin, til að festa þau við belti. Eg man, að þetta voru slíður úr grænu harðplasti, eða einhverju álika efni og var orðið nokkuð máð. Lok þessa máls urðu svo þau, að ég hringdi í Albert Klahn Skaftason, að fyrirmælum Sævars og bar honum þau boð Sævars, að koma að Grettisgötu 82. Skömmu síðar kom Albert, en skömmu áður, eða um svipað leiti, kom Tryggvi Rúnar, en hann og Sævar báru pokana út í bifreið Alberts, sem var gul Toyota bifreið, er faðir hans átti, en Albert ók okkur premur og pokunum einhversstaðar út í Hafnarfjarðarhraun, en þar báru þeir Sævar og Tryggvi Rúnar pokana út í hraunið, en við Albert biðum í bifreiðinni á meðan. Eg vil taka það fram, að ég hefi aðeins orð Sævars fyrir því, hvað í pokunum var, en hafi það verið satt, sem hann sagði mér, þá veit ég ekki hvar lík þetta mun hafa verið hlutað sundur og sett í pokana, en engin ummerki sá ég í kjallaranum heima hjá mér, sem bentu til að það hafi verið gert þar, en þó vil ég ekki fullyrða að svo hafi ekki verið, því

þar er þvottahús og auðvelt að afmá öll slík ummerki. Einnig vil ég benda á, að umræddur U-laga járnteinn, sem rakst í höfuð mannsins, eins og ég hefi skýrt frá, er nú heima hjá mér, eða var það síðast þegar ég vissi og er geymdur í skáp undir vaski, í íbúðinni.

Haraldur Arnason.

Priðjudaginn 21. sept. 1976, kl.00:20, er mættur til skýrslutöku í fängelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.4.1955, núverandi gæzlufangi. Mætta er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar. Það er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Framangreind skýrsla er lesin fyrir mætta og aminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Mér hefur verið kynnt framangreind skýrsla og tel ég hana að öllu leyti rétta. Íg vil þá bæta við, að þegar Tryggvi Rúnar kom til okkar Sævars, heim til míni, virtist honum vera fullkunnugt um tilveru og innihald pokanna, enda spurði hann einskis.

Minnir mig líka, að Sævar hafi sagt eitthvað á þá leið, að Tryggvi Rúnar hafi skroppið frá og að hann vissi hvert. Þá vil ég taka fram, að þeir Sævar og Tryggvi Rúnar þáðu ekki boð mitt um hjálp við að bera pokana út í hraunið og virtist mér sem þeir kærðu sig ekki um nærvist mína.

Yfirheyrlu lauk kl. 00:40.

Upplesið, staðfest,

Kristján Viðar Viðarsson.

Vottar:

Haraldur Arnason

löggreglumaður.

Viðstaddir skýrslutöku þessa, var Páll Arnór Árnasson, réttarlægslumaður Kristjáns Viðars Viðarssonar.

25/10/1976

R. 19. sept. 1976.

I dag talaði ég undirritaður við Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufanga í fangelsinu Síðumúla, en viðtal þetta fór fram, að beiðni hans sjálfss, en Kristján skýrði frá eftirfarandi:

Ég hefi hugsað mikið um atburðinn að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, aðfaranótt 27. janúar 1974, þegar Guðmundur Einarsson beið bana. Eftir því sem ég man bezt, hófust átökin við Guðmund pannig, að Sævar Giesielski stal veski hans og ætlaði Guðmundur þá að ráðast á Sævar, en Tryggvi Rúnar Leifsson gekk á milli þeirra. Ég hefi áður lýst því hvernig við Tryggvi Rúnar hittum Guðmund, sem fylgdi okkur heim til Sævars, að Hamarsbraut 11. Flyði Sævar undan Guðmundi og sagði okkur hinum að koma honum út úr íbúðinni, því hann vildi ekki hafa hann þar lengur. Bað ég Guðmund að fara með góðu, en hann brást hinn versti við og sagðist hafa í fullu tré við mig. Vissi ég ekki fyrr en Guðmundur tók mig hálstaki, aftanfrá og herti að. Bað ég Guðmund þá að sleppa mér, en hann herti þá svo að hálsinum á mér, að ég náði ekki andanum. Reyndi ég að brjótaðast um og losa mig, en Guðmundur hélt mér fþostum og sveigði mig aftur á bak. Ég reyndi þá að láta mig falla á gólfíð, pannig að Guðmundur missti tökin, en hann hélt mér uppi á hálsinum og varð ég að stíga í fæturna aftur, til að losa átakið og reyndi að sparka aftur fyrir mig, en allt reyndist árangurslaust. Ég fann, að ég var hættur að heyra og fann sterka máttleysiskennd og fann að ég var að missa meðvitund. Greip mig þá svo óstjórnleg hræðsla, að ég greip til hnifs, sem ég bar í slíðrum við belti mér, hægra megin. Dró ég hnífinn úr slíðrum, með hægri hendi, og rak hann aftur fyrir mig og fann ég að hann lenti í Guðmundi. Rak hann þá upp hljóð og losaði það mikið um tökin, að ég gat slitið mig lausam. Er þetta gerðist vorum við við norðurvegg stofunnar og stökk ég yfir herbergið, í átt að svefnherbergisdyrunum, um leið og ég losnaði. Guðmundur stökk á eftir mér og náði taki á tölu á frakka, sem ég var í, en um leið féll hann á gólfíð. Við það slitnaði talan af frakkanum og hélt Guðmundur henni í krepptum hnefanum. Þá áttaði ég mig á því, hvað gerzt hafði og hneig ég niður á stól í mikilli geðshræringu, en Guðmundur lá hreyfingarlaus á gólfinu. Sá ég, að skyrta Guðmundar var blóðug, ogan við beltisstað og fann ég einhvern vondan þef, sem líktist einna helst saurlykt, en var

sterkari og mjög römm. Eg heyrði einnig hljóð koma frá Guðmundi, sem mjög erfitt er að lýsa. Var það einna líkast garnagauli, eða "prumphljóði" og minnir mig á, þegar loftbólur koma upp úr vatni, en þó hærra og öðru vísni. Pegar þetta gerðist, var hvorki Sævar né Tryggvi Rúnar í stofunni, en Tryggvi Rúnar kom í þessu inn í stofuna, en ég fór fram að leita Sævars. Fór ég meðal annars út á kjallaratröppur, til að gá að honum og gáði upp í stigann, sem liggur upp á efri hæðina. Tók ég í húninn á salernisdýrunum og fann þá að dyrnar voru læstar og lagði ég þá við hlustirnar og heyrði hreyfingu eða þrusk fyrir innan og sagði Sævari að koma út. Sævar opnaði þá dyrnar og sagði ég honum að koma og sjá hvað hafði gerzt. Fórum við inn í stofuna, en þar stóð Tryggvi Rúnar upp við skrifborð og starði á Guðmund þar sem hann lá og gat ég ekki séð að Guðmundur hefði hreyft sig. Ræddum við um, hvað gera skyldi og sagði ég, hvort ekki væri best að hringja á lögregluna og jánkaði Tryggvi Rúnar því, en Sævar svaraði engu. Var óþefurinn þá orðinn svo sterkur, að við tókum Guðmund og bárum hann allir þrír inn í geymsluherbergið sem er inn af þvotta- og kyndiherberginu. Hagræddum við honum í sitjandi stellingu í eitt horn geymslunnar, þannig að hann sat flótum beinum, með bakið inn í hornið. Fannst okkur ekki vært í íbúðinni vegna þefsins og fórum allir út, en skildum við Guðmund eins og við höfðum hagrætt honum í geymsluhorninu. Við munum hafa fallið frá því ráði, að hringja til lögreglunnar og ég man, að Tryggvi Rúnar stakk upp á því, að skilja lík Guðmundar eftir á nærliggjandi húströppum, en ég benti á, að flytja það í Hellisgerði, sem er almenningsgarður í Hafnarfirði, en Sævar taldi að of mikil hætta væri, að til okkar sæist, ef við gerðum eitthvað þessháttar. Yfirlögum við síðan íbúðina, en meðan allt þetta gerðist, var Erla Bolladóttir, sambýliskona Sævars ekki heima. Minnist ég þess, að við fórum í leigubifreið að nætursölu B.S.H. við Reykjavíkurveg og man ég ekki betur, en að við komum í sömu leigubifreið aftur að Hamarsbraut ll nokkru síðar. Er við komum aftur inn í íbúðina, fórum við beint inn í geymsluherbergið og tókum til að búa um Guðmund í ljósu rúmlaki, eða voð, sem Sævar útvegaði, en Guðmundur hafði ekki hreyfzt frá því við skildum við hann, þegar við fórum út úr íbúðinni. Man ég það, að við urðum að kreppa Guðmund saman, til að hægara væri að setja voðina utan um hann og heyrði ég þá, að brakaði í bakinu á honum. Meðan við vorum að þessu, heyrðum við umgang frammi og sagði þá Sævar, að Erla myndi hafa komið heim, meðan

við vorum fjarverandi og sagði Sævar mér að fara og tala við hana. Sagði ég Erlu hvað gerzt hafði, en hún hlustaði þegjandi á mig. Sagði ég henni, að ef hún vildi, þá skyldi ég hringja á lögregluna, en hún sagðist ekki skipta sér af þessu og gekk inn í svefnherbergið. Á meðan ég var að tala við Erlu, heyrði ég í bifreið Alberts Klahn Skaftasonar og skildi ég þá, að Sævar mundi hafa hringt til hans, áður en við fórum út, þá skömmu áður, enda var ekki langur tími liðinn frá því að við komum til baka og þar til Albert kom. Fór Sævar út til að tala við Albert og kom nokkru síðar inn aftur og sagði, að allt væri í lagi. Fór ég þá sjálfur og talaði við Albert. Spurði ég hann hvort hann vissi hvað hann væri að ganga út í, en hann sagði það vera, en ekki veit ég hvað honum og Sævari fór á milli. Síðan fór ég inn og hjálpaði þeim Sævari og Tryggva Rúnari að ganga frá Guðmundi og man ég, að Sævar rétti mér veski Guðmundar. Gat ég ekki betur séð, en að Sævar væri með veski Guðmundar á sér og er ég persónulega sannfærður um, að hann var að leita í veskinu, meðan hann læsti sig inni á salerninu, eins og ég hef sagt hér að framan. Einnig er ég viss un, að Sævar var búinn að gera Guðmundi eitthvað áður en átök okkar Guðmundar hófust, með svo hrápalegum afleiðingum. Er við vorum búinir að ganga frá Guðmundi í voðinni, bárum við hann út í bifreið Alberts, en hann ók þá bifreið föður síns, sem er af Volkswagen gerð. Lögðum við Guðmund á gólfíð milli sætanna og settumst við Tryggvi Rúnar afturí, en Sævar settist í farþegasætið við hlið Alberts. Eftir að lagt var af stað, minntist ég frakkatölunnar sem Guðmundur hafði slitið af frakka mínum og var með í krepptum hnemanum, en mér hafði ekki tekizt að losa tak Guðmundar á tölunni. Hafði ég orð á þessu við Tryggva Rúnar og ætlaði hann að sjá hvað hægt væri að gera eftir að við hefðum stöðvað. Ók Albert, að leiðsögn Sævars og er ég viss um að við ókum eftir Keflavíkurveginum. Man ég að ég veitti því athygli, að við vorum komnir út á Alftanes og að ég sagði, að við skyldum ekki haga okkur eins og fífl, því forsetinn byggi hérna og við skyldum koma okkur eitthvað annað. Þá var ekið til baka og man ég, að eitthvað var ekið eftir Sæðýrasafnsfleggjaranum, en þar var líka snúið við og ekið áfram suðurr Keflavíkurveginn. Er ég nokkuð viss um, að ekið var suður fyrir álverið í Straumsvík, því ég minnist þess, að hafa séð sjávarpollana, sem eru við veginn rétt sunnan álvorsins, þegar við vorum á leið til baka. Ekki get ég sagt nánar, hvar við lögðum Guðmund, en ég, Tryggvi

Rúnar og Sævar fórum með hann út í hraunið, en Albert beið í bifreiðinni á meðan. Lögðum við Guðmund í rúmlega mannhæðardjúpa gjótu og lögðum allstóra hellu yfir líkama hans og síðan minni steina yfir höfuðið. Ég minnist þess, að Tryggvi Rúnar losaði töluna úr hendi Guðmundar, þarna í hrauninu og rétti mér hana. Þegar þessu var lokið, minnir mig, að Albert hafi ekið Sævari að Hamarsbraut til aftur, hann farið þar inn, en við hinir beðið í bifreiðinni á meðan. Sævar kom svo aftur og ók Albert okkur til Reykjavíkur. Ók hann okkur Tryggva Rúnari heim til mínn, að Grettisgötu 82, en Sævar fór áfram með Alberti.

~~Þetta sem ég hefi nú sagt, er atburðarásinn, eins og ég man hana best, þó svo að sumt af því sem gerðist sé eins og þoku- kennt fyrir hugskotssjónum mínum. Vonast ég til að geta lagað það sem mig gæti hugsanlega rangminnt og að geta bætt í eyðurnar, eftir því sem minni mitt skýrist.~~



Haraldur Árnason.

löggreglumaður.

Mánudaginn 20. sept. 1976, kl. 22:15, er mættur til skýrslutöku, í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.4.1955, núverandi gæzlufangi. Mætta er kunnugt um til-efni yfirheyrzlunnar. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40 gr. laga um meðferð opinberra mála. Framangreind skýrsla er lesin fyrir mætta og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Mér hefur verið kynnt framangreind skýrsla og tel ég hana að öllu leyti rétta, en vil þó bæta við, að Guðmundur Einarsson sagði mér, að Sævar Ciesielsi hafi tekið veski hans. Leitaði ég því Sævars áður en átökin hófust, svo og einnig eftir þau. Pá vil ég ekki fullyrða að við Sævar, Tryggvi Rúnar og Albert Klahn, höfum ekið út á Álftanes, en ég minnist þess, að hafa sagt þessi orð, varðandi forsetann og bústað hans.

Aðspurður kvaðst mætti muna það greinilega, að lík Guðmundar var sett inn í bifreiðina um hurðina hægra megin og var tekið út sömu leið. Ég vil taka það fram, að ég hefi ekki pagat vísvitandi yfir atburðarásinni, eins og hún var og lýst er í

132

skýrslu minni, heldur hefur þetta ryfjast upp fyrir mér, smám saman.

Yfirheyrzlu lauk kl. 23:00.

Upplesið, staðfest,

Kristján Viðar Viðarsson

Kristján viðar Viðarsson

Vottar:

Jón B. Þorisson
Hjalmur Arnason

H. Arnason

Haraldur Árnason

löggreglumaður.

Viðstaddur skýrslutöku þessa var Páll Arnór Fálsson, réttargæzlu-
maður Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Rvík. 20.sept.1976.

Rannsóknarnefnd Reykjavíkur.

Kl.14,00 er tekin til yfirheyrslu gæslufanginn Sævar Marinó Ciesielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955. Honum er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er hvort hann man hvoru megin Guðmundur Einarsson var settur inn í bifreiðina er hann var fluttur frá Hamarsbraut ll. Gætt er ákvæða l.mgr.40. gr. laga um meðferð opinberra mála nr.74/1974. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

" Eg tel að Albert hafi ekið bifreiðinni sem hann kom á til þess að flytja Guðmund í burtu, að húsinu þannig að framendi snéri niður og álykta því að Guðmundur hafi verið settur inn í bifreiðina vinstra megin, en það skal tekið fram að Albert kom í forstofuna!"

Skýrslutöku lauk kl.19,00

Upplesið, staðfest:

Sævar Marinó Ciesielski

Sævar M.Ciesielski

Skýrsluna tók:

Rúnar Ógurðsson

Rúnar Sigurðsson, lögr.m.

Vottar:

Guðmundur Einarsson
Hegnir Ólinsdóttir

Reykjavíkur 25/10 1976

134

Rannsóknarlöggreglan í Reykjavík

Skýrsla

Mánuðaginn daginn 20-9- 1976.

Teikin af:

Nirði Snæhélm,
deildarstjóra.

Laugardaginn 18.p.m. var gerð leit suður í hrauni, í sambandi við Guðmund Einarsson og Geirfinn, vegna nýrra upplýsinga um geymslustað Guðmundar.

Leitað voru 25 löggreglumenn ásamt bílstjóra frá þeim, til leitarinnar. Frá rannsóknarlöggreglunni fóru 11 menn ásamt K. Schütz og Pétri Eggerz.

Farið var Lónakotsveginn að malargryfju, sem hann endar við. Leitað 130 m. til vesturs og síðan jafnlangt til austurs yfir hæðina austan gryfju, og síðan samskonar sneið til norðurs og aftur að veginum. Síðan var leitað á sama hátt með veginum að norðan, út að gamla Keflavíkurveginum og til baka að malargryfjunni. Sumar gjótur voru merktar með gulri málningu. Ekkert sérstakk kom í ljós.

Næst var farið niður á gamla veg og ekið til hægri, þar sem mokaðar eru upp hæðir yfir veginn.

Þar var leitað báðumegin vegarins. Nokkru vestar við veginn, eða hæðirnar á honum, er klapparhóll mikið sprunginn. Á tpp hólsins, er há og merkileg hundapúfa og vestan við vegg hans, smá hlaðin rétt.

Efni: Leit í hrauninu unnan og austan Álvors og við Sædýrasafnið, að eifum Guðmundar Einarssonar, og e.t.v. Geirfinns.

Grunaðir:

Settir í varðhald:

i sprungu í klöppinni norðanverðri, sem merkt var með gulri málningu, fannst hvítur taubútur með hnappagati, eða hann hefur verið hvítur, er nú óhreinn með einhverjum lit í, að því er virðist. Taubúturinn var tekinn með.

Rétt er að geta þess, að fjárborgin sunnan við gryfjuna, þar sem Lónakotsvegurinn endar, var innifalinn í leitarsvæðinu, og svæðið í kringum hana.

Næst var farið niður að Sædýrasafni og hluti þess, frá austaribrún bílastæðis niður að sjó og til baka, var leitað og síðan austur með vestarigirðingunni og til baka, en þar var búið að leita áður.

Ekkert fannst merkilegt í þessarri leit, nema einn vasaklútur í gjótu. Hann var tekin með.

Lagt var af stað í leitina frá lögreglustöðinni um kl.0930 eftir að "briefing" hafði farið fram í kennslustofu lögregluskólans og komið til baka úr leitinni um kl.1600.

Feðurfar: Austan rok og rigning á köflum.

N. Snæhólm.
V. Valhólm.

A þessum stað í hrauninu er mikilæð skófum og allt ófálgilegt hellir. Tóluvert var af plautpolun þessi svæðum og heitum í þessum skófum, en allir tóðir og kvæðir síðens eru þekktar eftir þær stað sem um var að ræða.

Greteður
Gretorðsson
Lögreglugum.

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

136

Mánudaginn 20. 9. 1976 hringdi til rannsóknarlöggreglunnar Sússana Þórðardóttir, Hátúni 6, Reykjavík, s: 26421, fædd 2. 2. 1913, nafn nr. 8552-8637. Hún kvaðst hafa verið á berjamó suður í Hafnarfjarðarhrauni og þá séð plastpoka með einhverju í inni í hellisskúta.

Daginn eftir fór ég undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni, löggreglumanni, og ræddi við Súsönu. Hún kvaðst s.l. sunnudag hafa ásamt annari konu hafa farið til berja suður í Hafnarfjarðarhraun. Þær hafi farið suður fyrir Krísuvíkurveg rétt austan Keflavíkurvegar. Þær kvaðst hún hafa komið að skúta um 30m frá Krísuvíkurvegi nokkru áður en komið er að fyrstu brekkunni á Krísuvíkurvegi. I skútanum hafi hún séð á botninn á hvítum plastpoka (möttum) og hafi eitthvað verið í honum. Skútinn hafi verið lágur til lofts pannig að skrifða hefði þurft inn í hann til að ná til pokans og það hafi hún ekki gert. Grjót hafi verið undir pokanum en ekki ofan á honum.

Sússana fór með okkur til að reyna að vísa á staðinn, en þrátt fyrir tölverða leit tókst það ekki. Hún sagði, að kona sú sem með henni var hafi ekki séð þetta og myndi því ekki geta vísað á staðinn.

A þessum stað í hrauninu er mikið að skútum og a.m.k. einn allstór hellir. Tölvert var af plastpokum bæði svörtum og hvítum í þessum skútum, en allir tómir og kvaðst Sússana ekki pekkja aftur þann stað sem um var að ræða.

Grétar Sæmundsson
löggreglum.

137

Nr. 15 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 25/10 1976

Rannsóknardeild Reykjavík.

20. sept. 1976.

A tímabilinu 6. febrúar 1976 til og með 18. sept.

1976 hafa rannsóknarlöggreglumenn farið í það minnsta kosti 28 sinnum til leitar í hrauninu sunnan Hafnarfjarðar. Leitað hefur verið á svæðum milli Hvaleyrarholts og Kúagerðis í þeim tilgangi að finna líkamsleyfar Guðmundar Einarssonar. Í í það minnsta 11 þessara leitarferða hefur einhver þeirra Erlu Bolladóttur, Sævars Ciesielski, Tryggva Rúnars Leifssonar eða Alberts Klahn Skaftasonar verið með í förinni. Þessir aðilar hafa verið hafðir með, ef einhver þeirra gæti með vissu vísað á staðinn, þar sem líkamsleifar Guðmundar væri að finna. Þessir aðilar hafa ætið verið í fylgd í það minnsta tveggja löggæslumanna. Í öðrum tilvikum hafa rannsóknarlöggreglumenn leitað nokkrir saman, sýmist á ákveðnum stöðum samkvæmt tilvísan fyrrnefndra aðila, eða þá skipulega á ákveðnum svæðum. Þá hafa verið fengnir fjölmennir leitarflokkar, sem skipaðir hafa verið, auk rannsóknarlöggreglumannanna, löggreglumönnum frá embætti lögreglustjórans í Rvk, og meðlimum björgunarsveita héðan úr Reykjavík.

Prátt fyrir þetta hefur leit að líkamsleifum Guðmundar Einarssonar enn ekki borið árangur.

Auk þeirra Erlu, Sævars, Tryggva Rúnars og Alberts Klahn, hefur verið farið með Kristján Viðar Viðarsen ^{E. N. Bjarnason} í sama tilgangi.
E. N. Bjarnason
löggreglum.

138

Nr. 16 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 25/10/1976

Rannsóknardeildin Reykjavík.

R. 20/9 1976.

I dag ræddi ég undirritaður við hjónin Arnfríði Felixdóttur og Einar Baldursson, Hraunprýði, Blesugróf, Reykjavík, en þau eru foreldrar Guðmundar Einarssonar.

Tilefni viðræðnanna var, að sl. laugardag, þegar lögreglumenn leituðu í Kapelluhrauni, fannst jakki og vasaklútur í hrauninu og var þeim hjónum sýnt hvoru tveggja.

Arnfríður og Einar sögðust vera fullviss um að jakkinn væri ekki sá er Guðmundur, sonur þeirra, hefði verið í, eð sögðust ekki vita til þess að hann hefði átt eins vasaklút, og fundist hefði.

Sigurbj. V. Eggertss.
lögreglum.

117 tilgreind sakadómi
Rannsóknardeild Reykjavíkur
21/10 1976

Rannsóknardeild Reykjavíkur

139

Rvík. 21.9.1976, kl.13,20 er mættur til skýrslutöku gæslufanginn Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbletti 14 Rvík. f.

2.10.1951. Honum er kunngert tilefni skýrslutökujar, sem er hvort hann man hvoru megin Guðmundur Einarsson var settur inn í bifreið þá sem hann var fluttur í frá Hamarsbraut 11 út í Hafnarfjarðarhraun og hvoru megin han var tekin út úr bifreiðinni er þagnað kom. Gætt er ákvæða l.mgr.40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Hamm skýrir svo frá áminntur um sannsögli.

" Eg hef reynt að gera mér grein fyrir þessari hlið málsins, en get ekki munað þetta atriði. Eg get ekki munað eftir bifreiðinni eða Albert Khlan, flutningi á Guðmundi úr íbúðinni og ökuferðinni út í hraun!"

Skýrslutöku lauk kl.14,45.

Upplesið, staðfest:

Tryggvi Rúnar Leifsson

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, lögr.maður.

Albert khlan séð sér varð kannagi um að Kilia Þórhallsdóttir væri með að ferðast, drengi og gilddeyrir, kvöldið síður en lögveglin fanditð hupp í ósónum skiptið. Þátti hvadst Albert vita hvar hún hefði fengið þessa hluti, en ekki að kanns þeð nánar hjá fólk, sem viðsi betur um þessas hlutti. Þáttig kom, það fram nýja Albert að hann hefði vitar að en levar hefði verið fólkreklu & hefði heun átt geymsbrúnna Univalesi henni teljir. Þessa aðillinni hefur bofist að til kaups, en hann hefði ekki hvert að að henni bífreiðin. Þátti hvadst Albert vita hvat hefði gefið um þessu að.

Það vor einnig vott við Albert að henni lýðiði hefð umhlíð í bolungarinni í ágúst 1974 og verið sem næst út manudímu. Þær hefði fólkur umhlíð verið. Þis kóman, 5° þessu kom hinavegar í ljós að 135 manns sem Álbert hefði verið í bolungarvís, en þær aðeins eru fengið fyrirskámu Bessri Guðfinusayni, en þær hafði Álbert umhlíð. Þáttir að verið hefði verið ekfyrtr frá þessu toldi hann þeð náið getast verið en ósíði sást varl ekki betra en þetta.

Rúnar Sigurðsson, lögr.maður.

Rvík. 21.9.1976, kl. 16.20 ræddi ég undirritaður ásamt Jónasi Bjarnasyni rannsóknarlöggreglumanni við Albert Khan Skaftason, til heimilis að Njálsgötu 44, dvst. Laugavegur 46. Voru þær viðræður vegna ákveðinnar spurningar í máli Guðmundar Einarssonar. Eftir þá skýrslutöku óskaði Albert eftir því við undirritaðann að hann mætti koma öðru hverju og ræða málin ef það mætti vera til þess að rifja þaum frekar upp þannig að ham gæti gefið betri skýringar við ýmsum hlutum sem ekki eru ~~xxmíx~~ komnir á hreint.

Þann 22.9.1976 hitti ég Albert í fangelsinu í Síðumúla og var Jónas Bjarnason var einnig viðstaddir. Eftir nokkrar viðræður var farið með Albert út í Hafnarfjarðarhraun. Þar ekið eftir gamla Keflavíkurveginum þar sem hann byrjar rétt vestan við Krísuvíkurveginn. Síðan var ekið um autt svæði sem erengt Alverksmiðjunni og það svæði kannað til þrautar. Því næst var ekið, sem leið liggur í Húagerði og það svæði kannað og virtist sem Albert kannaðist við það svæði, en fannst það þó hafa breytst nokkuð ef um sama stað væri að ræða. Eftir að hafa verið þar í nokkurn tíma var haldið til Reykjavíkur aftur.

Þann 23.9.1976 ræddi ég aftur við Albert í húsakynnum Sakadóms. Gat Albert þess að sér væri kunnugt um að Erla Bolladóttir hefði verið með farmiða, áfengi og gjaldeyrir, kvöldið áður en lögreglan handtók hana í seinna skiptið. Ekki kvaðst Albert vita hvar hún hefði fengið þessa hluti, en ætlaði að kanna það nánar hjá fólki, sem vissi betur um þessa hluti. Einnig kom það fram hjá Albert að hann hefði vitað að er Sævar hefði verið í Þverbrekku 4 hefði hann átt rauðbrúnan Chevrolet hann taldi Nova. Þessa bifreið hefði Sævar boðið sér til kaups, en hann hefði ekki haft efni á því að kaupa bifreiðina. Ekki kvaðst Albert vita hvað hefði orðið um þessa bifreið.

Það var einnig rætt við Albert að hann kvaðst hafa unnið í Bolungarvík í ágúst 1974 og verið sem næst út mánuðinn. Þar hefði Sævar einnig verið. Við könnun á' þessu kom hinsvegar í ljós að það hafði verið árið 1973 sem Albert hafði verið í Bolungarvík, en þær upplýsingar fengust hjá fyrirtækinu Einari Guðfinnssyni, en þar hafði Albert unnið. Eftir að Albert hafði verið skýrt frá þessu taldi hann það hafa getað verið en minni sitt væri ekki betra en petta.


Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

141

Flt. 19 Lagt fram í sakadóml
ReykjavíkurRannsóknardeild Reykjavíkur
~~20/10/1976~~

Rvík. 21.9.1976, kl. 16,20 er mættur til skýrslutöku í fangelsinu í Síðumúla Albert Khlan Skaftason, nemi til heimilis að Laugavegi 46A Rvík. f. 16.2.1955. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er hvort mætti muni hvoru megin Guðmundur Einarsson var settur inn í bifreiðina hjá mætta er hann var fluttur frá Hamrasbraut 11 út í Hafnarfjarðarhraun og hvoru megin hann var tekin út úr bifreiðinni er þangað var komið. Gætt er ákvæða 1. mgr. 40.gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

"Ég minnist þess að , að er ég kom að Hamarsbraut 11 ók ég bifreiðinni aftur á bak til vesturs að húsinu og að Guðmundur var settur inn í bifreiðina hjá mér hægra megin, en ég vill geta þess að ég fór ekki út úr bifreiðinni en stýrið er ~~vinstra~~^{naglu} megin í bifreiðinni. Ég vill geta þess að farið var með Guðmund út úr bifreiðinni hægra megin er út í hraun kom, en ég sat kyrr í bifreiðinni".

Skýrslutöku lauk kl. 16,30.

Upplesið, staðfest:

Albert Khlan Skaftason

Albert Khlan Skaftason

Skýrsluna tek:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, lögr, maður

Vottur:

Jónas Bjarnason

Jónas Bjarnason

RvÍK. 21.9.1976, kl. 18,00 er mættur til skýrslutöku gæslufanginn Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82 RvÍK. f.

21.4.1955. Mætt er kunngert tilefni skýrslutökunnar sem er hvort hann muni hvoru megin Guðmundur Einarsson var settur inn í bifreið þá sem ~~flutti~~ hann var fluttur í frá Hamarsbraut 11 og út í Hafnarfjarðarhraun oghvoru megin hann var tekin út úr bifreiðinni. Hætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

"Eg minnist þess að Guðmundur var settur inn í bifreiðina hægra megin og hann var tekin út úr bifreiðinni sömu megin er út í Hafnarfjarðarhraun.kom. Eg man það að Sævar fór fyrstur út úr bifreiðinni er út í Hafnarfjarðarhrautn kom og að hann beygði stólbakið fram til þess að við kæmumst út úr bifreiðinni, en Albert sat vänstra megin þar sem stýri bifreiðarhnar var."

Skýrslutöku laik kl. 18,10.

Upplesið, staðfest:

Kristján Viðarsson.....

Kristján Viðar Viðarsson

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson, lögr.maður.

Vottar:

Jónas Bjarnason
Róm. Ólafsson

143

Nr. 21 Lagt fram í sakadóml
Reykjavíkur 23/10/1976
[Signature]

Priðjudaginn 21. sept. 1976 athugaði ég aðstæður við sorp-hauga Hafnarfjarðar með tilliti til þess hvort mögulegt væri finna lík Guðmundar Einarssonar ef það hefði verið flutt þangað í jan. 1974, eða laumið sem líkið var flutt í.

Sorpinu er komið fyrir í lægð sem er á milli hraunjaðarsins og hæðarinnar norðan þess. Svæðið er um 400 metr. að lengd og um 60 metr. á breitt. Þangað er flutt sorp frá Hafnarfirði, Garðabæ, Straumsvík og víðar að. Það hefur verið gert í allmörg undanfarin ár.

Undirritaður ræddi við starfsmenn þarna og einnig við verkstjórnann Bjarna Guðbjartsson t.h. B. götu 14 Blesugróf. (f: 19/2. 1920 sími: Nnr. 1211-4737) Þeir kváðu jarðýtu ýta sorpinu daglega upp og rótað væri einnig yfir það eins og við væri komist. Innig væri oft eldur í haugunum og þá brynni alt sem brunnið gæti.

Bjarni kvaðst telja útilokað að það gæti borið árangur að leita í haununum þí greindum tilgandi.

Jónas Bjarnason
manns.lögr.m.

144

R. 21/9 1976.

I dag ræddi ég undirritaður við Erlu Bolladóttur og sýndi henni líndúk, sem lögreglan fann í Kapelluhrauni sl. laugardag. Líndúkur þessi gæti verið úr sængurfatnaði eða skirtu.

Spurði ég Erlu hvort hún þekkti pennan líndúk eða kannaðist eitthvað við hann. Erla sagðist ekkert kannast við líndúkin og sagði að hann væri ekki úr hennar búskap.

Sigurbj. V. Eggerthss.
lögreglum.

Komáknin að jón óskum, eftir van Frankvand í delinum.

f.h. stofnunarsíðar

Dr. Leszczynski Lignitz

Dr. Lakenard Kissling
visindalegur Frankverðastjóri
Glimþóðlaðstefnuarinnar

I vísindaríði málli veiu skriffarandi hlutur vegna til
hlépatassalitstöðilegrar rannsóknar í delinum.

ÞÝDING

145

Nr. 23 Legt fram í sakadómi
Reykjavíkur 25/10/1976
Rost

Glæpamálastofnunin

6200 Wiesbaden 1, 21.9.1976

Til

HRAÐBREF

Rannsóknarnefndarinnar

Sakadómi Reykjavíkur

Borgartúni 7,

Rvík

I s l a n d

Varð.: Rannsókn á sönnunargögnum varðandi morðmál Guðmundar

Tilv. Rannsóknarbeiðni Rannsóknarnefndarinnar Reykjavík

Fskj.: Engin ifreiðir af tværingi

Rannsóknin sem þér óskuðuð eftir var framkvæmd í deild

KT 3.

f.h. stofnunarinnar

Dr. Leszczynski (sign.)

Dr. Ekkehard Kissling

vísindalegur framkvæmdastjóri

Glæpamálastofnunarinnar

Rannsóknarskýrsla

I ofangreindu máli voru eftirfarandi hlutir teknir til
glæpatæknifræðilegrar rannsóknar í deild KT3:

A) Af hinum grunaða Sævari Marino Ciesielski:

- 1) Bláar buxur

B) Af hinum grunaða Tryggva Rúnari Leifssyni

- 2) blá-hvít röndótt peysa
- 3) hvít peysa

C) Af hinum grunaða Kristjáni Viðari Viðarsyni

- 4) dökkgrænn frakki
- 5) svört skyrta
- 6) rauð skyrta
- 7) svartir skór (reimuð stígvél)

D) Úr fólksbifreið af VW-gerð

- 8) ýmsir hlutir úr innanklæðningu
- 9) handfang
- 10) öskubakki
- 11) nokkrir skrautlistar
- 12) fjórar gólfmottur
- 13) fjögur köflött hlífðaráklæði

E) Úr íbúðinni í Hafnarfirði, Hamarsbraut 11

- 14) Gólfteppi úr svefnherbergi, stofu og gangi

F) Annað:

- 15) hnífsblað
- 16) ljósmyndaalbúm

Sönnunargögnin átti að rannsaka til að leita að blóðleifum og þar að auki átti að leita að leifum af saur eða eftir uppköst.

Leit að blóði var gerð í smásjá og með benzidinprófi, sem gefur mjög góða svörun við forprófun. Rannsóknirnar leiddu eftirfarandi í ljós:

Á gögnum merktum 1.) til 3.) og 5.) til 7.) fundust engin merki um blóð

Á dökkgræna frakkanum, sem Kristján Viðar Viðarsson á (4), fannst á vinstra framstykki rétt við fóðurfaldinn fjórir blóðdropar að innanverðu. Þeir reyndust samkvæmt smásjárranssókn vera blóð og samkvæmt líffræðilegri eggjahvítagreiningu, Ulenluth-prófi, vera mannsblóð. Rannsókn skv. gleypni-skolunaraðferð (Absorptions-Elutions) syndi blóðflokk A. Vegna þess hve lítið magn var af efninu reyndist ekki unnt að gera nánari greiningar.

Margir hlutar úr klæðningunni voru fyrir hendi.

Einn hlutinn var með merki þar sem stóð: Úr VW Bifr. Innan af Vinstri Hurð. Það var úr riffluðu gerfileðri, grænu-grábrúnu-grænu á lit. Á nokkrum stöðum fundust svartar leifar, sem gáfu jákvæða svörun við Benzidin blóðforprófi. Ekki var hægt að gera nánari blóðgreiningu, en þó tókst að fá sönnun fyrir eggjahvíuefni úr manni. Það bendir til þess að um mannsblóð sé að ræða. Nánari rannsóknir leiddu ekki neitt sérstakt í ljós. Hugsanlegt er að hér sé um að ræða leifar af miklu meira blóðmagni .

Á öðrum hlutum klæðningarinnar og öðrum sönnunargögnum fundust engar leifar sem máli skipta

- 4 -

Gólfteppið úr íbúðinni að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði var rannsakað mjög nákvæmlega til að leita að sporum sem gætu bent á verknaðinn. Vegna mikilla óhreininda reyndist mjög erfitt að gera rannsóknirnar. Við teppið voru nokkrar matarleifar fastar, en þær hafa enga þýðingu í þessu máli.

Á hluta teppisins úr forstofu íbúðarinnar fannst þykkur blóðropi. Blóðvatnspróf sýndi að hann var mannsblóð. Vegna mikilla óhreininda reyndist ekki unnt að gera nánari greiningu á honum.

Hnífsblaðið sýndi engin spor sem hafa þýðingu í þessu máli.

BUNDESKRIMINALAMT

KT 3 - 7136/76

Bei Ladungen und Rückfragen bitte angeben!

6200 Wiesbaden 1, den 21.9.1976
Thaerstraße 11
Telex: 4 186-867
Fernruf: (0 61 21) 331 (Vermittlung)
oder 33 2661 (Durchwahl)

Bundeskriminalamt · 62 Wiesbaden 1 · Postfach 1820

148

An die

Eilboten!

Untersuchungskommission
c/o Sakadómur Reykjavíkur
Borgartúni 7
Rvík

Luftpost!

I s l a n d

Nr. 24 !
Reykjavíkur 25/10/1976
[Signature]

Betr.: Untersuchung von Beweismaterial i.S. Mord z.N. Gudmundur

Bezug: Untersuchungsantrag der Untersuchungskommission Reykjavíkur

Anlg.: keine

Die von Ihnen gewünschte Untersuchung wurde im Bundeskriminalamt, Kriminaltechnisches Institut,

Fachgruppe KT 3 durchgeführt.

Im Auftrage:

(Dr. Leszczynski)

Dr. Ekkehard Kissling
Wissenschaftlicher Direktor
im Bundeskriminalamt

Wiesbaden, 21.9.1976

In der o.a. Ermittlungssache lagen der Fachgruppe KT 3 folgende
Beweismittel zur kriminaltechnischen Untersuchung vor:

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR
MÓTTEKID 6525/76

A) Von dem Tatverdächtigen Saevar Marino Ciesielski

- 1.) eine blaue Herrenhose
- 2.) ein blau-weiß gestreifter Pullover
- 3.) ein weißer Pullover

B) Von dem Tatverdächtigen Tryggvi Rúnar Leifsson

C) Von dem Tatverdächtigen Kristján Vidar Vidarsson

D) Aus einem Pkw Marke Volkswagen

E) Aus der Wohnung in Hafnarfjördi, Hamarsbraut 11

Die Beweismittel sollten auf Blutspuren und der Teppichboden darüber hinaus auf Anhaftungen von Erbrochenem oder Kot untersucht werden.

Die Überprüfung auf Blutspuren erfolgte orientierend mikroskopisch und mittels der sehr empfindlichen Vorprobenreaktion mit Benzidin. Die Untersuchungen ergaben folgende Befunde:

An den unter den Positionen 1.) bis 3.) sowie 5.) bis 7.) aufgeführten Asservaten konnte kein Blut festgestellt werden.

Der dunkelgrüne Mantel des Kristján Vidar Vidarsson (Position 4) wies auf der linken Vorderseite im Bereich des Futtersaumes vier von innen angetragene Blutspritzer auf. Diese wurden mikrospektroskopisch als Blut und im biologischen Eiweißdifferenzierungsverfahren nach Uhlenhuth als Menschenblut bestimmt. Die Untersuchung im Absorptions-Elutionsverfahren ergab den Nachweis der Blutgruppe A. Weitere Auswertungen konnten wegen der geringen Spurenmenge nicht durchgeführt werden.

Von der Innenverkleidung des Pkw lagen mehrere Teilstücke vor. Ein Teilstück war mit einem Etikett folgender Aufschrift gekennzeichnet: Ur VW Bifr. Innan af Vinstrí Hurd. Es bestand aus einem geriffelten Kunstledermaterial von grün-beige-grüner Farbe. An zahlreichen Stellen befanden sich schwarze Anhaftungen, die mit der Benzidin-Blutvorprobe positiv reagierten. Der spezifische Blutnachweis konnte zwar nicht erbracht werden, es gelang jedoch der Nachweis von menschlichem Eiweiß. Die Befunde sprechen somit für das Vorliegen von Menschenblut. Weitere Untersuchungen ergaben keine auswertbaren Befunde. Möglicherweise handelt es sich um Reste ehemals größerer Menschenblutantragungen.

An den übrigen Teilstücken der Innenverkleidung wie auch der übrigen Beweismittel aus dem Innern des Fahrzeuges konnten keine tatrelevanten Spuren festgestellt werden.

Der Teppichboden aus den Wohnräumen des Hauses in Hafnarfíðir, Hamarsbraut 11, wurde sorgfältig auf tathinweisende Spuren abgesucht. Die Untersuchungen wurden jedoch durch den starken Verschmutzungsgrad erschwert. Einigen Anhaftungen von Nahrungsmittelbestandteilen war unter diesen Umständen keine Bedeutung beizumessen.

An einem Teilstück von der Diele der Wohnung wurde ein fülliger Bluttropfen vorgefunden. Die serologische Bestimmung ergab den Nachweis von Menschenblut. Für weitere Auswertungen war das Spurenmaterial wegen des starken Verschmutzungsgrades nicht geeignet.

Die Messerklinge wies keine tatrelevanten Spuren auf.

D. Kissling
(Dr. Kissling)

Nr.

Blóð tekið:

6. ágúst 1976.

Blóð flokkað:

6.-8. ágúst 1976.

Blóðflokkun

Nafn og heimili	1) Fæðingarnr. 2) Nafn nr.	BLÓÐFLOKKAR																					
		ABO	MNSS	Rh						Kell		Fy		P ₁	Hp	Gm		Ge	Jk ^a	Lu ^a	Ac. Ph.	Bf.	Le ^a
				C	D	E	c	e	C ^w	K	k	a	b										
1. Kristján Viðar Viðarsson Grettisgötu 82, Rvík.	210455	O	MNSS	-	+	+	+	+	-	-	+	-	+	-	1-1		-	+	B	SS	+		
2. Erla Bolladóttir Stóragerði 29, Rvík.	190755	O	NSS	+	+	-	+	+	-	-	+	+	+	-	2-1		+	-	AB	FS	-		
3. Tryggvi Rúnar Leifsson, Selásbeltti 14, Rvík.	021051	O	MSS	+	+	-	-	+	-	-	+	+	+	+	2-1		+	-	AB	FS	-		
4. Sævar Marino Ciesielski Grýtubakka 10, Rvík.	060755	B	MNSS	+	+	-	+	+	-	-	+	-	+	+	2-2		+	-	B	SS	-		
5.																							

Álitsgerð:

Samkvæmt beiðni var blóð flokkað frá ofangreindum aðilum og sendist niðurstaðan hér með, eins og að ofan greinir.

SAKADÓMUR REYKJAVÍKUR
MÓTTÉKIÐ 5462174

Til: Sakadóms Reykjavíkur
c/o Eggert Bjarnason, rannsóknalögr.

Reykjavík, 9. ágúst 1976

Ör. Ó. Bjarnason.

Olafur Bjarnason, professor.
dr. med.

Nr.

Blóð tekið:

6. ágúst 1976.

Blóð flokkað:

6.-8. ágúst 1976.

Blóðflokkun

Nafn og heimili	1) Fæðingarnr. 2) Nafn nr.	BLÓÐFLOKKAR																				
		ABO	MNSs	Rh						Kell	Fy	P ₁	Hp	Gm	Ge	Jk ^a	Lu ^a	Ac. Ph.	Bf.	Le ^a		
				C	D	E	e	e	C ^w	K	k	a	b									
1. Arnfriður Felixdóttir, Hraunprýði, Blesugr. Rvík	160629	B	Nss	+	+	+	+	+	-	-	+	+	+	+	2-2			-	-	AB	FS	+
2. Einar Baldursson S.st.	171217	0	Mss	+	+	-	+	+	-	+	+	+	+	-	2-2			+	-	AB	SS	-
3.																						
4.																						
5.																						

Álitsgerð:

Samkvæmt beiðni var blóð flokkað frá ofangreindum aðilum og sendist niðurstafaðan hér með, eins og að ofan greinir.

SAKADÓMIÐREYKJAVÍKUR
MÓTIKEI 546/176

Til:

Sakadóms Reykjavíkur
c/o Eggert Bjarnason, rannsóknalögr.

Reykjavík, 9. ágúst 1976

Olafur Bjarnason

Olafur Bjarnason,
professor, dr.med.

Nr. 27
Fagl. framtíðar
Reykjavíkur 25/10/1976

Fylgiskjal vegna flokkunar á blóði

Nafn	Bf	Ac.Ph.
1. Kristján Viðar Viðarsson, f. 21/4 '55	SS	B
2. Erla Bolladóttir, f. 19/7 '55	FS	AB
3. Tryggvi Rúnar Leifsson, f. 2/10 '51	FS	AB
4. Sævar Marinó Ciesielski, f. 6/7 '55	SS	B
5. Arnfriður Felixdóttir, f. 16/6 '29	FS	AB
6. Einar Baldursson, f. 17/12 '17	SS	AB

Undirskrift rannsóknarmanns

Alfred Arnason, B.Sc., M.Sc., Ph.D.

Þyðing:

155

Nr. 28 lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 25/10/1976
[Signature]

Glæpamálastofnun
Sambandsríkisins

6200 Wiesbaden 1, 21.9.1976
Thaerstrasse 11
Telex: 4 186-867
Sími: 06121 (skiptiborð)
eða 33 2661 (bein lína)

Rannsóknardeildin

Sakadómur Reykjavíkur
Borgartúni 7,
Reykjavík
I s l a n d

Varðandi: Rannsókn á blóðsýnum og mannshári í sambandi
við morð Guðmundar

Tilvísun: Bréf yðar frá 16.8.76.

Fskj: Engin

Rannsóknin sem þér óskuðuð eftir var framkvæmd í
Tæknistofnun Glæpamálastofnunarinnar Deild KT 3.

F.h. stofnunarinnar

Dr. Leszczynski (sign.)

Dr. Ekkehard Kissling
Vísindalegur framkvæmdastjóri
í Glæpamálastofnuninni

Rannsóknarskýrsla

I sambandi við ofangreint mál voru eftirtalin sönnunargögn
lögð inn til blóðvantsrannsóknar:

- 1.) Hárbursti með stálhárum
- 2.) Höfuðhár Arnfriðar Felizdóttur (móður Guðmundar) til samanburðar
- 3.) Rakvél
- 4.) Höfuðhár og skeggþár bróður Guðmundar til samanburðar
- 5.) Blóðsýni eftirtalinna aðila:
Kristjáns Viðars Viðarssonar
Erlu Bolladóttur
Tryggva Rúnars Leifssonar
Sævars Marino Ciesielski
Arnfriðar Felixdóttur
Einars Baldurssonar

Varðandi 1.) og 2.):

Hárburstinn með stálhárunum var skv. bréfinu eingöngu notaður af þeim myrta á meðan hann lifði. Eftir látt Guðmundar var burstinn ekki hreinsaður og eingöngu notaður af móður hans. Komast átti að því hvort blóðflokkagreining væri möguleg af hárum sem loddu við burstann. Höfuðhár móðurinnar voru höfð til samanburðar til þess að finna mismun á þeim og hárunum í burstanum.

U.p.b. 150 mennsk höfuðhár voru föst við burstann. Í þeim voru ljósar, meðal- og dökkbrúnar einingar með merg sem voru þéttsetnar litarefnum. Við rannsókn með og án smásjár kom í ljós að í höfuðhárum móðurinnar voru samskonar einingar. Eini munurinn á þeim og hárunum í burstanum var sá að minna var í þeim af ljósbrúnum formum.

Af því mátti draga þá ályktun að í burstanum væru auk höfuðhára móðurinnar höfuðhár af öðrum, hugsanlega syni hennar, Guðmundi. Ekki var hægt að gera greinarmun á byggingu þeirra (morphologische Differenzierung) vegna þess hve hárin voru lík. Þess vegna varð að gera blóðvatnaprófun (serologisch) á hárnum í burstanum sem heild.

Allt efnið var því hreinsað, skorið í smátt og rannsakað með gleypni og skolunaraðferðum með tilheyrandi samanburði (Absorptions-Elutionsverfahren). Efnið nægði til þess að gera á því 10 prófanir. Í hverri fundust A- og B- efni. Þar sem móðir G. er í B-blóðflokki geta A-efnin ekki verið frá henni, heldur kemur þar eingöngu til greina fólk sem hefur blóð sem inniheldur A-efni, p.e.a.s. fólk sem er í A- eða AB-blóðflokki. Ef í burstanum voru örugglega engin önnur hár en þess myrta og móður hans, hefur Guðmundur samkvæmt því verið í A- eða AB-blóðflokki.

Varðandi 3.) og 4.):

Í rakvélinni voru þrjú brot af hárum og skeggmylsna. Ekki reyndist mögulegt að gera neina sundurgreiningu á gerð þessa efnis (morphologisch). Þar sem efnið er þar að auki ekki eins hentugt til blóðvatnsgreiningar eins og hárið í burstanum, kom slik rannsókn ekki til greina.

Varðandi 5.):

Niðurstöður rannsóknar á blóðsýnunum með stroki á viðfangsgleri og glerpípuprófun (Objektträger, Röhrchentest) voru sem hér segir:

158

Bundeskriminalamt, Abteilung I, Postfach 1830

159

Kristján Viðar Viðarsson	0, MN
Erla Bolladóttir	0, N
Tryggvi Rúnar Leifsson	0, M
Sævar Marino Ciesielski	B, MN
Arnfriður Felixdóttir	B, N
Einar Baldursson	0, M

Übereinstimmung von Blutspuren und Blutstropfen auf Kleidungsstücke, Blutgruppe A positiv

Bestätigt. Unterschrift von Dr. Kissling

Dr. Kissling (sign.)

gekennzeichnet

Bei einer früheren Untersuchung wurde im "Bundeskriminalamt" folgendermaßen festgestellt:
Býding úr þýsku, 4. október 1976

Auður Gestsdóttir

Auður Gestsdóttir

lögg. skjalabýandi og dómtulkur

in Auftrag

Dr. Kissling
Dr. Kissling

Dr. Richard Kissling
wissenschaftlicher Direktor
im Bundeskriminalamt

Wiesbaden, 27.9.1976

Untersuchungsergebnis

In der o.a. Ermittlungssache wurden folgende Beweismittel zur serologischen Auswertung nachgereicht:

BUNDESKRIMINALAMT

KT 3 - 7918/76

Bei Ladungen und Rückfragen bitte angeben!

6200 Wiesbaden 1, den 21.9.1976

Thaerstraße 11

Telex: 4 186-867

Fernruf: (0 61 21) 3 31 (Vermittlung)

oder 33 2661 (Durchwahl)

Bundeskriminalamt · 62 Wiesbaden 1 · Postfach 1820

An die

Untersuchungskommission
c/o Sakadómur Reykjavíkur
Borgartúni 7
Rvík

Eilboten!

Luftpost!

Island

Nr. 29 Last fram; sakadómi
Reykjavíkur 23/10/1976

159

Betr.: Untersuchung von Blutproben und Menschenhaaren i.S. Mord
z.N. Gudmundur

Bezug: Dortiges Schreiben vom 16.8.76

Anlg.: keine

Die Rüttelversie und Stahlbügelten ist fast ausschließlich an den Haken verschließlich vom Opfer benutzt worden. Nachdem der Haken verschlossen wurde wie direkt gereinigt und ohne Abwaschen der Haken weiter genutzt. Es sollte festgestellt werden,

Die von Ihnen gewünschte Untersuchung wurde im Bundeskriminalamt, Kriminaltechnisches Institut,

Fachgruppe KT 3 durchgeführt.

Im Auftrage:

(Dr. Leszczynski)

Dr. Ekkehard Kissling
Wissenschaftlicher Direktor
im Bundeskriminalamt

Wiesbaden, 21.9.1976

Untersuchungsbericht

In der o.a. Ermittlungssache wurden folgende Beweismittel zur serologischen Auswertung nachgereicht:

SAKADÓMUR REYKJAVÍKÚ
MÓTIKID 6525/76

- 1.) eine Haarbürste mit Stahlborsten
- 2.) Vergleichskopfhaare der Arnfridur Felixdóttir (Mutter des Gudmundur)
- 3.) ein Rasierapparat
- 4.) Vergleichskopfhaare und Vergleichsbarthaare des Bruders des Gudmundur
- 5.) Flüssigblutproben nachstehender Personen:
Kristján Vidar Vidarsson
Erla Bolladóttir
Tryggvi Rúnar Leifsson
Saevar Marino Ciesielski
Arnfridur Felixdóttir
Einar Baldursson

Zu 1.) und 2.):

Die Haarbürste mit Stahlborsten ist laut Anschreiben zu Lebzeiten ausschließlich vom Opfer benutzt worden. Nach dem Tod des Gudmundur wurde sie nicht gereinigt und ausschließlich von der Mutter weiter gebraucht. Es sollte festgestellt werden, ob anhand der anhaftenden Haare eine Blutgruppenbestimmung möglich ist. Die Vergleichskopfhaare der Mutter waren zur Differenzierung der Haarspuren genommen worden.

An der Bürste hafteten ca. 150 menschliche Kopfhaare. Das Spurenmaterial bestand aus hell-, mittel- und dunkelbraunen dichtpigmentierten, markhaltigen Komponenten.

Wie die makroskopische und mikroskopische Untersuchung ergab, setzte sich das Kopfhaar der Mutter aus gleichartigen Komponenten zusammen. Es unterschied sich jedoch von den Haarspuren durch einen geringeren Anteil an hellbraunen Formen.

Es war daher anzunehmen, daß sich an der Bürste neben Kopfhaaren der Mutter Kopfhaare anderer Herkunft, möglicherweise also von ihrem Sohn Gudmundur, befanden. Eine morphologische Differenzierung war jedoch wegen der großen Ähnlichkeit nicht möglich. Die Haare von der Bürste mußten daher als Kollektiv serologisch ausgewertet werden.

Mánudaginn 27. 9. 1976 fór ég að Laugavegi 46a og talaði þar við Jónínu Ingibjörgu Gísladóttur, sem þar býr, f. 9. 5. 1952, s: 24113.

Tilefnið var að Kristján Viðar Viðarsson hafði skýrt frá, að hann hefði hringt heim til Alberts Klahn, til að fá hann til að flytja poka að heiman frá sér að Grettisgötu 82. Ingibjörg hefði svarað í símann og Helga Gísladóttir hefði verið stödd hjá henni.

Ingibjörg neitaði alveg að þetta símtal hefði átt sér stað og sagði að hún hefði aldrei talað við Kristján Viðar í síma.

Hún kvaðst hafa frá ársbyrjun 1974 og fram til 1. maí það ár hafa búið í starfsmannabústað Kópavogshælisins. Þar hefði á þeim tíma einnig búið Helga Gísladóttir, en í öðru herbergi. Þann 1. maí 1974 hefðu þær flutt að Laugavegi 24 í Reykjavík, þar sem þær hefðu búið saman allt þar til í mars 1975, en 15. þ.m. hefði hún flutt heim til Alberts, en Helga farið annað. Hún sagði, að enginn sími hefði verið að Laugavegi 24 og hefði Kristján Viðar ekki getað af þeim sökum hafa hringt þangað. Að árinu 1974 hefði hún aðeins komið sem gestur á heimili Alberts og hefði hún ekki af þeim sökum svarað í símann. Ekki hefði verið um það að ræða að þær hafi verið haldin partí á þessum tíma.

Hún sagði, að eftir að hún flutti heim til Alberts hefði komið fyrir að Helga hefði komið í heimsókn. Það hefði svo verið fyrst í júní 1975 að þau Albert hefðu flutt að Laugavegi 46a, en daginn eftir farið austur á Seyðisfjörð, þar sem þau hefðu dvalist fram í sept. það ár.

Ingibjörg sagði, að eftir áramótin 1973 og 1974 hefði Sævar farið að heimsækja Helgu. Það hefði svo sennilega verið í feb. 1974 er Sævar var í gæsluvarðhaldi, að þær Erla Bolladóttir og Helga Gísladóttir hittust í partíi heima hjá Erlu að Hamarsbraut. Þær hefðu sennilega þá komist að því að báðar höfðu verið með Sævari. Seinna kvaðst Ingibjörg hafa heyrt frá Hinrik Jóni Þóris-syni, að þarna hefði verið drukkið "blóðte" í þessu partíi.

Hún kvaðst ekki hafa umgengist Sævar frá því 5. sept. 1974 en þá hefði hann stolið veski af gesti sínum að Laugavegi 24, en skilað því aftur að vísu.

pá sagði Ingibjörg að fyrir nokkrum dögum hefði Helga sagt sér frá því, að á því tímabili sem Sævar hefði heimsótt hana á Kópavogshælið, þá hefði hann komið með skyrtu sem í hefðu verið blóðblettir. Ingibjörg kvaðst hafa sagt henni að segja rannsóknarlöggreglunni frá þessu strax.

Gretar Sæmundsson

löggreglum.

270

Mánudaginn 27. 9. 1976 talaði ég undirritaður við Helgu Gísladóttur, húsmóður til heimilis að Frámsnesvegi 68b, Reykjavík, s: 22941, f. 11. 5. 1955. Tilefnið var að Kristján Viðar Viðars-son hafði skýrt frá, að hann hefði hringt til Alberts Klahn, til að fá hann til að flytja poka að heiman frá sér að Grettisgötu 82. Ingibjörg unnuða Alberts hefði svarað í síman og hefði Helga verið stödd hjá henni.

Helga kvaðst ekki munu eftir að hafa vitað til að Ingibjörg hefði svarað í síma, er Kristján Viðar hefði hringt og spurt eftir Alberti.

En Helga kvaðst nema lötna nánar í skýrtunum.

Hann séðust ófærur meðalda skýrtu, sem er fyr verfleini, en

að hún sé meðalda skýrtu fránum á Óxum. Segði nánar, að

Helga Sæmundsson

Grétar Sæmundsson

er hún ófærur meðalda skýrtunum í skýrtunni er henni ófærur meðalda skýrtunum.

Þótt ófærur meðalda skýrtunum, er hún Gísladóttur til meitina náið um henni, að hún sé ófærur. Hún kvaðst ekki munu hvenær Árnófíð skýrtuna hafi ófær, en meira en eitt dr. vori síðan og kvaðst hún ræðe marguði hore bálin að það nána í þessum tilfæli. Hún segði að ófærta hafi ófarið sem ný er árófi fárhóttuna og hafi hún enga blötti eða í nánni þó.

Grétar Sæmundsson
Læggreglu.

271

Mánudaginn 27. 9. 1976. Eftir að ljóst varð að hugsanlega væri hægt að finna skyrtu af Sævari, sem blóð hefði verið í, þá fór undirritaður ásamt Eggert N. Bjarnasyni heim til Helgu Gísladóttur að Framnesvegi 68b.

Aðspurð sagði hún rétt vera, að Sævar hefði komið til sín með svarta skyrtu. Siðar hefði hann sagt sér að henda henni en hún kvaðst hafa gefið bróður sínum hana. Vegna þessa máls var Helga boðuð til yfirheyrslu á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar.

Við fórum að Kelduhvammi 3, Hafnarfirði og töluðum þar við Arna Gíslason, en Helga kvaðst hafa látið hann fá skyrtuna. Hann afhenti okkur umrædda skyrtu, sem er úr gerfiefni, svört að lit og með leggingautflúri framan á öxlum. Sagði hann, að Helga hefði gefið sér skyrtuna fyrir löngu síðan og kvaðst hann ekki muna eftir neinum blettum í skyrtunni er hann fékk hana.

Þá talaði ég við móður Arna, Erlu Gísladóttur til heimilis að sama stað, s: 51271. Hún kvaðst ekki muna hvenær Arni fékk skyrtuna hjá Helgu, en meira en eitt ár væri síðan og kvaðst hún ~~xæxa~~ margoft vera búin að þvo hana á þessum tíma. Hún sagði að skyrtan hefði verið sem ný er Arni fékk hana og hefði hún enga bletti séð í henni þá.

Grétar Samundsson

lögreglum.

272

Priðjudaginn 28. 9. 1976 kl. 11:20 mætir á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Helga Gísladóttir, húsmóðir, til heimilis að Framnesvegi 58 b, Reykjavík, fædd 11. 5. 1955 í Hafnarfirði.

Hún er vitni í málinu og er henni kunnugt tilefni yfirheyrlunnar. Aminnt um sannsögli skýrir hún svo frá: "Eins og ég skýrði frá í gær, þá man ég ekki eftir að hafa orðið vör við að Kristján Viðar hafi hringt og spurt eftir Albert. Eg kom mjög sjaldan heim til Alberts á Njálgsgötuna. Þó man ég eftir að ég kom þangað í partí til Alberts og Ingibjargar þann 9. 5. 1975, en þann dag átti Ingibjörg afmæli og Albert var að koma af sjónum. Eg varð ekki vör við að síminn hringdi það kvöld. Verið getur að ég hafi komið þangað nokkru áður eða um páskana þetta vor, en ég man lítið eftir því. Alla vega varð ég ekki vör við að hringt hafi verið til Alberts og Ingibjörg svarað í símann. Sjálf hef ég heldur ekki svarað þess konar hringingu.

Eg man ekki fyrir víst hvenær ég kynntist Sævari fyrst, ég held að ég hafi aðeins vitað hver hann var og pekkt hann af afspurn, þar til í jan. 1974 er hann kom erlendis frá. Þá kom hann til mína þar sem ég bjó þá á Kópavogshælinu. Erindið var að flytja mér skilaboð frá Hinriki Jóni Þórissyni, sem hann hitti erlendis eða fór með út. Erindið var að Hinrik Jón vildi að ég kæmi út til að búa með honum. Eftir þetta varð samband okkar Sævars nánara og svaf hann hjá mér nokkrum sinnum eða prisvar að ég held. Þetta samband stóð í viku eða lo daga og kom hann yfirleitt á hverri nýttu en stoppaði stundum mjög stutt. Þetta var milli þess er hann kom að utan í jan. 1974 og þar til hann var settur í gæslu 4. feb. sama ár. Ekki man ég um dagsetningar fyrir víst í þessu sambandi. Hann kom yfirleitt einn og kom á mismunandi tímum. A þessu tímabili man ég eftir því, að er ég kom af vakt kl. 21:00 þá var Sævar í herberginu og þrír aðrir með honum. Eg pekkti þar Kristján Viðar og Tryggva Rúnar. Sá fjórði var maður milli 20-30 ára, en ég man ekki að lýsa honum nánar, en ég held að Kristján Viðar hafi pekkt hann. Öðru skipti man ég eftir er Sævar var ekki einn, en þá var Albert og Kristján Viðar með honum og einnig fjórði maður. Það var ungur maður sem mér fannst ekki eiga heima í þessum félagsskap. Eg hef verið að hugleiða síðan þetta var hvort verið geti að þetta hafi verið Guðmundur Einarsson.

Ekki man ég eftir að lýsa þessum manni, þó man ég að hann var dökkhærður með meðalsítt hár og dökkklæddur. Hann var hægur og fátalaður, en þó var hann að ég held undir áfengisáhrifum, eins og flestir voru þetta kvöld. Þetta var á þessu sama tímabili og sður getur og að ég tel föstudags- eða laugardagskvöld. Verið getur að Albert hafi verið kominn á undan hinum og þeir hafi verið að spyrja eftir honum, en þeir voru á ganginum fyrir framan dyrnar á herbergi Ingibjargar vinkonu Alberts, en komu ekki inn til míni og fóru svo fljótlega aftur. Sævar var á þessu tímabili mjög undarlegur og stundum þegar hann kom til míni þá ætti hann um gólf og fór svo aftur. Eitt skipti man ég að hann sagði við mig að hann hefði drepið mann, en er ég spurði nánar um það þá svaraði hann ekki neimu sem mark var á takandi en minntist þó að það hefði verið erlendis. Eg hef síðar frétt af því að Sævar hafi verið að ~~gummi~~ grobba sig af því að hafa drepið mann og talað um að aupvelt væri að láta menn hverfa. I eitt skiptið er Sævar kom til míni á þessu tímabili, síðla natur, þá kom hann með svartu skyrtu og bað mig um að þvo hana. Ekki man ég eftir að hann hafi talað um að þvo neitt sérstakt úr henni. Þessi skyrta var sett inn í skáp og er ég spurði hann hvort hann ætlaði ekki að taka skyrtuna, þá sagði hann mér að henda henni. Síðar er hann var kominn í gæsluna í febrúar, þá fór ég að ~~skapa~~ skoða skyrtuna og sá að hún var nýleg og fannst ekki ráðlegt að henda henni. Mér datt þá í hug að láta bróður minn hafa hana. Vegna þess skoðaði ég skyrtuna og man ég að einhverjir blettir voru framan á henni í eða við útflúr á öxlunum. Eg held að ég hafi reynt að skola þetta úr, en man ekki um það fyrir víst. Skyrtan er svört og man ég að blettirnir voru dökkir, en ekki treysti ég mér til að segja um hvort þarna var um blóð að ræða eða ekki. Eg tel mig hafa látið bróður minn hafa skyrtuna í feb. 1974. Þegar ég í gær var spurð um þetta þá sagði ég sem var um skyrtuna, en ég hafði hreinlega gleymt henni. Eg sé pessa skyrtu hér á skrifstofunni og er ég viss um að hér er um sömu skyrtu að ræða.

Eg vissi að þann tíma er ég var með Sævari þá var hann einnig með stelpu sem het Erla, en ekki þekkti ég hana fyrr en síðar. Mig minnir að ég hafi komið heim til hennar í Hafnarfjörð er Sævar var í gæslu í febrúar 1974. Þá kom ég með Hinrik Jóni Þórisssyni. Síðar hefur Hinrik Jón verið að segja mér frá hvort ég myndi ekki eftir blóðinu og hefur verið einhver hryllingur í

honum í þessu sambandi. Ekki gat ég munaoð eftir því sem hann talaði um, en ég man að við drukkum eitthvað úr flösku heima hjá Erlu. Þetta var áfengt eða einhvers konar vímugjafi, en ég man ekki fyrir víst hvers eðlis þetta var. Við Hinrik Jón drukkum þetta en Erla vildi þetta ekki. Þá man ég einnig að þetta var eitthvað ólystugt, en hvers vegna man ég ekki og ekki man ég eftir blóði í þessu ~~þannan~~ sambandi.

Einu man ég eftir í sambandi við Sævar, er hann heimsótti mig á Kópavogshælið. Það er að einu sinni er hann kom þá var hann með þrjár flöskur af spíra. Eg er viss um að það var spíri vegna þess að ég smakkaði sjálf á því. Eina flsöku skyldi hann eftir er hann fór. Ekki talaði hann um hvar hann hefði fengið þetta. A þessu tímabili var mikið sami leigubilsjórninn sem Sævar ók með og talaði hann um að hann héti Viggó.

Yfirheyrslu lauk kl. 13:00.

Upplesið staðfest,

Helga Gisladóttir

Helga Gisladóttir

Guðrún Sæmundsson

Grétar Sæmundsson

löggreglum.

Rvík. 30.9.1976 kl. 14,00 er tekin til yfirheyrslu gæslufanginn Sævar Marino Ciesielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7.1955 að Stóra-Hofi í Árnessýslu. Mætta er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er framburður mætta og vitneskja varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir mætti svo frá.

" Eg vill skýra frá því nú hvað skeði þann 26 janúar og aðfaranott þess 27,1974, þegar Guðmundur Einarsson hvarf. Þetta kvöld var ég staddir hjá kunningjakonum mínum að Vesturgötu 24, en þær heita Guðfinna Gísladóttir og Sigríður Gísladóttir. Þarna var einnig staddir Albert Khlam Skaftason. Eg man að Albert sagði við mig að hann væri að fara til Kristjáns Viðars Viðarssonar að Grettisgötu 82. Eg spurði Albert að því hvort hann mundi ekki vilja aka mér að Kópavogsbústaðnum í Kópavogi, en hann kvaðst vera tímabundinn og vera á leið til Kristjáns. Eg gekk því út og er ég kom að veitingahúsinu Nausti náði ég í leigubifreið. Með henni fór ég rakkeitt að Kópavogsbústaðnum en ég var að hitta Helgu Gísladóttur sem vann þar og bjó einnig þar. Eg vill geta þess að ég hafði orð á því við Albert á Vesturgötunni hvert ég væri að fara, en hann þekkti einnig Helgu nokkuð vel. Eg veit að Albert hafði lenti í átökum á Kópavogsbústaðnum og þess vegna vildi hann ekki aka mér þangað. Eg vill geta þess að Albert lenti á sjúkrahúsi eftir þessi áflog. Er ég var kominn til Helgu fórum við að neyta áfengis og man ég að við drukkum Ballantines Viský. Eg var búinn að vera þarna í u.p.b. eina klukkustund er Kristján Viðar Viðarsson kom þangað og var mér kunnugt um það að Tryggvi Rúnar Leifsson var með honum, en þeir voru í leigubifreið. Eg tel það hugsanlegt að það hafi verið Viggó Guðmundsson sem hafi getað ekið þeim, en Viggó umgekkst okkur nokkuð mikið um pennan tíma, og verið getur að Guðmundur Einarsson hafi verið með þeim í bifreiðinni, en ég vill geta þess að ég hafði komið heim til Kristjáns Viðars Viðarssonar fyrr um daginn að Grettisgötu 82 og þá var hjá honum mikið af fólk sem ég þekkti ekki, en man þó eftir að hafa séð Tryggva Rúnar Leifsson þar.

Erindi Kristjáns við mig var að reyna að fá lánaða peninga hjá mér, en hann vissi að ég hafði handbæra peninga á þessu tímabili, en þessa peninga hafði ég fengið vegna hasssölu. Eg svaraði honum að ég væri ekki með neina peninga á mér og man ég að ég átti í einhverjum orðaskiptum við hann vegna þessa. Kristján hverfur því næst í burtu, en eftir stutta stund fór ég að hugleiða hvort þeir myndu ekki fara að Hamarsbrautinni og leita að peningum þar, en íbúðin var nær alltaf opinn og því mjög auðvelt að komast þar inn. Eg vill geta þess að ég var með

80.000 þúsund krónur í peningum á mér, en ég vildi ekki lána Kristjáni peninga þar sem hann greiddi yfirleitt ekki skuldir sínar. Æg fór því fljóttlega frá Kópavogsbústaðnum og gekk að Kópavogsbió, þar sem ég náði leigubifreið, en síðan fór ég rakleitt að Hamarsbrautinni. Er ég kom að húsinu mætti ég þeim, Kristján Viðari, Tryggva Rúnari og einhverjum manni til, sem ég veit núna að var Guðmundur Einarsson. Peir voru á leiðinni út og voru að loka útihurðinni er ég kom að þeim. Æg ávarpaði þá og var það úr að við fórum allir inn í íbúðina. Æg sagði þeim að þeir gætu ekki verið parna, þar sem Erla væri húsráðandi og henni mundi ekki líka það að þeir væru þarna. Kristján var mjög jákvæður gagnvart þessum ummælum mínum, en Tryggvi og Guðmundur urðu hinir verstu og eiga að fara í burtu. Einhver orðaskipti fórum fram á milli okkar og man ég að Guðmundur hugðist fljúga á mig, en er þetta skeði vorum við allir inn í stofu. Kristján réðist þá á Guðmund og voru þeir komnir í handalögþáparna á gólfínu. Æg fór strax fram og inn á salerni, þar sem ég lokaði hurðinni að mér og þaðan heyrði ég nokkurt brölt og hávaða, einnig stunur eins og er menn standa í áflogum. Æg heyrði bæði stunur í Kristjáni og Guðmundi. Eftir að hafa verið í nokkra stund á salerninu man ég að Tryggvi var að kalla á mig og að hann var kominn í þvottahúsið til þess að leita að mér. Æg minnist þess einnig að Kristján kom á salernið til míni og man ég að hann kallaði til míni "heyrðu Sævar". Æg gekk þá fram og fór með Kristjáni inn í stofu og sá þá hvar Guðmundur lá á gólfínu, en það hafði verið breitt yfir hann lak. Æg man að Kristján sagði við mig að Guðmundur væri dáinn. Kristján skýrði mér frá því að maðurinn hefði komið sér í gólfíð og náð á sér haustaki og svo gæti hann ekki gert sér grein fyrir því hvað skeð hefði. Æg hafði veitt því athygli að er Kristján kom að Kópavogshástaðnum veitti ég því athygli að hann var með hníf sem hann hafði keypt er við vorum í Kaupmannahöfn árið 1973. Petta var gamall byssustíngur um 40-45 cm. að lengd og hulstrið sem var utan um hann var um það bil 7 cm að bréidd. Æg man að Kristján var í brúnum frakkra og að hnífurinn var hægra megin.

Við ræddum á milli okkar hvað skyldi gera, hvort kalla skyldi á lögregluna, eða ekki. Var síðan ákveðið að bíða með það. Var Guðmundur síðan dregin inn í þvottahús, þar sem honum var hagrætt. Æg man að ég hafði orð á því að ég væri hræddur um að Erla gæti komið heim. Fórum við út eftir að hafa hagrætt Guðmundi í þvottahúsinu, en ég hafði þá skömmu áður hringt á leigubifreið sem við fórum síðan í burtu í. Æg vill geta þess að ég hafði séð blóð í lakinu sem var utanum Guðmund og einnig man ég eftir að ég fann sterka lykt, lykt sem ég man eftir að hafa fundið er ég var í sveit og er einna lýkust saurlykt. Æg minnist þess að Guðmundur lá á bakinu er við fórum að handleika hann og draga hann fram í geymsluherbergið. Æg og Tryggvi tókum í sitthvora öxlina á Guðmundi og Kristján

tók undir fæturnar og þannig var Guðmundur borin fram í geymslu-herbergið. Síðan fórum við í leigubifreiðina og var farið beint í nætursöluna þar sem ég keypti Coca Cola. Æg man að við ræddum ekkert um atburðinn á milli okkar í leigubifreiðinni og að við vorum allir mjög niðurdregnir út af þessu. Er við komum að Hamarsbrautinni aftur var Erla kominn heim og man ég að Kristján fór að ræða við Erlu. Við ræddum síðan saman, ég, Kristján og Tryggvi og man ég að það kom til umræðu að fara og leggja Guðmund á bersvæði, þeir sem hann myndi síðan finnast, en frá þessu var horfið, þar sem við töldum að hægt hefði verið að rekja slóðina til okkar. Var síðan ákeðið að hringja til Alberts Khlan Skaftasonar. Æg man að Kristján Viðar stóð í þvottahúsdyrunum og sagði við mig að hringja til Alberts sem ég gerði. Æg bað Albert að koma, en ég útskýrði ekki fyrir honum hvað hefði skeð, en sagði við hann að það væri áriðandi að hann kæmi og að hann mundi fá hassmola ef hann kæmi. Strax eftir símtalið fór ég inn í svefnherbergið og ræddi við Erlu, sagði henni að það hefðu orðið áflog, maður dáið, en um slys hefði verið að ræða. Æg val taka það fram að Erla var undir áhrifum áfengis er hún kom heim og var lögst fyrir, en Kristján hafði einnig skýrt henni frá því áður hvað hefði skeð. A meðan Albert var á leiðinni var ákeðið endanlega hvað skyldi gera, það að fara með Guðmund út í hraun fyrir sunnan Hafnarfjörð. Er Albert ók niður húasund það sem er heim að Hamarsbraut ll blikkaði hann ljósgeislum bifreiðarinnar og urðum við varir við það úr svefnherberginu. Kristján fór strax út og talaði við hann og útskýrði fyrir honum hyað hefði skeð og að um alvarlegan hlut væri að ræða. Æg tel að Albert hafi komið inn í forstofuna að Hamarsbrautinni. Tryggvi og Albert báru manninn út, en ég fór að tala við Erlu. Erla hafði komið fram á gang. Æg Kristján og Albert vorum einnig þar fyrir. Albert og Tryggvi héldu í sitthvorn enda á lakinu og ég man að Kristján sagði við mig að fara með Erlu inn í svefnherbergi til að fyrirbyggja það að Erla fengi lost er hún sæi Guðmund. Æg fór inn í svefnherbergi með Erlu, ég man að ég tók utan um hana og sagði við hana að hún skyldi ekki vera hrædd og að ég ætlaði að fara með þeim, en mundi koma strax aftur. Æg sagði það framt við hana að þetta væri hröttalegur atburður, en þetta hafði verið slys. Er ég kom út var Albert að loka farangursgeymslunni á bifreiðinni og Kristján og Tryggvi voru að fara inn í bifreiðina vinstra megin. Framendi bifreiðarinnar snéri til suðurs og gekk ég framfyrir bifreiðina og settist inn í hana hægra megin. Tryggvi sat beint fyrir aftan mig í bifreiðinni, það er hægra megin aftur í henni, en Kristján sat vinstra megin aftur í henni fyrir aftan Albert.

Við ókum frá húsinu og beygðum til hægri eftir Suðurgötunni. Ókum svo eftir Hvaleyrarholtina. Æg man eftir við fórum veginn sem liggur að Sædýrasafninu og eins að við fórum afleggjarann sem liggur að Álverinu.

Hvort við fórum fyrst að Alverinu eða Sædýrasafninu þori ég ekki að fullyrða um, en eins og fyrr er getið man ég eftir að við komum á báða þessa staði. Ég er reiðubúinn að fara með lögreglunni eina ferð enn út í Hafnarfjarðarhraun og gera ítrekaða tilraun til þess að finna þann stað sem Guðmundur var settur á.

Er við kommum á þann stað þar sem Guðmundur var tekin út úr bifreiðinni en ég get ekki greint frá staðnum nákvæmlega, fórum við allir út úr bifreiðinni, en þeit Kristján og Tryggvi tóku í sitthvorn enda á lakinu sem vafið hafði verið utanum Guðmund og báru hann út í hraun. Við Albert gengum á eftir þeim stuttan spöl en fórum svo að bifreiðinni aftur og biðum þar uns Kristján og Tryggvi komu aftur til baka, en ég tel að það hafi liðið u.p.b. 20. mínutur þangað til þeir komu aftur. Þeir komu með lakið aftur til baka, eg ég man að það var gult að lit.

Strax var haldið heim á leið og var farið með mig að Hamarsbrautinni þar sem ég yfirlagf bifreiðina, tók lakið með mér og kastaði því í öskutunni sem er utan við húsið. Ég fór síðam inn til Erlu og ræddi lítillgga við frameftir nóttu, en fór síðan að Kópavogsbústaðnum aftur, þar sem ég svaf það sem eftir var af nóttinni. Er Erla kom heim úr vinnu að kvöldi þess 27. jan. en ~~há~~ það var sunnudagur ræddum við um atburðarrásina frá nóttinni áður og man ég að Erla var hrædd um að Tryggvi og Kristján mundu koma aftur að Hamarsbrautinni. Erla vann um þetta leyti hjá Pósti og Síma.

Ég vill geta þess að ég var staddur á Vesturgötu 24 um kl. 22,00 að kvöldi þess 26. jan. 1974. Ég tel að ég hafi komið í Kópavogsbústaðinn á milli kl. 22,30 og 23,00 og eins og fyrr er getið var ég búinn að dvelja þar í um það bil eina klst. er ég fór þaðna á Hamarsbrautina og tel því að klukkan hafi verið um miðnætti. er ég kom þangað.

Mætta er ljós að yfirheyrlan hefur staðið í meira en sex klukkustundi samfleytt, en ham ~~skýrslu~~ óskaði þess að haldið yrði áfram uns skýrslunni væri lokið hvað sem tímanum liði.

Skýrslutöku lauk kl. 21,05.

Upplesið, staðfest:

Sævar Marinó Cisielski

Sævar Marinó Cisielski

Skýrsluna tók:

Rúnar Sigurðsson

Rúnar Sigurðsson, lögreglum.

Vottar:

Jón Ódinsen
Ólafur Þórhallsson

115 lajt íslan. skáðarhljúf
Reykjavík 25/10/1976
[Signature]

279

Priðjudaginn 5. 10. 1976 kl. 11:15 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Albert Klahn Skaftason, nemi, til heimilis að Laugavegi 46a, Reykjavík, s: 24113, fæddur 16. 2. 1955 í Reykjavík.

Honum er kunnugt tilefni yrirheyrlunnar, en það er að hann er enn á ný spurður og beðinn að rifja upp aðild sína að hvarfi Guðmundar Einarssonar. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "Svo sem ég hef áður sagt frá, þá hringdi Sævar til mínn um nótt í jan. 1974. Hann spurði mig í símann, hvort ég vildi koma og keyra fyrir sig lík. Eg neitaði því, og talaði hann ekkert meira um lík í þessu sambandi, en lagði að mér að koma heim til sín að Hamarsbraut 11, í Hafnarfirði. Mér skyldist að ég ætti að aka ~~þeim meitt hval~~ honum eitthvað og fá hass í staðinn, en komið hafði fyrir, að ég hafði ekið Sævari og félögum hans gegn því af fá að reykja hass í staðinn. Eg féllst á að koma heim til Sævars og fór ég á Vw bifreið föður míns.

Pegar ég kom að Hamarsbraut 11 nokkru síðar, þá lagði ég bifreiðinni á plánið fyrir ofan húsið og gekk niður fyrir húsið, niður í kjallaratröppurnar og bankaði eða hringdi dyrabjöllunni. Sævar kom til dyra og ætlaði ég að fara inn en Sævar bannaði mér það en sagði mér að koma með bifreiðina að kjallara-tröppunum. Eg náði í bifreiðina og ók henni að kjallara-tröppunum og snéri vinstri hlið bifreiðarinnar að húsinu. Er ég hafði beðið nokkra stund þá kom Sævar út og bað mig um að oppna húddið (lok farangursgeymslunnar), en mig minnir að til þess hafi ég fyrst tekið í handfang inni í bifreiðinni, en svo farið út og tekið í handfang framan á húddinu og opnað þannig. Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar komu svo út og báru eitthvað á milli sín. Settu þeir það í farangursgeymsluna, en það var svo fyrirferðarmikið að ekki var hægt að loka með nokkru móti. Þá var ekki um annað að ræða en að setja þetta inn í bifreiðina og kann að vera, að ég hafi átt uppástunguna að því.

Það sem peir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar báru á milli sín var í laki, sem virtist bundið saman til endanna. Því var væfið utan um innihaldið og sá ég ekki í það sem innanundir var.

Eg get ekki lýst hvað kom þarna yfir mig eða lýst tilfinningum mínum. Eg mundi að Sævar hafði talað um að ég flytti fyrir hann lík og ég sá að það sem í lakinu var gæti ~~hafsa~~ verið lík. Þessum hugsunum reyndi ég að bægja frá mér, enda hafði ég æfinlega reynt að blanda mér ekki í afbrotamál þeirra. Eg reyndi að byggja mig þannig upp að það gæti ekki verið að þeir hefðu þarna verið með lík. Sævar hafði eitthvað orð á að dæður maður væri í lakinu, en ég forðaðist að tala nokkuð um þetta við hann.

Eg tel mig muna fyrir víst að flutningurinn hafi verið settur inn í bifreiðina vinstra megin og að einhver af strákunum hafi farið inn í bifreiðina hægrameginn og tekið á móti, en hinir tveir hafi lyft undir. Eg lagði ekki hönd að þessu verki, ~~en~~ þó þurfti ég að laga flutninginn eitthvað til svo ég gæti lagt sætisbakið í rétta stellingu áður en ég settist inn.

Eg held að Sævar hafi annað hvort farið út úr bifreiðinni aftur eða komið inn í hana nokkuð á eftir hinum. Eg man fyrir víst að Kristján Viðar og Tryggvi Rúnar settust aftur í bifreiðina, en Sævar í framsætið.

Þá tel ég mig muna fyrir síst að ég hafi beygt Hamarsbrautina til hægri. Siðan ók ég suður úr Hafnarfirði og inn á veginn að Sædýrasafninu. Aleiðinni töluðu peir um hvað gera ætti við flutninginn, en ég lagði ekki eyru að því. Eg stöðvaði við hliðið að Sædýrasafninu og þar fóru Sævar og Tryggvi Rúnar út úr bifreiðinni og reyndu að opna hliðið. Kristján Viðar talaði þarna um hvort peir væru orðnir vitlausir að ætla þarna inn. Hætt var við að fara þarna inn og komu strákarnir inn í bifreiðina aftur og snéri ég við óg ók út á Keflavíkurveg og beygði til hægri. A móts við álverið eða á aðalinnkeyrslunni að álverinu snéri ég við og ók Keflavíkurveginn aftur til baka en beygði til hægri út af veginum á móts við álverið. Pennan veg ók ég ca. 500m en snéri þar við og stöðvæði. Þar var

flutningurinn tekinn úr bifreiðinni. Strákarnir fóri allir þrír með hann á brott og sagði Kristján Viðar við mig að vera ekki að horfa á eftir þeim. Eg sá þó á eftir þeim, þar sem ég sat í bílnum og snéri framendi hans að Álverinu og fóru strákarnir til vinstri út frá bifreiðinni.

Pegar þeir komu aftur, þá var Sævar með lakið og var það sett í farangursgeymlu bifreiðarinnar. Eftir betta ókum við til baka og fór Sævar að Hamarsbraut ll og þar held ég að hann hafi sett lakið í öskutunnu. Eg held að hinum strákunum hafi ég ekið heim til Kristjáns Viðars.

Það hefur nú verið að rifjast upp fyrir mér að verið geti að ég hafi farið fleiri ferðir líkra erinda fyrir strákana.

Mig rámar í að ég hafi síðar farið með pessa sömu stráka suður í hraun. Þá hafi verið meðferðis svartir tómir pokar. Peir Tryggvi Rúnar og Sævar hafi farið út í hraun og sótt eithvað í pokana, sem voru Iátnir hver utan yfir annan. Kristján var með mér í bifreiðinni. Svo man ég að farið var út á Alftanes og þar var tekin gröf rétt við hliðina á bifreiðinni. Petta er allt mjög óljóst fyrir mér, en þó getur verið að petta géti ég rifjað upp." Yfirheyrslu lauk kl. 15:30.

Vottur:

Jónas Bjarnason
Jónas Bjarnason

Upplesið staðfest,

Albert Klahn Skaftason
Albert Klahn Skaftason

Grétar Sæmundsson
Grétar Sæmundsson löggreglum.

Rvík. 5.10.1976, kl. 21,10 er mættur til skýrslutöku gæslufanginn Sævar Mariní Cisielski, til heimilis að Grýtubakka lo Rvík. f. 6.7. 1955. Honum er kunngert tilefni skýrslutökunnar, sem er varðandi hvarf Guðmundar Einarssonar. Gætt er ákvæða l.mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá.

Það var í byrjun ágústmánaðar 1974 að ég hitti Kristján Viðar Viðarsson, Grettisgötu 82, en hann var þá nýkoninn til Reykjavíkur frá dvöl á Litla-Hrauni. Þeg man að þennan dag var veður mjög gott og var það úr að við urðum okkur úti um áfengi og gengum síðan niður í bæ. Sátum við við Iðnó og neyttum áfengis. Við fórum þá að ræða atburð þann sem skeði í janúarmánuði að Hamarshraut 11 í Hafnarfirði og sem ég hef gert grein fyrir í annari skýrslu sem tekin hefur verið af mér þann 30.9.s.l.. Við ræddum að flytja líkamsleifar Guðmundar Einarssonar, sem dáið hafði að Hamarshraut 11, úr Hafnarfjarðarhrauni og í kirkjugarð og urðum við sammála um að koma honum fyrir í Fossvogskirkjugarði. Við ræddum einnig hvort líkamsleifar Guðmundar hefðu fundist, en við hödðum skilið hamn eftir í gráum pokum, en ekki falið hann neitt, aðeina lagt hann til í hraunsprungu.

Við fórum heim til Albert Khlan Skaftasonar og skýrðum honum frá erindi okkar og báðum hann ~~var~~ aka okkur út í Hafnarfjarðarhraun og reyna að finna þann stað þar sem við höfðum skilið líkamsleifar Guðmundar Einarssonar eftir, en ég vil taka það fram að við tókum með okkur two stóra plastpoka, sem voru svartir að lit. Við fórum á Toyotabifreið sem faðir Albert Khlan Skaftasonar átti, em hún er gul að lit, en ekki man ég skráninganúmer bifreiðarinnar. Eftir að í Hafnarfjarðarhraun kom ókum við um í nokkurn tíma til að reyna að finna þann stað þar sem við höfðum sett líkamsleifar af Guðmundi og eftir nokkra leit fundum við staðinn, en ~~xxxx~~ hann ~~xxx~~ er nokkuð út í Hafnarfjarðarhrauni handan við Álverið, skammt frá rauðamalargryfju sem þar er. Ekki var hægt að greina að nokkuð hafi verið hreyft við líkamsleifunum. Við tókum pokana two sem við höfðum tekið með okkur og settum þá utan yfir poka þá sem voru fyrir á líkamsleifunum fyrir, en síðan var farið með líkamsleifarnar í bifreiðina og þetta sett í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Eftir þetta var ekið sem leið liggur til Reykjavíkur og var farið beint heim til Kristjáns að Grettisgötu 82. Ég tel að klukkan hafi verið á milli 19,00 og 20,00 er þetta skeði.

Eftir að hafa haldið kyrru fyrir að heimili Kristjáns til kl. 24,00 eða 01,00 ókum við af stað, það er að segja ég, Kristján og Albert. Við tókum með okkur tvær skóflur, sem voru í kjallara að Grettisgötu 82, og man ég að önnur skóflan var stunguskófla, en hin var venjuleg moksturs-

skófla, en skóflurnar settur við inn í sjálfa bifreiðina. Við ókum síðan sem leið liggur Hafnarfjarðarveg og yfir Öskjuhlíð og að hliði, sem er nokkuð fyrir neðan sjálfa Fossvogskapelu, rétt vestan Hafnarfjarðarvegar. Þar var bifreiðinni ekið aftur á bak að hliðinu og við fórum út úr bifreiðinni. Albert og Kristján héldu á pokanum í sameiningu, en ég hélt á skóflunum. Rétt innan við hliðið komum við að götu og var hún gengin í áttina að Kapelunni sjálfri, það er að segja til norðurs, beygðum síðan til vesturs eftir mjórri götu, síðan var beygt til suðurs og þá man ég að við gengum framhjá ljósi, en það var á ljósastauri í garðinum, síðan var beygt til vesturs aftur og þá minnist ég þess að ég sá marga steypta kressa á grafreit, en þar voru jarðaðir franskir sjómenn sem fórust hér við Ísland fyrir 40. árum. Það skal tekið fram að í kirkjugarðinum eru mikið af götum bæði breiðum og mjónum og því nokkuð erfitt að segja til um hvað var gengið framhjá mörgum götum.

Ég man að við vorum ekki langt frá þessum steyptu mörgu krossum er við fundum stað, sem við töldum heppilegan stað til þess að koma líkamsleifunum fyrir. Minnist ég þess að við grófum að sunnan verðu við götuna þannig að við horfðum í áttina að Kópavogi. Ég tel að við höfum grafið ca. 60 til 70cm niður í jörðina, en síðan var pokinn settur niður í holuna og mokað yfir og man ég að við sléttum vel, bæði með skóflunum og eins með fótunum í moldinni til þess að láta sem minnst á þessu bera. Ég man að við hliðina á þeim stað sem við grófum var steyptur steinn og á honum var skeljasandur nokkuð gráleitur, en ég vil ekki fullyrða að við hofum verið fyrir utan grafreit.

Ég man að við gengum nokkuð til suðurs og fundum þar götu og síðan gengum við til austurs og beygðum þaðan til norðurs og urðum að ganga nokkurn spöl til að komast að hliði, því sem bifreiðin var við. Við tókum skóflurnar inn í bifreiðina og síðan var ekið ~~þekk~~ að Grettisgötu 82 að heimili Kristjáns, þar tókum við skóflurnar og settum þær niður í kjallara. Albert dvaldi í nokkum tíma að Grettisgötu 82, en fór síðan, en ég dvaldi hjá Kristjáni alla nöttina. Ég vil geta þess að um það bil mánuði síðan fór ég aftur í Fossvogskirkjugarðinn, með Kristjáni Viðari og ömmu hans. Ég og Kristján leituðum þá nokkuð að þeim stað þar sem við höfðum sett líkamsleifar Guðmundar Einarssonar, en okkur tókst ekki að finna ~~staðinn~~, en ég tel að við höfum verið og vestarlega í kirkjugarðinum, og eins komm við að garðinum frá Kapelunni. Erindi okkar þá var að amma Kristjáns ætlaði að leiði einhvers ættingja Kristjáns, og fórum við með henni en áttum ekki neitt erindi þangað sjálfir, nema að athuga með stað þann sem við grófum líkamsleifar Guðmundar á.

Skýrslutöku lauk kl. 22,15.

Upplæsið, staðfest:

Savar M. Cisielski

Bottar
Ragnar Sigurðsson, löggreglum.

Rúnar Sigurðsson, löggreglum.

42

25/10 1976

[Signature]

284

Miðvikudaginn 6. 10. 1976 kl. 08:45 er komið með á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Albert Klahn Skaftason, nema, til heimilis að Eaugavegi 46a, Reykjavík, s: 24113, fæddan 16. 2. 1955 í Reykjavík.

Honum er kunnugt um tilefni yfirheyrlunnar, en það er fyrst og fremst um það atriði hvar lík Guðmundar Einarssonar er nú. Gætt er ákvæða l. mgr. 40. gr. laga um meðferð opinberra mála. Eftir það áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá: "I gær eftir að skýrslutöku lauk fór ég ásamt rannsóknarlöggreglumönnum suður á Alftanes, þar sem ég vísaði á stað niður í fjöru þar sem ég hefði tekið þátt í að grafa hlut sem ég taldi að gæti hafa verið lík. Eg tel nú að þetta hafi verið rangt hjá mér og að þarna hafi verið um ímyndun að ræða. Þrátt fyrir það minnist ég þess að farið hafi verið með hlut sem gæti hafa verið lík og hann grafinn.

Eg man eftir því að Sævar kom heim til míni um sumar, en ekki get ég tímasett það nánar. Hann bað mig um að aka sér og fór ég á Toyota bifreið föður míns. Eg fór fyrst heim til Kristján Viðar og fór um undirgang bak við húsið. Þar stoppaði ég stutt en náð var í tóma svarta plastpoka heim til Kristjáns Viðars og einnig var komið með eina eða tvær skóflur. Ekki man ég hvert ég ók svo og ekki man ég hvort eða hvernig var náð í eitthvað. Það næsta sem ég man var það að ég hjálpaði við að bera flutning, sem kominn var í plastpokana, úr bifreiðinni. Þá man ég eftir að hafa tekið þátt í að grafa þetta, en hvar það var man ég ekki fyrir víst. Mig rámar þó í að þetta hafi verið flutt í kirkjugarð og tel ég að þar komi helst til greina Hafnarfjarðarkirkjugarður, en í þessu sambandi man ég eftir garðvegg. Eg tel að þarna hafi verið um lík Guðmundar Einars-sonar að ræða.

Eg man fyrir víst að Sævar og Kristján Viðar voru með mér er ég flutti þetta og mig minnir að Tryggvi Rúnar hafi einnig verið með, en ég er þó ekki viss um það.

Eg get ekki gefið neina skýringu á því, hvers vegna petta hefur farið að rifjast upp fyrir mér nú, en þó tel ég að þar hafi aðalorsökin verið, að ég óttaðist refsingu. Eg hef reynt að byrgja petta inni og geri ég mér ljóst, að ég hef barist á móti því að segja sannleikann um petta mál.

NB. Mér finnst að núna við þessar síðustu yfirheyrlur að eitthvað sé að mér í höfðinu. Eg veit að ég tók þátt í þessu og að ég ætti að geta sagt skýrt frá öllu, en þótt ég reyni að leggja mig fram þá að ég erfitt með að greina á milli hugarburðar og veruleika. Eg hef frá barnsaldri neytt margvíslegra fíkniefna og eiturlyfja. Það kann að eiga sinn þátt í að ég muni þessi mál óskýrt.

Yfirheyrlu lauk kl. 09:45.

Vottur:

Þorsteinn Henrysson
Þorsteinn Henrysson

Upplesið staðfest,

Albert K. Skaftason
Albert Klahn Skaftason

Gregar Sæmundsson
Gregar Sæmundsson lögreglum.

Nr. 48 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 20/10/1976
Bret.

286

Miðvikudaginn, 6.10.1976, kl. 11,30, er mættur að nýju til skýrslutöku, Albert Klahm Skaftason, nemi, f. 16.2.1955 í Reykjavík, tilh. Laugavegi 46a, hér í borg sími 24113.

Mætta er kunnugt um tilefni skýrslutökunnar og gætt er ákvæða l.mgr.40.gr.laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli, skýrir mætti svo frá:

"Eg hefi í morgun reynt að munna eftir ferðum mínum það er að segja í sambandi við flutninginn á líki Guðmundar Einarssonar í Hafnarfjarðarhraun og síðan er sóttar voru þangað aftur líkamsleyfarnar. Eg hefi áður greint frá því er ég var beðinn um að koma heim til Sævars og hefi ég þar engu við að bæta og er rétt eftir mér haft, sem þar er skráð.

I sambandi við það er líkamsleyfar hans voru sóttar, þá mun það hafa vefið seinnihluta dags um kl. 16,00 til ~~XXVII~~ 17,00 að þeir Sævar og Kristján komu heim til mínn. Þetta var nokkrum mánuðum eftir, að ég flutti lík Guðmundar í Hraunið.

Eg man ekki hvað okkur fór á milli, en ég fór með þeim og var á Toyota bifreið föður míns og minnir mig, að fyrst hafi verið ekið heim til Kristjáns og minnir mig, að þangað hafi verið sóttir plastpokar, en ég man þetta þó ekki örugglega.

Þá held, ég og, að ég hafi komið með skóflur, sem faðir minn átti, en þar var um að ræða stunguskóflu og að mig minnir steypuskóflu, eða malarskóflu. Eg man þó ekki vel, hvort skóflurnar voru teknar með strax, eða sóttar síðar.

Eftir þetta var farið í Hafnarfjarðarhraun og ég man, að það tók okkur nokkurn tíma að finna staðinn og nú minnir mig, að Tryggvi Rúnar hafi verið kominn með okkur og hann og Sævar hafi fundið staðinn, en þetta man ég þó ekki örugglega.

Eg var ekki með er líkamsleyfarnar voru sóttar og beið í bifreiðinni og ég held, að Kristján hafi verið hjá mér.

Þegar þeir komu síðan með pokann, var hann séttur í farnagus-
geymsluna. Siðan var eftir því, sem mig best minnir, ekið aftur

til Reykjavíkur og þá heim til Kristjáns. Eg þori ekki að fullyrða um staðinn í Hafnarfjarðarhrauninu, en held, að petta hafi verið einhversstaðar á móti Alverinu nokkuð langt þar úti í Hrauninu.

Eg man, að það var komið myrkur er við vorum þarna, eða allavega var eitthvað farið að skyggja.

Eg man ekki hvað við gerðum heima hjá Kristjáni, en eitthvað minnir mig, að það hafi komið til tals, að fara þ í bíó, en man þó ekki eftir að svo hafi orðið.

Það var síðan seint um kvöldið, eða snemma þessa nótt, sem farið var frá Grettisgötunni og í Fossvogskirkjugarð.

Eg man, að ég ók fyrst inn á planið við Kapelluna og síðan minnir mig, að ekið hafi verið út af planinu og þá niður með girðingu-nni og að hliði. Eg man, að við Kristján tókum pokann úr farangursgeymslunni og bárum hann að hliðinu, eða stutt minn í garðinn, en man þó óljóst þennan burð.

Eg man þó, að ég fór inn í bifreiðina og minnir mig, að Kristján kæmi þangað rétt á eftir. Eg man örugglega, að ég sá þá Sævar og Tryggva þar, sem þeir voru að grafa, en þá sat ég inni í bíl og fylgdist með þeim út um hliðarrúðu, en bifreiðinni var lagt meðfram girðingunni. Eg man ekki eftir neinni umferð um Reykjanesbrautina og mig minnir, að það hafi verið einhver rigning.

Sævar og Tryggvi voru ekki lengi, en ég þori þó ekki að slá neinu föstu um tímann, sem petta hefur tekið.

Eg var ekki ölvaður og ekki heldur undir neinskonar áhrifum og ég held örugglega að hinir hafi verið í sama ástandi og ég.

Mig minnir, að eftir að petta var afstaðið, hafi verið farið heim til Kristjáns og mig rámar í, að ég hafi síðan ekið Sævari og Tryggva eitthvað, en ekki man ég þó hvert. Þó minnir mig, að ég hafi ekið Sævari upp í Breiðholt.

Eg man ekki hvað varð um þessi verkfæri, en tel líkur á, að þau hafi lent heim aftur. Eg er ekki viss um, að þessar skóflur séu til enn og mig minnir, að önnur skóflan hafi verið með

brotnu skafti,að ég held örugglega steypu,eða malarskóflan.

Eg hefi talað um ferð á Alftanes og það er rétt,að þangað hefi ég farið og ég man eftir gröf við hlið bifreiðarinnar,en man ekki hvort eitthvað var sett í þá gröf,eða sótt í hana.

Eg man ekkert fleira í því sambandi,en ég hefi vísað rannsóknarlögreglunni á stað á Alftanesi,sem mér þykir líklegur,en þori þó ekki að fullyrða að sá sé rétti staðurinn. Eg man þó,að auðvelt var að aka þar að,en ekið er á milli tveggja húsa,áður en komið er á staðinn. Eg held,að búið sé í þeim húsum og gröfin,sem ég tala um,var rétt hjá skúr,sem þarna er.

I þessari ferð voru þeir,Sævar,Kristján og Tryggvi Rúnar.

Eg hefi hér sagt það,sem ég best man í þessu sambandi,en þó gæti samhengið eitthvað hafa ruglast,en svona er þetta örugglega eins og ég nú man það."

Yfirheyrslu lauk kl.12,15.

Vottur:

Rúnar Sigurðsson,
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Albert Klahn Skaftason.

Ivar Hannesson
lögreglum.

49
Beyjavíkinn 25/10 1976

10/10 16

289

Eins og framm kemur í skýrslu Rúnars Sigurðssonar Löggreglumanns fórum við, 23. sept 1976 með Albert Khlan Skaftason í hraunin sunnan við Hafnarfjörð í leit að tveimur pokum sem hann kvaðst hafa flutt fyrir Sævar M. Sielski, Tryggva Rúnar Leifsson og Kristján Viðar Kristnánsson á bifr. föður síns (Toijoda) einhverntíma á árinu 1974. Miklegast í september.

Albert kvaðst nokkuð öruggur um að hann hafi ekið inn á svæði sem var sunnan vert við Keflavíkurveginn og stoppað nokkurn spöl utan hans þar á frekar sléttu ruddu svæði. Svæði þetta hafi ~~skráði~~ verið nokkuð ofar en Keflavíkurvegurinn því hann kvaðt muna greinilega að meðan hann hafi beöið í bifreiðinni hafi hann horgt frekar niður fyrir sig á ljós bifreiða sem leið áttu um veginn. Hann kvaðst einnig mynnast þess að þegar hann hafi ekið aftur út á veginn hafi hann ekið niður nokkurn halla.

Ekkert af svæðum þeim sem við könnuðum gat komið heim við þessa lýsingu nema svæði sunnan Keflavíkurvegarinnar í Kúagerði. Þar hefur hraunið verið rutt á mjög stóru svæði er efni var tekið í Keflavíkurveginn.

Er við fórum ~~xix~~ með Albert um umrætt svæði kvað hann það líkjast því sem hann fór með pokana inn á. Við ókuð fyrest upp eftir veginum sem liggur þarna í gegn og upp á Höskuldavelli. Er við komum um fjögur til fimmhundrup metr. suður eftir honum kvaðst hann telja að hann hafi beygt til hægri og stöðvast þar við einhverskonar hraunkant sem hann hafi ekki komist yfir. Sævar hafi þá viljað að hann æki upp á hann eftir jarðytusljós sem þar hafi verið. Sæmilega slétt hafi verið að aka þarna, en hraunhaugar á víð og dreif. Hann kvaðst hafa smíðið við og bakkað að hraunkantinum og beðið meðan Tryggvi og Sævar hafi varið út og tekið pokana og horfið með þá út í myrkrið, en kvaðst telja að Kristján hafi setið í bifreiðinni hjá sér. Parna sem hann hafi setið og beðið hafi hann horft á ljós bifreiðanna sem um Keflavíkurveginn óku. Albert kvaðst telja að Sævar og Tryggvi hafi ~~x~~ verið um kl.st. í burtu frá bifreiðinni og komið tömhentir til baka. Albert kvaðst ekki sjá umræddan hraunkant og virðast svæði þærna ekki vera eins og það sem hann beið á.

Undirritaður talaði við Sæmund Þórðarson Stóru-Vatnsleyusu. Hann er eigandi umrædds landssvæðis. Hann upplýsti að fyrir 1970 hafi mikið efni verið tekið þarna, en síðan ekki fyrr en alllöngu seinna að Vagagerð ríkisins og Loftorka h/f. hafi tekið þarna efni.

Undirritaður talaði síðan við Eyvind Jónasson verkstjóra hjá vegagerðinni (f: 30/12. 1930 t.h. Laugateig 17 s: 32370) Hann hefur séð um efnistöku á umræddu svæði. Við Rúnar Sigurðsson fórum með Eyvind 23/9. suður í

Kúagerði. Hann skýrði frá því að svæði það sem Albert sýndi okkur væri allmikið breytt síðan 1974. Mikið efni hefðum verið tekið parna eins og fyrr greinir í Keflavíkurveginn. Síðan hafi efnistaka legið parna niðri þar til vorið 1975 að vegagerðin hefði rutt saman efni á allstóru svæði og malað það. Svæðið hafi áður verið í hólum og köntum með ýtuslóðum á milli, en þettað var alt hreinsað upp og mulið og á staðnum er núna mjög stór efnishaugur.

Albert hafði orð á því að hann hafi ekið annan veg út af svæðinu en hann kom inn á það. Frá þeim stað sem hann taldi ~~xíklegast~~^{að} hann hafði stoppt er hægt að aka nokkurn vegin beint niður á Keflavíkurveginn og þá niður eftir nokkrum halla.

Miðvikudaginn 28. sept. 1974 fór undirritaður ásamt fleiri ranns.lögr. mönnum og leituðum umrætt svæði. Við leituðum nákvæmlega hraunkantinn upp með vesturjaðri efnistökusvæðisins og alveg upp að suðurjaðri þess. En þar fyrir sunnan og eins fyrir austan svæðið hafði leit veðrð framkvæmt áður. Ekki bar leitin neinn árangur.

Albert Khlan Skaftason kvaðst mynnast þess að er hann fór með umrædda poka hafi hann ekið um stund eftir frekar ósléttum malarvegi og þá haft Keflavíkurveginn sér á hægri hönd frekar skammt frá. Parna gæti verið um að ræða gamla Keflavíkurveginn sunnan við Krísuvíkurveg, en hann liggur þar á alllöngum kafla meðframm steypta veginum í eitt til tvö hundruð metr. fjarlægð.

Fimmtudaginn 29. sept. fór undirritaður ásamt fleiri ranns.lögr.mönnum og leituðum við allbreitt svæði sunnan umrædds malarvegar, en þar er í hrauninu mikið af hellum og sprungum. Svæðið sem við leituðum er frá Krísuvíkurvegi og suður að efnistekjusvæðinu sem er sunnan steypta-vegarins á móts við Álverið. Ekki bar leit þessi neinn árangur.

Föstudaginn ~~þ~~ 1. okt. 1976 fór undirritaður ásamt Rúnari Sigurðssyni og Haraldi Arnasyni ranns.löggreglum. með Sævar M. Cicelskjí hraunið sunnan við Hafnarfjörð, en hann hafði látið í ljós við yfirheyrlu daginn áður að hann vildi gera sitt besta til að vísa á hvar hann og félagar hans hefðu urðað lík Guðmundar Einarssonar. Við ókum víða um hrunið eftir vegrafleggjurum. Sævar kvaðst nokkuð öruggur um að þeir hefðu ekki farið suður fyrir Straumsvík, heldur snúið þar við í leit að hentugum stað. Við ókum veginn sem liggur ~~þ~~ suður í hraunið á móti Álverksmiðjunni, en hann endar í gryfjum þar sem rauðamöl hefur verið tekin. Parna við gryfjurnar taldi ^{Sævar} ~~þ~~ sig kannast við sig eftir næturferðalagi. Kvaðst hann halda að þeir hefðu ekið aðeins inn í gryfjurnar og snúið

þar við og út á slétt svæði rétt norðan við gryfjurnar. Þar hafi þeir allt farið út fjórir saman og tekið lík Guðmundar, sem vafioð hafi verið inn í lök og grátt plast, út úr bifreiðinni. Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar hafi tekið hvor í sinn enda laksins og borðið það það pannig á milli sín út í hraunið í áttina frá vinstri hlið bifreiðarinnar. Þarna hafi fyrst frá veginum verið tiltölulega greiðfært og hann og Albert Ehlan hafi gengið smáspöl á eftir þeim, en snúið síðan við og sest upp í bifreiðina og beðið í 15 til 20 mín. Þá hafi þeir Kristján og Tryggvi komið aftur til baka tómhentir. Þeir hafi komið utan úr hrauninu á ská í áttina á vinstra frammmhorn bifreiðarinnar. Sævar kvaðst telja útilokað að þeir hafi farið nema stutt frá bifreiðinni þar sem hraunið væri illfært í myrkri, en svartamyrkur hafi verið í umrætt skipti og þeir ekki með lukt eða vasaljós. Engin verkfæri hafi þeir verið með til að losa með grjót eða grafa líkið.

Sævar kvaðst mynnast þess sé frastaklega að frá þeim stað sem bifreiðin stóð hafi hann séð greinilega turna Álversins í Straumsvík. En frá stað þeim sem hann benti okkur þarna á blasa turnarnir við manni.

Við leituðum vandlega hraunið í næsta nágrenni við stað þann sem Sævar benti okkur á, en þar eru mikið sprungnar hraunborgir. Ekki bar sú leit árangur en Sævar var af og til að hafa orð á því að líkið hefði sennilega verið lagt þarna í sprungu til bráðabyrgða, en síðan flutt á betri stað síðar. Ekki fékkst hann til að tjá sig um það frekar og kvaðst ekki hafa tekið þátt í þeim fluthingi.

Mánudaginn 4. okt. 1976 fór undirritaður ásamt Rúnari Skúgurðssyni lögr. manni í hraunið sunnan við Hafnarfjörð, en hann kvaðst vilja reyna að benda á stað þann sem hann hefði ekið líki Guðmundar Einarssonar á í jan. 1974. Eftir að hafa ekið eftir ýmsum vegarafleggjurum, bendi hann á einn sem hann kvaðst telja líklegastan. Það var vegurinn suður í hraunið beint suður af Álverinu. Jäfnföamt taldi hann veginn að Sædýrasafninu líklegan, en við nánari athugun virtist hann ekki koma til greina. Albert kvaðst kannast við landslagið á veginum suður af Álverinu. Hann hafi umrædda nótt að hann teldi snúið við á veginum rétt er hann var að koma á rauðamalargryfjum sem vegurinn endar í. Þar hafi hann stoppað og félagar hans tekið Guðmund út úr bifreiðinni hægra megin. Gengið aftur fyrir hana og þeir þrír saman Sævar, Tryggvi og Kristján horfið með byrði sína út í hraunið þvert út frá vinstri hlið bifreiðarinnar. Hann hafi séð nokkuð lengi til þeirrar þar sem umbúðirnar utan um líkið hafi verið ljósleitar. Þeir hafi síðan komið úr sömu átt að bifreiðinni eftir 15 til 20. mín. Ekið hafi verið eins og bifr. snéri beint á Keflavíkurveginn.

Mánudaginn 4. okt. 1976 fóru Haraldur Arnason og Rúnar Sigurðsson lögr.menn með Kristján Viðar Viðarsson á umræddan veg í Hrauninu á mæti Álverinu. Kristján kvað þennan stað mjög líkan þeim er þeir hefðu farið á með lík Guðmundar Einarssonar. Þáginn eftir er Har. Arnason talaði við Kristján kvaðst hann vera viss um að þetta væri staðurinn. Þeir hafi snúið bifreiðinni við þarna á veginum og tekið líkið út hægra megin, gengið með það aftur fyrir bílinn og út frá vinstri hlið hans út í hraunið.

Priðjudaginn 5. okt. 1976 fór undirr. ásamt Rúnari Sigurðssyni lögr.m. með Sævar Marínó Cicelski í kirkjufarðinn í Fossvogi, en hann hafði kvöldið áður viðurkennt við yfirheyrslu hjá Rúnari að lík Guðmundar hefði verið flutt þangað í ágðust 1974. Sævar vísaði okkur á stað nálægt miðju garðsins þar sem hann taldi Guðmund grafin. Taldi hann að þeir hefðu grafið hann á milli leiða í frekar grunnri gryfju og síðan þjappað moldinni yfir og sléttuð úr henni með fótunum. Við höfðum samband við yfirverktjóra kirkjugarðanna Martein Gíslason sem athugaði að ekki hafði neitt verið hróflað við leiði þessu eða svæðinu í kringum það.

Við yfirheyrslu hjá Grétari Sæmundssyni þriðjudaginn 5. okt. sagðist Albert Klahn Skaftason hafa sunnaríð 1974 farið ásamt félægum sínum á Toyoda bifreið föðurs síns sem einhvern flutning suður á Alftanes og grafið hann þar í sandi. Hann lýsti leiðinni þanngið að hann hefði í fyrstu ekið suður malbikaðaveginn suður nesið og síðan beygt út af honum til vinstri og ekið á milli tveggjæ húsa ekki langt frá kirkju og þar niður í fjöru. Þar hafi hann beygt til vinstri og stoppað á sandi rétt ofan við fjöruborðið við bárujárnnskúr. Félagar hans hafi farið þar út og grafið gryfju við hægri hlið bifreiðarinnar og sett eitthvað í og mokað yfir. Undirritaður var ásamt Erni Höskuldssyni og Grétari Sæmundssyni fórum með Albert til að athuga þetta. Hann fór með okkur á greindan stað sem kom heim við lýsingu hans. Þarna er um svæði nálægt 20 metr. langt og um 15 metr. breitt. Bárujárnnskúr er á austurjaðri svæðisins. Daginn eftir fórum við Grétar á umgreindar stað og leituðum í sandinum með því að grafa í hann hér og þar holur í hann, en án árangurs, enda mun verða að nota þarna vélgröfu ef leit að að koma að fullum notum.

Miðvikudaginn 6. okt. 1976. yfirheyrðum við Rúnar Sigurðsson lögr.m. Sævar Marínó frekar um þetta mál. Hann kvað það ekki fara á milli mála að Guðmundur hefði verið grafin þar sem hann vísói á eða þá mjög nálægt þeim stað og hafði til viðmiðunar stóra steinkrossa sem eru í röðu á leiðum franskra sjómannna. Hann létt þess jafnframt getið að

hann væri viss um að hnífur Kristjáns Viðars (byssustingurinn) hefði verið látin í plastpokann hjá líki Guðmundar áður en þeir grófu hann þarna.

Miðvikudaginn 6. okt. fór undirr. ásamt Rúnari Sigurðssyni með Albert Klahn Skaftason suður í Fossvog þar sem hann benti okkur strax á efta hliðið á austurhlið kirkjugarðsins, en það var sama hliðið og Sævar sagði þá hafa stoppað við. Þar sýndi hann okkur hvernig hann hefði lagt bifreiðinni á ská við hliðið með afturendann að því en frammendann í áttina til suð-austurs. Þetta kom heim við lýsingu Sævars á því hvernig bifreiðinni var lagt. Ekki var hægt að sjá neitt að ráði frá bifreiðinni inn í garðinn vegna gróðurs og bentum við Albert á það. Pá staðist hann hafa farið inn fyrir hliðið og bannig séð til félaga sinna inn í garðinum, en nokkru síðar viðurkenndi hann að hafa farið með þeim inn í garðinn og hjálpað til við gröftinn. Ekki sagðist hann geta sagt til um hvor það var, þó við værum lengi með hann barna í garðinum.

Fimmtudaginn 7. okt. var fenginn maður með málmlitartæki til að reyna að finna lík Guðmundar í kirkjugarðinum. En eins og fram er komið var hnífur Kristjáns grafin með því. Ekki reyndist unt að nota þessa aðferð þar sem steypustyrktarjárn er í steinveggjunum umhverfis leiðin og það truflaði.

Föstudaginn 8. okt. fór undirr. ~~ásamt~~ Ivari Hannessyni ranns. lögrm.. aftur með Albert Klahn í Fossvogskirkjugarð þar sem hann teldi sig nú geta frekar munað eftir ferðinni í garðinn sumarið 1974. Hann kvaðst nú telja sig muna greinilega að hann hefði farið með þeim Kristjáni og Sævari inn í garðinn og strax innan við hliðið hafi þeir beygt til vinstri og gengið þar smá spöl niður eftir götu en skíðan beygt inn í þrónga götu til hægri. Þeir hafi ekki gengið langt, en neðanvert við götuna hafi þeir grafið gryfju niður í mold niður með steinkanti eða vegg sem verið hafi þeim til hægri handar í röð grafanna. Hann kvaðst telja nokkuð öruggt að þar sem þeir grófu hafi ekki verið steinkantur framm við götuna. Hann kvaðst muna eftir stenvegg þarna rétt hjá sem hann hafi setið á og verið að reykja. Einnig kvaðst hann muna að þarna skammt frá hafi verið leiði með keðju í kring um. Hann muni að hann hafi sett fótinn upp að keðjuna og ruggað honum til. Jafnframt kvaðst hann telja nokkuð öruggt að hann hafi komið aftur að útgötnguhliðinu neðan frá.

Sunnudaginn 10. okt. fórum við Ivar Hannesson í kirkjugarðinn og at-hugðum þar aðstæður og skrifuðum upp númer þeirra staða sem helst komu ~~með~~

heim við lýsingar Alberts. Við afhentum yfirverkstjóra garðsins Marteini Gíslasyni upplýsingar þessar og hann ætlaði að athuga þær frekar.

Síðegis sama dag fórum við aftur með Albert í garðinn. Þá rammaði hann af áhveðið svæði þar sem hann kvaðst telja öruggt að þeir hefðu ekki farið út fyrir með byrði sína. En hann kvaðst telja að hann hefði hjálpað til að bera inn í garðinn, en ekki mundi hann til að þeir hefðu burft að hvíla sig á leiðinni. Síðan fórum við með Albert í hraunið sunnan við Álverið þar sem hann var áður búin að benda á líklegan stað sem felustað líksins. Þar gekk hann nokkuð hæklaust frá þeim stað sem við höfðum stoppað bifreiðina áður og þvert út í hraunið um 50 metr vegalengd og þar á bak við háa klettaborg taldi ~~um~~ hann að líkið hefði legið þegar það var sótt. Þar í djúpri dæld eða sprungu. Hann kvaðst halda að eitthvað af mosa hefði verið ofan á því. Ekki kvaðst hann telja að plastpokar hefðu verið settir utan um það parna á staðnum heldur hefði því verið velt inn í plastdúk. Hann kvaðst nú eftir að hafa farið að rifja þetta upp fyrir sér vera alveg viss um að þeir hafi farið í Fossvogsgarðinn, en áður hafi þetta algjörlega verið þurkað úr minni sínu.

Jónas Bjarnason

Jónas Bjarnason

Níki man að þega málum var ofan í gryfjins og tel því að þeir hafi þi verið knælum í líffréðina utan við hlíðin, en ekki eru með að óg hefji sitt yfir Kristján og Sóley fí seinn um sírlingina. Níki man

Mánudaginn 11. okt. 1976 kl. 16,30 er mættur á skrifstofu rannsóknarlöggreglunnar Albert Klahn Skaftason nemt t.h. Laugavegi 46 a Reykjav. f: 16/2. 1955.

Mætti hefur verið að reyna að rifja frekar upp fyrir sér mál það sem rætt var við hann s.l. miðvikudag um flutning á líki "uðm. Einarssonar úr hrauninu og í Fossvogskirkjugarð.

Mætti skýrir svo frá áminntur um sannsögli: "Eg hefi ekki enn getað komist að fullnaðarniður stöðu um hvort ég lagði af stað í umrædda gerð frá Hamarsbraut 11 eða frá heimili ~~x~~ Kristjáns Viðars. Eftir því sem ég hugsa meira um þetta er ég nokkurn vegin allveg við um að Tryggvi Rúnar var ekki með í ferðinni. Eg var örugglega á Toyoda bifreið föður míns. Það var örugglega dagsbirta þegar við fórum þarna suður eftir.

Eg man óljóst eftir að ég færi með strákunum frá bílnum og út í hraunið, en man að ég sá Guðmund í frekar ájúpri gjótu eða laut ~~x~~. Eg held að ég muni það rétt að mosi eða eitthvað því um líkt hafi verið ofan á honum. Eg tel að þeir hafi ~~x~~ frekar velt honum upp í plast eða einhvern svartan dúk, en ekki sett hann í poka. Þegar við vorum komnir í Fossvogsgarðinn sá ég að snæri eða band var vafiað utan um hann á einum þremur stöðum, en ekki man ég hvernig það var til komið.

Eg man að við Kristján bárum pokann inn í kirkjugaðrinn, en Sævar mun hafa hældið á skóflum. Eg tel að strax og við komum inn fyrir hliðið hafi við beygt til vinstri niður eftir, síðan fljótlega til hægri og þar inn í þrónga götu. Eg tel að við höfum ekki gengið langt og ekki man ég til að við hvíldum okkur á leiðinni. Eg tel að ég hafi ekki mokað parna, en man að Sævar og Kristján grófu aflanga gryfju niður með austurhlið steinveggs eða kants, Eg sat þá á steinvegg rétt fyrir vestan þá, að ég tel, en man ekki hvort gata eða stígur var á milli okkar. Eg tel mig vissan um að þeir hafi grafið fyrir neðan stiginn og ekki hafi verið steinkantur milli stígsins og gryfjunnar. Einnig man ég eftir að parna rétt hjá var leiði með slakri keðju í kringum.

Ekki man ég þegar mokað var ofan í gryfjuna og tel því að ég hafi ~~pá~~ verið komin upp í bifreiðina utan við hliðið, enda finnst mér að ég hafi séð þá Kristján og Sævar í gegn um girðinguna, en það ~~x~~

gæti verið þegar þeir voru að koma að bifreiðinni á eftir. Eg man ekki eftir þegar verkfærin voru sátt í bílinn, en tel að þarna hafi verið um tvær skóflur að ræða og önnur hafi verið brotna skóflan sem var altaf í bílnum, og ég hefi nú afhent löggreglunni. Holan sem þeir grófu þarna var ekki djúp, en er ekki viss um að hún hafi verið komin í fulla dýpt er ég fór þarna frá.

Ég tel alveg öruggt að þetta sé fyrir neðan hliðið því ég man greinilega að ég gekk fyrst, er ég var á leiðinni í bílinn, í áttina að girðingunni og síðan upp með henni og út um hliðið. Og eins tel ég að þetta sé ekki langt inn í garðinum!

Vottur:
Rúnar Sigurðss.
Rúnar Sigurðsson.

Upplesið staðfest.

Albert K Skaftason
Albert Klahn Skaftason.

Jonas Bjarnason
Jonas Bjarnason.
ranns.lögr.m.

Málfarið er óvinnandi. Þó er þó óvinn um veru óvinnandi. Þó er ekki man ég eftir að hafa grattíð sjálftu. Þó er ekki fullgrða um það atriði. Þannig man ér óvinnandi. Þó er ekki við leifar og vilði sé Guðmundur, eða það var grattíð var, yrði teknið upp aftur. Þar sem ég taldi miðaði að leiði væri fyrir þar sem við gróðum. Móðurguðmundi ófær ekki í kirkjugarðinni, eða það sem ér eftir fór, sem ér ekki, en vorast til að minni mitt engjist og að ég miði asturhins á smáutriðum og sáshengri.

Sigð-litluð lauk kl. 19:25

Upplausn, staðfest.

Kárlaug Ólafsdóttir

Erla Þóra Viðarsdóttir

Paraldur Árnasson
ranns.lögr.m.

297

FH 57

25/10/1976

Rannsóknarnefndin Reykjavík.



Rvk. 14. okt. 1976.

Kl.17:30, er mættur til skýrslutöku í fangelsinu við Síðumúla, Kristján Viðar Viðarsson, núverandi gæzlufangi. Mætta er kunnugt um tilefni skýrslutökunnar og gætt er ákvæða l. mgr. 40 gr. laga, um meðferð opinberra laga og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Eg minnist þess, að í ágúst 1974 fór ég ásamt Sævari Ciesielski og Alberti Klahn Skaftasyni í Fossvogskirkjugarð til að grafa þar eitthvað niður. Ég man, að þetta var síðari hluta dags, á tímabilinu kl. 18:00-19:00, að mig minnir. Þegar ég hugsa málið, held ég að við höfum værið að grafa Guðmund Einarsson, en ég get þó ekki munað eftir að hafa sótt hann út í Hafnarfjarðarhraun, þangað sem hann fyrst var fluttur. Ég er þó viss um veru okkar í kirkjugarðinum, en ekki man ég eftir að hafa grafið sjálfur, en vil þó ekki fullyrða um það atriði. Einnig man ég fyrir víst, að ég reifst við Sævar og vildi að Guðmundur, eða það sem grafið var, yrði tekið upp aftur, þar sem ég taldi hugsanlegt að leiði væri fyrir þar sem við grófum. Aðdragandann að ferð okka í kirkjugarðinn, eða það sem á eftir fór, man ég ekki, en vonast til að minni mitt skýrist og að ég muni atburðina í smáatriðum og samhengi.


Skýrslutöku lauk kl.19:25.

Upplesið, staðfest,

Kristján Viðar Viðarsson

Kristján Viðar Viðarsson.

Vottor:



Haraldur Árnason
Rannsóknarlögr.m.

~~OK~~

Karl Schütz
Fyrvv. deildarforseti

Reykjavík, 15.10.76.

1) A t h u g a s e m d

Varðandi: Rannsókn á ummerkjum um saumaskap á frakka
Kristjáns Viðars Viðarssonar.

Vefnaðarrannsóknardeild Bundeskriminalamt (Glæpamálastofnunar) Wiesbaden hafði verið tilkynnt að Kristján Viðar Viðarsson hafi haldið því fram að hann hafi verið í frakkanum, sem lagður var fram til rannsóknar, er hann lenti í átökum við Guðmund. Um leið og Guðmundur hafi fallið hafi hann rifið einn hnapp frakkans af og haldið honum í krepptum hnefa. Þegar líkið var flutt hafi Kristján V.V. reynt að ná hnappnum úr hendi Guðmundar, sem þá var láttinn. Það hefði honum ekki tekist. Síðar hafi Tryggvi Rúnar tekið hnappinn úr hnefa hans og fengið hann Kristjáni. Sá síðarnefndi þykist sjálfur hafa saumað hann við síðar.

KT (tæknideildin) var beðin að komast að því hvortummerki (tvinni, saumur o.sv.frv.) fyrduð sem styddu þennan framburð eða bæru á móti honum.

Árangur rannsóknarinnar: (Skv. tilk. Dr. Wittig, vis. forstj.)

Hnappar frakkans - að einum undanskildum - voru saumaðir á í verksmiðju. Einn þeirra sker sig úr fyrir það að hann er saumaður á seinna af leikmanni - án þess að notuð væru áhöld og saumagarn frá verksmiðjunni. 4. hnappurinn að ofan á vinstra framstykki frakkans sýnir tvenns konar saumaskap sem gerður hefur verið sitt í hvoru lagi. Hann hefur losnað. Öðru megin er sama tvinnategund og saumaskapur (verksmiðjunnar). Bæði hnappagötin hinum megin hafa verið saumuð föst með svörtum tvinna eftir á. Endi tvinnans er festur í efnið eins og leikmenn eru vanir að gera. Rannsóknin bendir eindregið til þess að þessi hnappur hafi aldrei slitnað alveg af.

Sennilegt er að hann hafi losnað og verið festur aftur með svörtum tvinna, en slikt er ekki hægt að sanna með rannsókn (glæpatæknifræðilegri).

2)

Hr. rannsóknardómari Höskuldsson
til vinsamlegrar athugunar

Schütz Deildarf.fyrrv. (sign.)

Fyrirvara um ófálagt

Eftir að degi var af stáði móttölt hef frá Þórður Þorlákssyni, sem ófálagt hafði tiltekið af frelsi sínum og var með fólkum, og tólfumum, en ekki vildi ekki teknast sem með höfuði, en ófálagt. Þá vor ég að ófála við Þórðum. Minning um ófálagt liggur, nái eiga með lagi með ófálagt hefðum ófálagt.

Fyrirvara um ófálagt

Ígjá um ófálagt þess, að Trúgví kóuar læst í tólfum ófálagt hefðum ófálagt. Þá vor ég ófálagt minnig.

Fyrirvara um ófálagt

Útdráttur úr athugasemd sem Haraldur Arnason gerði um viðtal sem hann átti við Kristján Viðar Viðarsson í fangelsinu.

Dags. 19.9.1976

PP.....

Guðmundur stökk á eftir mér og náði taki á tölu í frakka, sem ég var í, en um leið fíll hann á gólfíð. Við það slitnaði talan af frakkanum og hélt Guðmundur henni í krepptum hnefnum.

PP.....

Eftir að lagt var af stað, minntist ég frakkatölunnar sem Guðmundur hafði slitið af frakka mínum og var með í krepptum henfanum, en mér hafði ekki tekist að losa tak Guðmundar á tölunni. Hafði ég orð á þessu við Tryggva Rúnar og ætlaði hann að sjá hvað hægt væri að gera eftir að við hefðum stöðvað.

PP.....

Ég minnist þess, að Tryggvi Rúnar losaði töluna úr hendi Guðmundar þarna í hrauninu og rétti mér hana.

PP.....

Der auf der linken Mantelseite befindliche rote Knopf war eben weitaus viel unabhängig voneinander entstanden. Ich glaube sehr, er ist geluckert. An einer Kontaktstelle ist es nicht so leicht, eine Garnet und die Bestickung gleichzeitig zu verbinden. Die gegenüberliegenden Seiten knüpft man mit schwerem Nähgarn rechtsgleich festgenäht an. Aber, das bedeute ich leisehaft in einer weinen. Der rote Knopf

Karl Schütz

Reykjavik, den 15.10.76

APr. a.D.

361

1) V e r m e r k :

Betr.: Untersuchung des Mantels von Kristjan Vidar Vidarsson auf Nähspuren.

Der Untersuchungsstelle für Textilfasern des Bundeskriminalamtes Wiesbaden war mitgeteilt worden, dass Kristjan Vidar Vidarsson behauptet hat, er habe den zur Untersuchung vorliegenden Mantel bei der tatsächlichen Auseinandersetzung mit Gudmundur getragen. Gudmundur habe im Hinfallen einen Knopf des Mantels abgerissen und in seiner geballten Faust festgehalten. Während des Transports der Leiche habe Kristjan V.-V. versucht, den Knopf aus der Hand des - inzwischen verstorbenen - Gudmundur zu entfernen. Das sei nicht gelungen. Später habe Tryggvið Runar den Knopf aus der Faust entnommen und an Kristjan übergeben. Dieser will ihn schliesslich eigenhändig wieder angenäht haben.

KT wurde gebeten festzustellen, ob entsprechende Spuren (Nähgarn, Nähart etc.) festzustellen sind, die diese Aussage Unterstützen oder widerlegen.

Ergebnis der Untersuchung: (gem. Mitteilung wiss. Dir. Dr. Wittig)

Die Knöpfe des Mantels sind - bis auf einen einzigen - fabrikmaßig angenäht. Bei ihnen scheidet eine nachträgliche laienhafte Befestigung - ohne Inanspruchnahme der entsprechenden Fabrikationsgeräte und den Nähmitteln - aus.

Der auf der linken Mantelseite befindliche 4. Knopf von oben weist zwei unabhängig voneinander entstandene Nähvorgänge auf. Er ist gelockert. An einer Knopfseite ist noch die gleiche Garnart und die Befestigungsart (fabrikmaßig) festzustellen. Die gegenüberliegenden beiden Knopflöcher sind mit schwarzem Nähgarn nachträglich festgenäht worden.

Das Fadehende ist laienhaft im Stoff vernäht. Der Befund

weist weist

weist deutlich darauf hin, dass dieser Knopf zu keiner Zeit völlig abgelöst gewesen ist.

Es ist vielmehr anzunehmen, dass er sich - auf kriminaltechnisch nicht feststellbare Art und Weise - gelockert hatte und später mit schwarzem Nähgarn wieder angenäht worden war.

2) Herrn Krim.-Richter Höskuldsson zur geflg. Kenntnis.

Gudmundur ist nachher gekommen und es ist ihm gelungen, den Griff nach einem Knopf meines Mantels zu ziehen. Das ist der
größte Lohn, G. ließ gleichzeitig mit dem Abziehen des Knopfes
von mir abgerissen und u. hieß mich ^{zu} ~~zu~~ ⁱⁿ die Zelle zu kommen.

(Schütz) APr. a.D.

PP. *****

Heute wir abgefahren sind, erinnerte ich mich an den Knopf an
meinem Mantel, den Gudmundur abgerissen haben und die Hand
seiner geblitzen Faust. Aber mir ist es nicht gelungen, den
Griff des Gudmundur an den Knopf herau zu lösen. Ich versuch
darauf mit Tryggvi Rúner und der wollte sehen, was wir
tun können, nachdem wir Falt geschütt hatten. *****

PP. *****

Ist erinnerte mich daran, dass Tryggvi Rúner den Knopf an der
Fahrt des Gudmundur gelöst hat, aber in der Date und keine
Hilfe gegeben.

PP. *****

Auszug aus Vermerk des Haraldur Arnasson über ein
inf. Gespräch mit Kristjan Vidar Vidarsson in der
Haftanstalt.

Datum: 19.9.1976

pp.

Gulmundur ist nach mir gelaufen und es ist ihm gelungen, einen Griff nach einem Knopf meines Mantels zu machen. Den Mantel hatte ich ^{an} G. fiel gleichzeitig zu Boden. Dadurch ist der Knopf vom Mantel abgerissen und G. hielt ihn in seiner geballten Faust.....

pp.....

Nachdem wir abgefahren sind, erinnerte ich mich an den Knopf meines Mantels, den Gulmundur abgerissen hatte und hatte ⁱⁿ seiner geballten Faust. Aber mir ist es nicht gelungen, den Griff des Gulmundur um den Knopf herum zu lösen. Ich sprach darüber mit Tryggvi Runar und der wollte sehen, was man tun könnte, nachdem wir Halt gemacht hätten.,.....

pp.....

Ich erinnerte mich daran, dass Tryggvi Runar den Knopf von der Hand des Gulmundur gelöst hatte, dort in der Lava, und hatte ihn mir gegeben.

pp.....

Nr. 3 Lagt fram í raskudóm
Reykjavíkur 20/10/1976

Karl Schütz
Fyrrv.deildarfors.

Reykjavík, 16.10.76.

[Signature]

1) A t h u g a s e m d :

- a) Í dag var Kristján Viðar Viðarsson spurður um framburð sinn frá 19.9.1976.
Þrátt fyrir að hann væri stöðugt minntur á ósamræmi milli framburðarins og rannsóknar tæknideildarinnar hélt Kristján fast við það að í átökunum við Guðmund hafi hnappurinn ekki aðeins losnað heldur alveg slitnað af. Tryggvi Rúnar hefði síðar tekið hann úr hendi Guðmundar.
Þegar K. var spurður að því, hvort hnappur hafi getað dottið af einhverri annarri flik en frakkanum, viðurkenndi hann að frakki hefði verið opinn á meðan á átökunum stóð. Hugsanlegt væri að hnappurinn hefði dottið af jakka hans. Hér er líklega um svartan leðurjakka að ræða.
- b) Haraldur skýrði frá því eftir viðtalið, að umræddur leðurjakki væri í vörslu rannsóknarlöggreglunnar.
Í ljós kom þegar jakkinn var skoðaður að enginn vafi leikur á því að í hann vantar einn hnapp sem upprunalega hefur verið á honum (sem sjá má af hnappagati vinstra megin og 4 saumasporum hægra megin).
- c) Skýrsla var tekin af Kristjáni V.V. varðandi ofangreind atriði. Hún er í vörslu Haraldar Árnasonar.
- 2) Hr. rannsóknardómari Höskuldsson til vinsamlegrar athugunar.

Schütz (sign.)
fyrrv.deildarfors.

Karl Schütz
APr a.D.

Reykjavik, den 16.10.76

1) Vermerk:

a) Zu seinen Aussagen vom 19.9.1976 wurde Kristjan Vidar Vidarsson heute in Gegenwart von Haraldur Arnasson befragt.

Trotz massiver Vorhalte über den Widerspruch zwischen seiner Aussage und dem kt. Untersuchungsergebnis blieb Kristjan hartnäckig dabei, dass bei der Auseinandersetzung mit Gudmundur nicht nur ein Knopf gelöst, sondern echt abgerissen worden sei. Dieser sei später aus der Hand des Gudmundur von Tryggvi Runar herausgenommen worden.

Als K gefragt wurde, ob ein Knopf denn evtl. von einem anderen Kleidungsstück als dem Mantel losgerissen worden sein könnte, räumte er ein, dass bei der Schlägerei sein Mantel geöffnet gewesen sei. Möglicherweise sei der Knopf von seiner Jacke abgerissen worden. Dabei habe es sich wahrscheinlich um seine Lederjacke gehandelt.

b) Wie Haraldur Arnasson nach der Befragung erklärte, ist die in Betracht kommende Lederjacke bei der Untersuchungspolizei asserviert. Eine Besichtigung hat einwandfrei ergeben, dass der Knopf, der ursprünglich an dieser Jacke gewesen sein muss (nach vorhandenem Knopfloch links und 4 Nähstichspuren rechts) fehlt.

c) Kristjan V.V. ist zu den vorstehenden Angaben protokollarisch vernommen worden. Das Protokoll befindet sich bei Haraldur Arnasson.

2) Herrn Krim.-Richter Höskuldsson m.d. B. um Beifügung zu den Akten Gudmundur

(Schütz) APr. a.D.

306

Nr. 54 Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur 22/10/1976

Miðvikudaginn 20. okt. 1976 kl. 13,00 talaði undirritaður við Martein Gíslason yfirverkstjóra hjá kirkjugörðum Reykjavíkur vegna framburðar sakborninga í máli Guðmundar Einarsonar að þeir hefðu farið með lík hans í kirkjugarðinn í Fossvogi í ágúst 1974 og grafið það þar.

Þess var farið á leiti við Martein, eftir fyrirmælum Arnar Höskuldssonar fulltr. að hann léti starfsmenn garðsins athuga hvort þeir fynndu ummerki sem bentu til að líkið, hefði verið grafið þar.

Marteinn kvaðst mundi láta starfsmenn sína athuga þetta og honum var gefið upp svæði það í garðinum sem sakborningarnir höfðu bent á og gefnar þær upplýsingar sem þeir höfðu gefið hvernig þeir hefðu gengið frá líkinu.

Jóhás Bjarnason
Ranns.leggr.m.

307

Nr. 55 Lægt fram í sakadómi
Reykjavíkur 25.10.1976
S. E.

Samkvæmt beiðni Sakadóms Reykjavíkur, hef ég undirritaður framkvæmt geðrannsókn á Sævari Marinó Ciesielski, f. 6.7.1955, til heimilis að Grýtubakka 10, Reykjavík, vegna meintrar hlutdeildar hans í hvarfi Guðmundar Einarssonar og Geirfinns Einarssonar. Geðrannsóknin fór fram á tímabilinu 31. maí til 3. september 1976.

Sævar er fæddur í Reykjavík og að mestu alinn þar upp hjá foreldrum sínum. Móðir hans er Sigurbjörg Guðjónsdóttir, f. 28.5.1930 og er hún að sögn Sævars hreinskilin, heiðarleg og vinnusöm kona. Hún hefur verið nokkuð hrjáð af sykursýki sl. 5 ár, en annars verið heilsugóð. Sigurbjörg býr nú að Grýtubakka 10 í sambúð við Jósep Matthiasson, f. 19.2. '39. Sævar kveðst hafa átt í smáerjum við móður sína fyrrum, en yfirleitt mun samkomulag þeirra hafa verið gott, að hans sögn.

Faðir Sævars hét Michael Francis Ciesielski, f. 1922, amerikani af pólsku foreldri. Hann mun upprunalega hafa verið menntaður í viðskiptafræðum, en fékk ekki starf við sitt hæfi og gerðist þá veðurfræðingur. Vann hann á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli sem slikur, er hann kynntist Sigurbjörgu og giftust þau 1951. Bjuggu þau hjón í Ameríku til ársins 1955, en fluttu þá aftur til Íslands. Í fyrstu vann Michael á vegum hersins, en síðar sem verzlunarmaður um tíma og loks slitrótt ýmis verkamannastörf. Að mati Sævars átti faðir hans erfitt uppdráttar hér á landi, náði ekki tökum á tungunni og fékk ekki störf við sitt hæfi. Þá var hann all drykkfelldur og að sögn Sigurbjargar versnaði þetta mjög seinustu 6 ár sambúðar þeirra. Undir áhrifum víns var hann mjög afbrýðissamur og hrottafenginn, átti það jafnvel til að berja konu sína og syni með leðurbelti.

Ódrukkinn var hann að jafnaði hjálpsamur og nærgætinn að sögn Sigurbjargar og báðir synir hans minnast hans með nokkurri hlýju.

Þau hjón skildu árið 1967 og flutti Michael þá til Ameríku þar sem hann lézt í bifreiðaslysi 2 árum síðar. Börn þeirra hjóna eru John Óli, f. 30.6.1952. Hann hefur lokið prófi frá búnaðarskóla, en flosnaði síðar upp úr námi í M.H. Atvinnuferill hans er slitróttur, hann hefur þjáðst af skjaldkirttilssjúkdómi og verið til meðferðar á Kleppsspítala vegna taugaveiklunar og persónuleika-afbrigðis. Sævar er næstelztur. Þá er Anna Björg, f. 21.8.1957 prúð og heilsteyppt persóna. Hún dvelst nú í Englandi sem au pair stúlka. Yngst alsystkinanna er Edna María, f. 18.7.1958, hún mun eiga við skapgerðar-galla að striða, fór sínu fram, tolldi illa í skóla og var af þessum sökum komið fyrir hjá vandalausum á Akureyri 14 ára gamalli.

Hálfbróðir þeirra systkina er Jósep Matthías Jósepsson, f. 21.6. 1969, sonur sambýlismanns Sigurbjargar.

Í hjónabandi Sigurbjargar og Michaels mun fjölskyldan oft hafa búið við efnalega bág kjör sökum óreglu föðurins og strjállar vinnu. Af þessum sökum varð Sigurbjörg að vinna utan heimilisins frá því er Sævar var 6 ára, voru þá telpurnar í gæzlu á róluvelli, "en drengirnir lentu á götunni".

Fjölskyldan bjó jafnan í leiguhúsnæði, misjöfnu að gæðum.

Að sögn móður Sævars var hann fæddur fullburða og eðlilegt barn a.ö.l. en því, að annað eista hans seig ekki og var gert að því er hann var 6 ára. Um svipað leyti voru kokeitlar fjarlægðir. Hann var ávallt smávaxinn og rólegt barn; talinn fremur lítill í sér. Um þroskamörk er sagt, að hann hafi verið fremur seinn til tals, nokkuð

klaufalegur að handleika hluti og snéri þeim oft öfugt, fór til dæmis í öfug stígvélu fram til 8 ára aldurs. Þá var hann ekki hreinn til baksins fyrr en 4 ára og varð ekki læs fyrr en 8 ára.

Sævar hóf skólagöngu í Miðbæjarskóla, fluttist ári seinna í Landakotsskóla, en réð ekki við námsefnið og var látinna hætta og færður í Austurbæjarskólann á miðjum vetri. Þar var hann í fyrstu lagður í einelti af bekkjar-bræðrum og hélt sig meira í félagsskap telpna. Arið eftir (í 9 ára bekk) fór að bera allmikið á fjarvistum frá skóla og komst móðir hans þá að því, að hann var í slagtagi við jafnaldra er héldu verndarhendi yfir honum og stunduðu þeir saman útivistir, reykingar, slæping á leigubílum og jafnvel búðapjófnadí. Þá munu þeir einnig hafa lyktað af þynni. Í þessum félagsskap munu hafa verið Kristján Viðar Viðarsson og Albert Skaftason er grunaðir eru um aðild að afbrotum þeim er gaf tilefni til þessarar rannsóknar. Arið eftir mun hann hafa haldið uppteknum hætti og móðir hans ráðið litt við hann. Ellefu ára var honum af þessum sökum komið í skóla að Jaðri á vegum Félagsmálastofnunarinnar skv. beiðni móður hans og veturinn næstan á eftir hafði hann veturnetur hjá móður-foreldrum sínum að Stóra-Hofi í Rangárvallasýslu. Prettán ára sækir hann aftur Austurbæjarskólann, en það haust var hann erfiður móður sinni og var fjarvistum úr skóla. Af þessum sökum fór hann með móður sinni í viðtal hjá Þórði Möller geðlækni, er taldi hann hafa við aðlögunar-vandkvæði að striða (maladaptatio odelescence) og mögulega vera geðvilltan (psychopat). Næsta skólaár dvaldi hann í heimavistarskóla í Breiðuvík á vegum Félagsmálastofnunarinnar, lauk þaðan fullnaðarprófi og vann fjóssstörf við góðan oröstir að sögn móður hans. Arið eftir hóf hann nám að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp, en var vikið úr skóla um jól vegna agabrots. Eftir þetta "flæktist hann um í Reykjavík til vors" (uppl. móður) en hélt þá austur að Stóra-Hofi, þar sem hann var yfir sumartímann.

Fyrsta árið eftir að skólagöngu lauk vann hann stopult, en nær ekkert eftir það.

Samkvæmt upplýsingum móður hans flutti hann að heiman 1971 og kvaðst búa með kunningjum sínum á Brekku-stíg. Eftir flutninginn sá hún hann lítið og helzt um helgar næstu 2 árin.

Sævar segir sjálfur, að árið 1972 hafi orðið mikil breyting á lífi sínu, hann eignaðist nýjan kunningjahóp og var það fólk honum eldra og fremra að menntun. Þá tók hann einnig til við að fást við kvíkmyndagerð, en þó ekki þannig, að hann hefði framfæri af því. Í þessum nýja félagsskap kynntist hann frekar fíkniefnum án þess hann notaði þau sjálfur. Fór svo, að hann hóf að kaupa og flytja inn fíkniefni, hass og LSD, erlendis frá. Þetta stundaði hann í félagi með öðrum og munu aðrir aðilar hafa útvegað fé í þessi viðskipti. Alls mun hann hafa farið 5 ferðir utan frá haustinu 1973 - janúar 1974 og hefur hann sjálfur greint frá því, að fjórar hafi verið farnar til fíkniefnakaupa.

Í ágúst 1973 kynntist Sævar Erlu Bolladóttur, segir hann að hún hafði þá átt í tilfinningalegum erfiðleikum og hafi kynni þeirra hafizt sökum vorkunnsemi hans til hennar. Bauð hann henni með sér í eins mánaðar ferð til USA í okt. 1973, en eftir þessa ferð voru samvistir þeirra slitróttar, sökum vanstillingar Erlu, unz þau fóru að búa saman í Hafnarfirði 1. febrúar 1974. Nokkrum dögum síðar var Sævar handtekinn og sat í varðhaldi í 20 daga vegna rannsóknar í fíkniefnamáli. Er hann losnaði úr haldi fluttu þau Erla í annað húsnæði. Erla hafði þá starf hjá Pósti og Síma, en í annan stað kom þeim fé af sölu áfengis, er Sævar stal þá um vorið, en einnig með því að svíkja fé tvívegis út úr Pósti og Síma sumarið 1974. Þetta sumar skiptu þau enn um samastað, en um haustið varð samband þeirra stirt og flutti Erla frá Sævari um

tíma. Er þau tóku saman á ný bjuggu þau hjá móður Sævars í u.p.b. 3 mánuði, eða þar til þau fóru skyndilega og hvort í sínu lagi utan til Kaupmannahafnar í des. 1974. Erla kom síðan heim fremur illa haldin og þunguð, að sögn móður Sævars, í marzþyrjun 1975, en Sævar kom u.p.b. mánuði seinna. Í maí fékk Erla starf á lögfræðiskrifstofu og fluttu þau þá saman í íbúð í Kópavogi.

Þeim Sævari og Erlu fæddist barn í sept. 1975. Sævar lýsir sjálfum sér sem viðkvæmum manni elskum að skepnum og mönnum. Þá segist hann hafa óbeit á ofbeldi. Móðir hans segir hann vera eirðarlaus, með óreglulegar svefnvenjur. Hún vissi ekki til að hann hefði nein sérleg áhugamál og taldi hann aðeins eiga að vinum gömlu skóla-félagana úr Austurbæjarskólanum.

Ég hef oftlega rætt við Sævar um afbrot þau, sem hann er grunaður um aðild að og hefur hann staðfastlega neitað að eiga þar nokkurt hlut að málí. Hann segist geta sannað fjarveru sína kvöld það er Guðmundur Einarsson hvarf og hefur í því sambandi borið við tvennu: annars vegar að hann hafi eytt kvöldinu með vinkonu sinni, Helgu Gisladóttur, og hins vegar að hann hafi farið þetta kvöld austur í Hveragerði að sækja hass er hann átti þar í geymslu.

Varðandi kvöld það er Geirfinnur Einarsson hvarf, segir hann að hann hafi þá verið á heimili Vilhjálms Knúdssen. Sævari hefur verið tíðrætt um framkomu lögreglunnar við sig og segir hana hafa beitt sig þvingunum til þess að skrifa undir játningar.

Um almennt heilsufar Sævars er það að segja, að árin 1971 og 1972 bar nokkuð á kviða og hjartsláttarköstum hjá honum, hann var skoðaður af læknum (Björn Önundarson, Sverrir Bergmann, Guðmundur Oddsson) og voru einkenni hans ekki talin líkamlegs eðlis heldur andlegs og var geðlæknis-meðferð ráðlöögð. Slikri meðferð var hann hins vegar afhuga.

Sálfræðileg athugun var gerð á Sævari af Gylfa Ásmundssyni sálfræðingi þ. 24.5. - 9.7. '76. Gylfi lýsir atferli hans og viðbrögðum við prófunum þannig: "Geðtengsl voru góð á yfirborðinu, en ómögulegt að ná nokkrum dýpri geðtengslum við hann. Hann reynir stöðugt að manipulera undirritaðan, er tungulipur í betra lagi, reynir að komast hjá því að taka sálfræðilegu prófin, beitir ýmist fyrir sig lempanlegum tón eða hótunum um lögfræðilegar aðgerðir. Samvinna við hann er því brösótt og rannsókn seinleg. Hegðun hans og viðbrögð öll eru dæmigerð fyrir psychopatiskan persónuleika með ákaflega flatt tilfinningalíf."

Lögð voru fyrir eftirfarandi próf: Wechsler, alm. greindarpróf; Bender Gestalt, skynhreyfipróf; Rorschack-, MMPI- og 16PF persónuleikapróf. MMPI-prófið var lagt fyrir tvívar þar eð óvist var hvort hann stóð einn að fyrri úrlausninni. Niðurstöður prófanna sýndu, að "ekkert kom þar fram er bent til meiriháttar geðveiki (psychosis) eða vefrænna truflana á greind eða persónuleika. Starfhæf greind er fremur lök (grvt. 84), þótt líkur séu til þess að hann sé greindari að eðlisfari. Einkum er dómgreind hans lítil og íhygli. Við rannsókn á persónuleika koma fram djúpstæðar truflanir, sem lýsa sér í grunnu tilfinningalífi, tillitsleysi við aðra og andfélagslegu atferli. Merki eru um óvissa samsömun, vanmetakennd og óöryggi um karlmennsku sína, sem kann að liggja til grundvallar hegðunarvandkvæðum hans."

Læknisskoðun 30.7. '76 leiddi ekkert óeðlilegt í ljós og almenn blóðrannsókn ásamt sérprófum fyrir lifrar- og nýrnastarfsemi var innan eðlilegra marka. Þá var heilalinrit eðlilegt og Luespróf negativt.

Geðskoðun: Sævar er lágvaxinn, grannur maður með fölan litarhátt. Tengsl við hann voru góð á yfirborðinu, honum líkaði augsýnilega vel að fá tækifæri til þess að tala og hann kom oftast fyrir sem drjúgur og kumpánlegur. Samvinna

313

við hann var fremur örðug, þar eð honum var gjarnt að vaða úr einu í annað á yfirborðslegan hátt og oft í litlu samhengi. Alla jafna virtist hann var um sig jafnvel tortrygginn og kom það einkum fram er hann ræddi sálfræðiprófin er honum sýndist standa stuggur af.

Nokkrum sinnum beygði hann af í viðtali, einkum er rætt var um föður hans og samband hans við Erlu, en hann reif sig jafnskjótt upp og sló brosandi yfir í aðra sálma.

Aldrei varð vart neinna truflana á hugsun eða skynjun.

Hann virtist í meðallagi greindur, áttun hans, einbeiting og minni virtist allt með eðlilegum hætti.

Niðurstaða: Hér er um að ræða 21 árs gamlanmann, sem grunaður er um aðild að hvarfi og e.t.v. morði Guðmundar Einarssonar, en jafnframt aðild að svonefndu Geirfinnsmáli.

Hann er annar fjögurra alsystkina, alinn upp í fjölskyldu með drykkfelldum föður er átti til að beita fjölskyldumeðlimi líkamlegu ofbeldi. Milli foreldra hans var oft ósamkomulag, jafnvel barsmiðar, efnahagur fjölskyldunnar var ótryggur og varð móðirin af þeim sökum að vinna úti frá því Sævar var 6 ára gamall. Það er vel kunnugt að fjölskyldulíf, sem þetta stuðlar ekki að þróun eðlilegs persónuleika. Á það má einnig benda, að tvö systkina hans eru talin hafa afbrigðilegan persónuleika. Ef marka má heimildir, virðist sem þroskamörk hans hafi verið örlítið í seinna lagi og hefur það einnig fylgni með afbrigðilegum persónuþroska. Snemma bar á andfélagslegri hegðun hjá honum svo sem fjarvistum úr skóla og útivist. Leiddi þetta til vistunar í sérskólum. Ekki báru þessar ráðstafanir árangur, þar sem honum tókst ekki að hasla sér völl á almennum vinnumarkaði, en leiddist í þess stað inn á braut afbrota.

Niðurstaða míni af þessari rannsókn er sú, að Sævar sé ekki fáviti né heldur geðveikur (psychotiskur), en að hann sé haldinn geðvillu (personality disorder, antisocial type). Ekkert hefur komið fram er bent gæti til þess, að

geðvillan stafi af vefrænum orsökum. Sævar er því í almennum skilningi sakhæfur. Um sannleiksgildi frásagnar hans er ekkert hægt að fullyrða, en vísað er til þess, að framburður hans varðandi grunuð afbrot er breytilegur.

Framtiðahorfur Sævars m.t.t. geðvillu hans eru óvissar. Árangur geðlæknismeðferðar, þegar reynd hefur verið við slíku ástandi, hefur verið óviss og er ekki mælt með henni hér. Reynsla sýnir þó, að andfélagslegt atferli verður ekki eins áberandi hjá slíkum mönnum, eða hverfur jafnvel með aldri. Slikt mun þó fátítt fyrir þritugsaldur.

Ingvar Kristjánsson

Ingvar Kristjánsson
geðlæknir

Til Sakadóms Reykjavíkur

Rannsóknarnefndin Reykjavík.

Rvk. 22. okt. 1976.

Kl. 16:55, er mættur til skýrslutöku, að eigin ósk, í fangelsinu við Síðumúla, gæzlufanginn Kristján Viðar Viðarsson, f. 21.4.1955.

Gætt er ákvæða l. mgr. 40 gr. laga um meðferð opinberra mála og áminntur um sannsögli skýrir hann svo frá:

Ég við breyta skýrslu minni frá 16. okt. s.l. og ég fer þess jafnframt á leit, að hún verða eyðilögð. Það er ekki vegna þess, að skýrslan sé röng í aðalatriðum, heldur finnst mér hún ónákvæm.

Mér hefur verið sýndur síður, græn-brúnn, tvíhnepptur taufrakki, með grænu fóðri og belti. Ég þekki þennan frakka, sem er eign míni og var ég í honum, að Hamarsbraut 11, heimili Sævars Ciesielski, þegar Guðmundur Einarsson hlaut bana. Ég hefi áður skýrt frá því, að Guðmundur hafi slitið tölu af frakkanum, þegar hann féll, eftir hnífssstunguna, en við nánari rannsókn í tæknideild, hefur komið í ljós, að enginn hnappur hefur verið slitinn af frakkanum. Við þessa tæknirannsókn hefur komið í ljós, að fjórða hnappur að ofan, vinstra megin, hefur losnað, án þess að detta af, og verið festur aftur með annarskonar tvinna, en allir hinir hnapparnir eru festir af framleiðanda frakkans.

Mér fannst því augljóst, að hnappurinn sem slitnaði af, muni hafa verið af leðurjakka, sem ég var í innanundir frakkanum. Þegar ég hugsa nú um þetta, man ég, að ég var í frakkanum inni að Hamarsbraut 11, þetta kvöld, enda var ég nýlega kominn inn í íbúðina og hefi ég oft þann hátt á, að fara ekki úr yfirhöfn, þótt ég komi inn hjá öðrum, ef ég ætla ekki að dveljast lengi. Ég man, að ég var í dökk-brúnum leðurjakka innanundir ~~fræ~~ frakkanum, en frakkinn var frá-hnepptur.

Við nánari umhugsun, finn ég að mig hefur misminnt, varandi frakkahnappinn og ég man það greinilega núna, að efri hnappinn, af tveimur, vantaði á leðurjakkann eftir þennan atburð. Þessi hnappur var aldrei saumaður á leðurjakkann aftur, svo ég vissi til, en ég lánaði Hreini Vilhjálmsyni jakkann í byrjun febrúar 1974. Ég veit, að Hreinn skipti síðar á þessum jakka, við Kjartan Benediktsson, á rauðum flauelisjakka og vissi ég síðast af jakkanum í fórum Kjartans.

Ég fullyrði, að frásögn míni, um hnappinn og hvernig Tryggvi Rúnar Leifsson afhenti mér hann aftur, er sönn, en ég vil hér með leiðréttu misminni mitt, varðandi af hvaða flík hnappurinn slitnaði.

Um þetta atriði er ég nú fullviss, enda minnist ég þess, að þessi

hnappur var lengi laus í vasanum á leðurjakkanum, eftir þetta.
■ Skýrslutöku lauk kl.17:36.

Upplesið, staðfest,

Vottur:

Ivar Hannesson
Ivar Hannesson

Kristján Viðar Viðarsson
Kristján Viðar Viðarsson.

Haraldur Árnason
Haraldur Árnason
ranns.löggreglum.

LJÓSMYRKI, tóknar 26. júní og 19. juli 1978
vertrumur mið Þingarebraut 11, Reykjavík, þar sem
þá voru fengnar tilgreindar síður.

Nr. 57
Lagt fram í sakadómi
Reykjavíkur *21. 6. 76*

Nr. 1-20.

317

RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK

TÆKNIDEILD

LJÓSMYNDIR, teknar 28. júní og 19. júlí 1976 af
vettvangi að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, þar sem
Sævar Marinó Ciesielski bjó.

REYKJAVÍK 27. júlí 1976.

Jónas Þór Jónasson

318



Kjallaraínngangur. Þvottahúsgluggi. Geymslugluggi. Sorptunnur.

Hamarsbraut 11. S. Vestur horn.

320

319

2



Nærmynd af sama og nr. 1.

320



Hamarsbraut 11. S. Austur hlið. Gluggar á herbergjum A og B.

321

4



Úr forstofu. Útidyrahurð. Stigi upp á næstu hæð.

322



W. C.

Þvottahús og geymsla.

Horft úr herbergi B, fram ganginn.

323

6



Stigi upp. W.C. Þvottahús og geymsla.

Úr forstofu séð inn í herbergi B.

324




Séð úr forstofu inn í þvottahúsið og geymslu þar inn af.



Séð úr geymslu, horft í gegn um þvottahúsið og séð fram í
forstofu.

326




Úr geymslunni sem var full af munum.

327


328

10



Ur geymslunni.

328




Séð inn í W. C. úr forstofu.

329

330

12



Að forstofu.

Herbergi - B - .

Skápar eru nýsmíði.

33330



Úr herbergi - B - , nærmynd úr dyrahorni.

331

14



Ur herbergi - B - , horn við glugga.



Far eftir skáp sem barna var.

Úr herbergi - B - , séð inn í herbergi A.

333

16




Úr herbergi - B - , gluggahorn, sést inn í herbergi A.

17

335

334


335




Séð inn í herbergi - A - .

335

18




Reykáfur. Úr herbergi - A - , séð fram í herbergi B.




Úr herbergi - B - , þarna er talið að Guðmundur Einarsson hafi legið eftir átök sem þarna urðu. Staðsett nánar á teikningu sem fylgir.

337

20




Úr herbergi - A - , á þessu svæði er talið að blóðblettir
hafi verið í teppinu, eftir átök sem þarna urðu.



Innan punktalinu i herb. "B"
er talid. að Guðm. Einarsson
hafi legið. eftir atök er þar urðu. súð blöðblæsi (Ljósm. 20)
(Ljósm. 19)

Innan punktalinu i herb. "A"
taldi Erla Þólladóttir sig hafa

GRUNNTEIKNING AF KIALLARA EÐÐ. AÐ SAMMÁLI
ERU Í TAFNAHARFUGL, EINS OG HÖX, SÍÐ. 53.
HÖSSGUGU ERU SETT INN Á TEIR VÍGUNAR
MIÐMI FÝRIRSOGN ERU Í BOLLAÐUR.



SKÝRINGAR:
 A bord B stóll
 C ísskápur D skápur
 E sjónvarp F rúm G sími
 H plötuspilari I kommóða J þvottavél
 K tauburrrkari L ketill M hillur

GRUNNTEIKNING AF KJALLARAÍBÚÐ AD HAMARS-BRAUT 11 HAFNARFIRÐI, EINS OG HÚN VAR 26.1.1974.

HÚSGÖGN ERU SETT INN Á TEIKNINGUNA, SAM KVÆMT FYRIRSÖGN ERLU BOLLADÓTTUR.